**HAUKUR VALGEIR MAGNÚSSON**

*Eldar fyrir Jamie Oliver*

Matur Tilboð

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**ERPUR EYVINDARSON**

*Frá Rottweiler til chihuahua*

Gekk tíkinni Míu í föðurstað

**FÓLK 54**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. október 2006 — 267. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR



**Landsins stærsta leiksýning**

Sigrún Sól Ólafsdóttir leikstýrir karnivalsýningunni Þjóðarsálin sem frumsýnd verður í reiðhöll Gusts á sunnudag.

**MENNING 36**

**Kjarninn í sköpunarverkinu alltaf sá sami**

Rússneski leikstjórinn Aleksandr Sokurov gerir ekki mikinn mun á leiknum myndum og heimildarmyndum. Aðalmálið er að standa undir kröfum listarinnar.

**MENNING 39**

**Fyrsta barnið í 23 ár**



Fjölmiðlamaðurinn góðkunni Kristján Þorvaldsson verður bráðum stoltur faðir á ný eftir 23 ára hlé ef svo má að orði komast.

**FÓLK 54**

**Logi til Finnlands**



Logi Gunnarsson hefur samið við finnska úrvalsdeildarliðið ToPo til loka vorsins. Liðið er eitt það sterkasta í Finnlandi.

**ÍÞRÓTTIR 50**

## VEÐRIÐ Í DAG




**NOKKUÐ BJART** - Í dag verður norðaustan 5-13 m/s, hvassast austan til. Rigning eða skúrir norðan- og austanlands en bjart veður sunnan og vestan til. Hiti 3-11 stig að deginum, mildast syðst. Næturfrost.

**VEÐUR 4**

# ÖBÍ fer í mál við fjórtán lífeyrissjóði

**Öryrkjabandalag Íslands hefur ákveðið að höfða mál á hendur fjórtán lífeyrissjóðum. Engar lagalegar stoðir fyrir skerðingu og niðurfellingu örorkulífeyrisgreiðslna, segir Sigursteinn Másson. Undirbúningur málsins er hafinn.**

**VELFERÐARMÁL** Öryrkjabandalag Íslands hefur ákveðið að höfða mál á hendur fjórtán lífeyrissjóðum vegna ákvörðunar sjóðanna um að fella niður eða skerða örorkulífeyrisgreiðslur til 2.300 öryrkja. Þetta staðfesti Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, en Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður vinnur að undirbúningi málsins ásamt ÖBÍ.

Sigursteinn segir samþykktir Lífeyrissjóðanna til þess fallnar að skerða réttindi öryrkja. „Við teljum samþykktir lífeyrissjóðanna ekki eiga sér lagalegar stoðir. Í greinargerðum sjóðanna til fjármálaráðuneytisins er tekið fram að um óverulegar breytingar sé að ræða á kjörum öryrkja, en í þessu tilfelli er alveg ljóst að um meiri háttar tekjuskerðingu er að ræða fyrir á þriðja þúsund öryrkja, eða rúmlega sex hundruð milljónir króna á ársgrundvelli. Við gáfum lífeyrissjóðunum svigrúm til þess að leiðrétta þessa ólögmætu skerðingu en það var ekki gert. Niðurstaða í þessu máli verður fengin fyrir dómstólum, og hvergi annars staðar.“

Seint í júlí sendu lífeyrissjóðirnir bréf til öryrkja og var skerðing á örorkulífeyrisgreiðslum í þeim boðuð. Tengdist skerðingin útreiknuðum tekjum á árinu 2005, miðað við neysluvísitölu, samanborið við laun sem fólkið hafði áður en það varð öryrkjar. Samkvæmt lífeyrissjóðunum hafði fólkið sem um ræddi fengið greitt umfram viðmiðunarmörk lífeyrissjóða.

ÖBÍ hefur þegar sent fjármálaráðuneytinu tíu stjórnsýslukærur fyrir hönd félagsmanna sinna vegna umræddra lækkana á greiðslum.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir lífeyrissjóðina þurfa að sætta sig við ákvörðun ÖBÍ. „Við þurfum að sætta okkur við að taka þennan slag, fyrst ÖBÍ telur ástæðu til þess að fara í mál.“ **- mh**




**MELASKÓLI 60 ÁRA** Nemendur, starfsfólk og foreldrar fögnuðu afmæli Melaskóla í gær. Margt var til skemmtunar á afmælishátíðinni, meðal annars söngur og tískusýning. Nemendur Melaskóla eru á sjötta hundrað en voru tæplega 1.500 þegar mest var veturinn 1955-1956.




**NYHEDSAVISEN Í DAG** Forsíða fyrsta tölublaðsins af Nyhedsavisen.

Nyhedsavisen í Danmörku:

## Dreift í hálfri milljón eintaka

**DANMÖRK** Nyhedsavisen kom út í fyrsta sinn í morgun. Blaðinu var dreift inn á hátt í hálfa milljón heimila í Kaupmannahöfn, Árósum og Óðinsvéum að íslenskri fyrirmynd. Á öðrum stöðum verður hægt að nálgast blaðið í verslunum og á bensínstöðvum svipað og hér á landi.

„Við munum bæta við tíu til fimmtán þúsund heimilum á viku og stefnum að því að dreifa á 550 þúsund heimili fyrir jól,“ segir Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar Media. **- ghs/****sjá síðu 18**

Reglur rýmkaðar í flugi:

## Leyfi gefið fyrir einum desilítra

**LÚXEMBURG, AP** Evrópusambandið samþykkti í gær nýjar reglur um handfarangur í flugvélum. Mega farþegar nú hafa með sér samtals einn desilítra af vökva í snyrtivörum sínum og bera verður slíkan vökva í gegnsæjum plastpokum sem hægt er að loka.

Nú deila flugfélög 34 atriðum um farþega sína með yfirvöldum í Bandaríkjunum, meðal annars nöfnum, heimilisföngum og greiðslukortaupplýsingum. Vilja yfirvöld vestra geta sýnt þau lögreglu og fleirum. **- smk**

**> SIRKUS**

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG





Byggðaþróun á Norðurlandi eystra:

# Tekjur og íbúðaverð lágt

Meðalmánaðartekjur á Norðurlandi eystra eru með því lægsta sem þekkist á landinu. Aðeins í einum öðrum landshluta eru meðaltekjurnar lægri, nágrannasveitarfélögum Norðurlandi vestra.

Tekjur á Norðurlandi eystra eru 272 þúsund krónur að meðaltali á mánuði. Meðaltekjur á landinu öllu eru 327 þúsund og eru tekjur á Norðurlandi eystra því tæpum fimmtungi undir landsmeðaltali.

Í einungis einu sveitarfélagi í landshlutanum voru tekjur yfir landsmeðaltali, í Grímseyjarhreppi, þar sem þær voru 425 þúsund á mánuði. Lægstu tekjurnar voru í Tjörneshreppi, 166 þúsund, sem er jafnframt helmingur af landsmeðaltali.

Þetta kemur fram í sjöundu grein af átta greinum Fréttablaðsins um byggðaþróun sem birtist í blaðinu í dag.

Þar má einnig lesa að fermetraverð íbúðarhúsnæðis er sömuleiðis langt undir landsmeðaltali í landshlutanum og allt niður í 36 þúsund krónur þar sem það er lægst. **- sda/****sjá síðu 20**

**BYGGÐAÞRÓUN**

**MEÐALTEKJUR Á NORÐURLANDI EYSTRA 2005**







**Endurgreiðsla vegna rannsókna- og þróunarstarfs**

*- Ávinningur fyrir alla -*

**Morgunverðarfundur á Grand Hótel þriðjudaginn 10. október frá 8:30 til 10:00**

Tekið er við skráningu á fundinn í síma 591 0100 eða á skraning@si.is. Sjá nánar á www.si.is

SI Samtök iðnaðarins

## SPURNING DAGSINS



*Hróbjartur, hvað er tölvupósturinn að gera í Brussel?*

Ég veit ekki hvað hann er að gera í Brussel. Ég hef ekki ekki sagt neinum að hann sé þar.

Forsíðufyrirsögn Blaðsins í gær var „Póstarnir eru í Brussel“, og var þá átt við að máli Jónínu Benediktsdóttur vegna birtingar Fréttablaðsins á tölvupósti hennar hefði verið skotið til Mannréttindadómstóls Evrópu, en hann er staðsettur í Strassborg. Hróbjartur Jónatansson er lögmaður Jónínu.

Ríkisútvarpið verður hlutafélag í eigu ríkisins samkvæmt nýju frumvarpi:

# Útvarpsskatturinn 14.580 á ári

**STJÓRNMÁL** Þeir sem eru skattskyldir – fólk og fyrirtæki – þurfa að greiða 14.580 krónur í skatt til Ríkisútvarpsins ohf. á ári hverju. Þetta kemur fram í frumvarpi menntamálaráðherra um breytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag í eigu ríkisins, sem lagt var fram á Alþingi í gær. Skatturinn verður lagður á eftir 1. janúar 2009 en fram að því verða afnotagjöldin áfram innheimt.

Afnotagjöldin nema nú rúmum 35 þúsund krónum á ári. Séu tveir skattskyldir í heimili þarf fjölskyldan að greiða tæpar þrjátíu þúsund krónur til Ríkisútvarpsins á ári. Séu fjórir skattskyldir nemur fjárhæðin tæpum sextíu þúsund krónum á fjölskylduna.

Frumvarpið er í meginatriðum samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi.

Ríkisútvarpinu ohf. verður heimilt að standa að annarri starfsemi sem tengist starfsemi þess en óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.

Menntamálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Ríkisútvarpinu ohf. Stjórn þess verður kjörin á Alþingi og ræður hún útvarpsstjóra sem ræður aðra starfsmenn. Hlutverk stjórnar verður hliðstætt hlutverki stjórna hlutafélaga. **- bþs**



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** menntamálaráðherra hefur lagt fram frumvarp um breytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag.

Lággjaldaflugfélagið Ryanair:

## Engar áætlanir um Íslandsflug

**SAMGÖNGUR** Greint hefur verið frá því í fjölmiðlum að eitt stærsta flugfélag heims, Ryanair, hafi ákveðið að hefja áætlunarflug til Íslands næsta sumar og er þetta haft eftir fréttabréfi Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

Blaðafulltrúi Ryanair á aðalskrifstofu félagsins á Írlandi segir ekkert hæft í þessum sögusögnum. Félagið hafi enga ákvörðun tekið um þetta. „Keflavík er meðal margra tuga annarra flugvalla í Evrópu sem Ryanair flýgur ekki til og það er í sífelldri endurskoðun hvort til þeirra skuli flogið eða ekki,“ sagði blaðafulltrúinn í viðtali við Fréttablaðið í gær. **- kóþ**

Ákvörðun Kjararáðs:

## Hækka laun þingmanna og ráðherra

**VINNUMARKAÐUR** **Kjararáð hefur ákveðið að hækka laun ráðherra, þingmanna og helstu embættismanna þjóðarinnar um þrjú prósent til viðbótar þeim 2,5 prósentum sem þessir hópar fengu um síðustu áramót. Ákvörðunin gildir frá og með 1. júlí. „Þetta er rökrétt niðurstaða,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ. „Kjararáð horfir þarna til þess sem gerðist í sumar þegar Forsendunefndin komst að þeirri niðurstöðu að enginn launamaður skyldi fá minna en 5,5 prósenta launahækkun á tólf mánaða tímabili og sérstakur taxtaviðauki var þar sem laun voru sérstaklega lægst launuðu.“** **- ghs**

# Kjötvörur stærstar í matarútgjöldunum

**Stærsti hlutinn af útgjöldum heimilanna fer í húsnæði og næststærsti hlutinn í ferðakostnað. Matarkostnaðurinn er þriðji stærsti útgjaldaliður heimilanna. Af matnum taka kjötvörur mest, rúman fimmtung af matarútgjöldunum.**

**MATARVERÐ** Húsnæðiskostnaðurinn er stærsti útgjaldaliður heimilanna og hefur vaxið verulega síðustu árin, ef marka má tölur Hagstofunnar sem sýna meðalútgjöld heimilis á ári 2002 og 2006. Matarkostnaðurinn var stærri útgjaldaliður en ferðaútgjöld fjölskyldunnar árið 2002 en nú er bíla- og ferðakostnaður orðinn stærri liður.

Stærstu útgjaldaliðir fjölskyldunnar skiptast í fernt. Húsnæðið stendur fyrir tæplega 27 prósentum og hefur sá liður vaxið hlutfallslega síðustu árin, innkaup á mat og drykkjarvörum eru tæplega fjórtán prósentum og hafa minnkað lítillega, ferðakostnaður hefur hinsvegar aukist stórum skrefum á þessum fjórum árum og nemur tæpum átján prósentum en útgjöld vegna tómstunda hafa minnkað hlutfallslega og nema nú ellefu prósentum.

Matarútgjöldin nema áttatíu og níu prósentum af meðal matarútgjöldum heimilanna. Hlutfallslega fer mest af útgjöldunum í kjöt eða tæp tuttugu og tvö prósent. Mjólk og mjólkurvörur taka líka stóran hlut eða tæp átján prósent. Drykkjarvörurnar eru ellefu prósent en fiskurinn innan við fimm prósent. Tæp tíu prósent af matarútgjöldum fjölskyldunnar fara í sykur, súkkulaði og sælgæti.

Henný Hinz, verkefnisstjóri hjá ASÍ, segir tölurnar ekki gefa neinar upplýsingar um kostnaðinn, aðeins um skiptingu útgjalda. „Ef við tökum matinn sem dæmi þá segja þessar tölur að matarkostnaðurinn hafi hlutfallslega minnkað vegna þess að húsnæðiskostnaðurinn hefur aukist en þetta þarf ekki að þýða að maturinn sé orðinn ódýrari. Það fer bara meira af kökunni til húsnæðis.“

Henný segir mikilvægt að hafa í huga að tölurnar endurspegli meðalneyslu. „Það segir sig sjálft að fólk með lágar tekjur eyðir hlutfallslega meira í mat en fólk með háar tekjur. Þessar meðaltölur segja því ekkert um skiptinguna hjá mismunandi hópum. Þær endurspegla bara neyslu allra heimila,“ segir hún og telur að lægra matvöruverð komi öllum vel þó að það komi best þeim sem lægstu tekjurnar hafi.

Henný kemur ekki á óvart að ferðakostnaðurinn hafi hækkað. Landsmenn hafi keypt dýrari bíla og kostnaður vaxið í samræmi við það. „Bílafloti landsmanna hefur verið að stækka þannig að það hefur áhrif,“ segir hún.

ghs@frettabladid.is









**LÍKFYLGDIN** Fjölmenni var við útför Amish-stúlknanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barnamorðin í Pennsylvaníu:

## Telpurnar bornar til grafar

**BANDARÍKIN, AP** Fjórar af Amish-telpunum fimm sem myrtar voru fyrr í vikunni í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum voru jarðsettar í gær. Útför þeirrar fimmtu verður haldin í dag.

Tvær telpnanna sem létust voru sjö ára, en hinar átta, tólf og þrettán ára. Tvær þeirra voru systur. Fimm telpur liggja enn á sjúkrahúsi eftir árás byssumannsins inn í skóla trúarsafnaðarins, misalvarlega slasaðar.

Talsmaður Amish-fólksins hefur beðið umheiminn um að fyrirgefa byssumanninum, sem ekki var af þeirra trú, og um að biðja fyrir eftirlifandi eiginkonu hans og þremur ungum börnum. **- smk**

Nýr liðsmaður á Fréttablaðinu:

## Páll Baldvin fulltrúi ritstjóra

**FRÉTTABLAÐIÐ** Páll Baldvin Baldvinsson hefur verið ráðinn fulltrúi ritstjóra á Fréttablaðinu.



**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON** Fulltrúi ritstjóra á Fréttablaðinu.

Páll Baldvin hefur verið ritstjóri DV síðan í janúar á þessu ári og var áður menningarritstjóri á sama blaði. Áður var Páll listrænn ráðunautur hjá Leikfélagi Reykjavíkur og dagskrárstjóri Stöðvar tvö.

Meginverksvið Páls verður umfjöllun um menningarmál. Páll Baldvin tekur til starfa á Fréttablaðinu í dag og býður ritstjórn blaðsins hann velkominn til starfa. **- st**

Mál ÖBÍ og íslenska ríkisins:

## Málið tekið til aðalmeðferðar

**DÓMSMÁL** **Mál Öryrkjabandalags Íslands gegn fjársýslum íslenska ríkisins verður tekið til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.**

**Málshöfðun ÖBÍ byggir á samkomulagi frá 2003 milli ÖBÍ og ríkisins, þess efnis að frá og með 1. janúar 2004 skyldi grunnörorkulífeyrir, þeirra sem samkvæmt lögum um almannatryggingar hafa verið metnir 75 prósent öryrkjar eða meira, hækka þannig að grunnlífeyrir skyldi tvöfaldast.**

**Aðalkröfu ÖBÍ var vísað frá en málið tekið til dóms á forsendum varakröfu félagsins.** **- mh**




Stjórnarskiptin í Svíþjóð innsigluð með atkvæðagreiðslu á þingi:

# Reinfeldt formlega tekinn við

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænska Ríkisþingið staðfesti í gær kjör Fredriks Reinfeldt, leiðtoga Hægriflokksins, í embætti forsætisráðherra. Þar með voru stjórnarskiptin innsigluð eftir tólf ára óslitna valdatíð jafnaðarmanna.

Hinn 41 árs gamli Reinfeldt sagði að það væri skrítin tilfinning að taka við valdataumunum. Hann er yngsti forsætisráðherrann í sænskri stjórnmálasögu síðan árið 1926.

Göran Persson, sem sat í tíu ár í forsætisráðherrastólnum, óskaði arftakanum til hamingju með stuttu handabandi eftir að atkvæðagreiðslan fór fram. 175 þingmenn borgaralegu flokkanna fjögurra greiddu Reinfeldt atkvæði sitt en 169 þingmenn jafnaðarmanna, græningja og vinstrisósíalista voru á móti. Fimm þingmenn voru fjarverandi.

Reinfeldt mun kynna ráðherralista hinnar nýju ríkisstjórnar Svíþjóðar í dag og halda fyrstu stefnuræðu sína. **- aa**



**TEKINN VIÐ** Fredrik Reinfeldt talar í þinginu í Stokkhólmi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



> **Saman náum við árangri** – um allan heim

Hjá Samskipum fara saman kraftur og sóknarhugur nýrrar kynslóðar og ómetanleg áratuga reynsla. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum áreiðanlegar heildarlausnir á sviði flutninga um allan heim og höfum byggt upp samhentan hóp og traust flutningakerfi sem tryggja skjóta og örugga þjónustu jafnt innanlands sem utan.

ENNEMM / SÍA / NM23707

**Skrifstofur Samskipa:** Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Danmörk, England, Eistland, Færeyjar, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kína, Lettland, Litháen, Noregur, Rússland, Skotland, Spánn, Suður-Kórea, Svíþjóð, Úkraína, Víetnam, Þýskaland. **Umboðsmenn:** Finnland, Portúgal.

SAMSKIP
SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI

**GENGIÐ 05.10.2006**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,99 | 68,31 |
| Sterlingspund | 128,16 | 128,78 |
| Evra | 86,38 | 86,86 |
| Dönsk króna | 11,583 | 11,651 |
| Norsk króna | 10,316 | 10,376 |
| Sænsk króna | 9,279 | 9,333 |
| Japanskt jen | 0,5777 | 0,5811 |
| SDR | 100,55 | 101,15 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,246

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nýtt lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu:

# Öryggi borgaranna aukið

**LÖGGÆSLA** Markmið nýs lögregluembættis á höfuðborgarsvæðinu er að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa og starfa á höfuðborgarsvæðinu. Þetta sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra í gær við kynningu áhersluatriða nýs lögregluembættis á höfuðborgarsvæðinu.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, var skipaður í sumar og síðan þá hefur verið unnið að stofnun þessa nýja embættis og staðfesti dómsmálaráðherra skipurit þess í dag til bráðabirgða.

Þeir þættir sem taldir eru skipta mestu máli ef auka á öryggistilfinningu íbúa höfuðborgarsvæðisins eru aukin sýnileg löggæsla, efling hverfalöggæslu í samvinnu við sveitarfélög, stofnanir og einstaklinga, skilvirkari rannsóknir á sakamálum, skilvirk upplýsingamiðlun innan embættisins og til almennings og að nýta fjármuni betur.

Gert er ráð fyrir því að starfsemi embættisins skiptist í tvö meginsvið, annars vegar löggæslusvið og hins vegar stjórnsýslu- og þjónustusvið. Aðstoðarlögreglustjórar fara með yfirstjórn þessara tveggja sviða. Unnið verður að frekari tilflutningi stjórnenda- og starfsmanna til hins nýja embættis. - kdk



**Á FUNDINUM** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Stefán Eiríksson lögreglustjóri kynntu áherslur nýs lögregluembættis á höfuðborgarsvæðinu, skipulag og yfirstjórn.

Bílaviðskipti fóru illa:

## Hótuðu manni með kúbeini

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn brutu sér leið inn í íbúðarhús í vesturbæ Kópavogs í gærmorgun og veittust að húsráðanda með kúbeini. Hann náði að verjast árásarmönnunum en þeir náðu þó að hafa með sér á brott sjónvarpstæki húsráðanda. Tilefni árásarinnar er að sögn lögreglu talið vera bílaviðskipti sem fóru illa.

Ekki var búið að handtaka mennina síðast þegar af fréttist en lögreglan telur sig vita hverjir voru þarna að verki. Hún hvetur mennina til að gefa sig fram sem fyrst. - þsj

Bílvelta í mikilli hálku:

## Slapp ómeiddur úr bílveltu

**LÖGREGLUMÁL Ökumaður slapp lítið meiddur eftir að bifreið hans valt á Landvegi, skammt frá afleggjaranum að Laugalandsskóla um sjö leytið í gærmorgun.**

**Að sögn lögreglu var mikil hálka á veginum og virðist sem ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki áttað sig nægilega fljótt á aðstæðum.**

**Bifreiðin rann til á veginum og valt eina veltu. Ökumaðurinn óskaði sjálfur eftir hjálp og gat komið sér út úr bifreiðinni. Að sögn lögreglu bjargaði bílbelti ökumannsins því að ekki fór verr. Bifreiðin er mikið skemmd eða jafnvel ónýt.** - mh

Tryggingastofnun ríkisins:

## Verða að eiga bankareikning

**ALMANNATRYGGINGAR** Bótaþegar Tryggingastofnunar ríkisins geta einungis skipt ávísun frá stofnuninni með því að leggja andvirðið inn á eigin bankareikning. Þetta er gert til að tryggja öryggi í bankaviðskiptum blaðafulltrúa KB-banka.

Gjaldkeri hjá Tryggingastofnun kannaðist hins vegar ekki við að viðskiptavinir þyrftu að stofna bankareikning til að skipta ávísun og sagði það „ekki í samræmi við almenna þekkingu“ að halda slíku fram. Samkvæmt lögum um strikaða tékka, má banki einungis kaupa strikaða tékka af viðskiptamanni sínum, eða öðrum banka- kóþ

**FRÍSTUNDAHEIMILI**

### 200 börn bíða

Alls bíða 200 börn eftir að komast að á frístundaheimilum í Reykjavík. 2.190 börn hafa fengið vist. Enn vantar 30 starfsmenn til starfa.

# Tilteknar aðgerðir horfnar af spítölum

**Sérstök verkefni innan heilbrigðiskerfisins hafa að undanförnu færst til einkafélaga. Varhugavert að halda ekki þekkingu innan spítalanna, segir Jóhannes M. Gunnarsson. Forðumst einkavæðingu, segir Steingrímur J. Sigfússon.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Jóhannes M. Gunnarsson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, segir það varhugaverða þróun að tilteknar aðgerðir skuli ekki lengur vera framkvæmdar innan veggja spítalanna. Ýmsar sértækar aðgerðir, hnéuppskurðir og aðgerðir á öxlum, séu nær eingöngu framkvæmdar á einkastofum.

„Það er ekki heppilegt að ákveðin þjónusta hverfi algjörlega út af spítölunum, eins og hefur gerst. Spítalinn er háskólastofnun sem gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki við að samtvinna þjálfun starfsfólks og heilbrigðisþjónustu. Að því leytinu er það óeðlilegt að spítalinn hafi ekki aðstöðu til þess að byggja upp þekkingu við vissar aðgerðir sem aðeins er farið að bjóða á utan spítala. Í því samhengi get ég nefnt sérstaklega krossbandaaðgerðir á hné, sem fara nær eingöngu fram utan spítalans.“

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra lýsti því yfir í Fréttablaðinu í gær að hún væri alfarið á móti einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu en frumvarp sem felur í sér styrkingu heimilda til að semja við einkafélaga að heilbrigðisþjónustu verður lagt fram á Alþingi á næstunni.

Ríkið hefur á undanförnum árum gert þjónustusamninga við einkafélög, sem taka að sér ákveðna þjónustu en hún er að stærstum hluta greidd af ríkinu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, telur einkavætt heilbrigðiskerfi leiða ótvírætt til ójafnaðar. „Ég tel það algjört grundvallaratriði að tryggja að allir njóti jafns aðgangs að heilbrigðisþjónustu, án tillits til efnahags og stöðu í samfélaginu. Ég er því ekki fylgjandi einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Einkavæðingin felur það í sér að einstaklingar greiði í auknum mæli með beinum hætti fyrir þjónustu sem boðið er upp á. Þetta er því ekki einungis spurningin um rekstur, heldur ekki síst um aðgang að þjónustunni og greiðslufyrirkomulag. Einkafélög geta hins vegar komið að ákveðnum rekstrarþáttum í heilbrigðiskerfinu.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, segir Sjálfstæðisflokkinn gæla við einkavæðingu í heilbrigðisþjónustunni. Hann hafnar slíkum hugmyndum algjörlega og bendir á heilbrigðiskerfið í Bandaríkjunum sem víti til varnaðar. „Það er alveg ljóst að hugur Sjálfstæðisflokksins stefnir í átt til frekari einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu. Við erum talsmenn algjörlega gagnstæðs sjónarmiðs. Reynslan af einkavæddu heilbrigðiskerfi er herfileg. Hvergi í heiminum er heilbrigðisþjónusta óskilvirkari og dýrari en í Bandaríkjunum, þar sem hún er að mestu einkarekin. Það er nauðsynlegt að forðast það eftir fremsta megni að fara með heilbrigðiskerfi í bandaríska átt, því það er langsamlega dýrasta og versta heilbrigðiskerfi í heiminum.“

magnush@frettabladid.is



**LANDSPÍTALINN VIÐ HRINGBRAUT** Sértækar aðgerðir hafa í auknum mæli færst til einkasjúkrahúsa á undanförnum árum. Nær engar krossbandaaðgerðir á hné fara lengur fram á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Vill forðast einkavætt heilbrigðiskerfi eins og heitan eldinn.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Telur einkavæðingu ekki rétta leið innan heilbrigðisþjónustunnar.



**FLUGMENNIRNIR** Joseph Lepore og Jan Palladino rákust á brasilíska farþegavél með þeim afleiðingum að 155 manns fórust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir bandarískir flugmenn:

## Rákust á flugvél og 155 fórust

**BRASILÍA, AP** Tveir bandarískir flugmenn flugu einkaþotu sinni á brasilíska farþegaflugvél í síðustu viku, með þeim afleiðingum að síðarnefnda vélin hrapaði ofan í Amazonfrumskóginn. Allir 155 farþegarnir um borð fórust.

Flugmennirnir neita ásökunum brasilískra flugmálayfirvalda um að hafa slökkt á radarvara vélar sinnar fyrir slysið, en sá sýnir öðrum flugmönnum staðsetningu vélarinnar. Flugmennirnir eru í farbanni, en hafa ekki verið handteknir. - smk

**NOREGUR**

### Vítsenglar í Tromsö

Mótorhjólagengið Hells Angels, eða Vítisenglar, hefur opnað útibú í Tromsö í Noregi. Þar með er gengið orðið stærsta mótorhjólagengi Noregs, með sex útibú, en önnur mótorhjólagengi stækka þar nú líka óðum.

**STÉTTARFÉLÖG**

### Nýr framkvæmdastjóri

Helga Jónsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri BSRB. Hún tekur við af Svanhildi Halldórsdóttur sem lét af störfum í haust eftir áratuga starf. Helga hefur starfað í fjármálaráðuneytinu frá árinu 1999 og er með meistarapróf í hagfræði.


BÍLL DAGSINS
NISSAN PRIMASTAR 1.9D
Nýskr. 06.05 - Beinskiptur - Ekinn 55 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

KÓLNANDI VEÐUR

Nú eru það ekki aðeins næturfrost sem sjást í kortunum heldur líka frost að deginum. Hann er að kólna og nær sá kuldi hámarki á morgun. Það má búast við að frost verði inn til landsins á norðaustan- og austanverðu landinu en síður út til stranda. Frostlaust verður að deginum syðra og vestan til á landinu. Vindur fer vaxandi eftir því sem líður á helgina sem þýðir að það verður býsna napurt.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Nokkuð stíf norðaustanátt. Fremur bjart. Hiti 4-7 stig að deginum.

um hádegi »



» á morgun



5-13 m/s, hvassast með suðurströndinni og á Vestfjörðum.

» sunnudagur



Allhvöss norðaustan- eða austanátt.

um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C | skúrir | London | 18°C skúrir | | Alicante | 26°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 10°C | hálfskýjað | París | 19°C skúrir | | Mallorca | 22°C heiðskírt |
| Osló | 9°C | skúrir | Frankfurt | 16°C skúrir | | Algarve | 25°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C | skúrir | Friedrichshafen | 14°C skúrir | | Krít | 27°C heiðskírt |
| Gautaborg | 16°C | rigning | Berlín | 15°C skúrir | | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# MARINERAÐUR SVÍNABÓGUR

## AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

- 2 kg svínabógur
- 6 stk. skalottlaukar
- 1 stk. hvítlauksgeiri
- 1 búnt basilíka
- 4 dl hvítvín
- 3 1/2 dl tómatsafi
- salt og pipar

Hitið bakaraofninn í 150°C. Afhýðið skalottlauka og hvítlauk og saxið smátt ásamt basilíku. Leggið svínabóginn í eldfast fat. Setjið skalottlauk, hvítlauk, hvitvín, tómatsafa og basilíku í fatið með bóginum og eldið í 4 klst. Hækkið hitann í 220°C og steikið í eina klst. til viðbótar. Fylgjast þarf með hvort vökva vanti í fatið síðasta klukkutímann. Kryddið með salti og pipar. Kjötið er tilbúið þegar það losnar auðveldlega frá beininu.










## Vinsælu þurrsteiktu grænmetisbuffin. Hefur þú smakkað?







**Fyrirtaks pizzur**
- eldbakaðar




**Jóa Fel sósur**
- á salatið, sem brauðdýfa og á laxinn




**Cocoa Puffs**
- þetta gamla góða komið í allar hillur

Gildir til 8. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú smyglað ólöglegum varningi til landsins?*

| | |
|---|---|
| Já | 34,7% |
| Nei | 65,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu farin(n) að telja dagana til jóla?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Stjórnarandstaðan vill ganga lengra en ríkisstjórnin við að bæta kjör lífeyrisþega:

# Frítekjur verði 900 þúsund á ári

**STJÓRNMÁL** Allir þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi; Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Frjálslyndra flokksins, standa að þingsályktunartillögu um endurskoðun lífeyrismála. Samkvæmt henni á að ganga lengra en kveðið er á um í samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara frá í sumar um kjarabætur aldraðra og öryrkja.

Samkvæmt tillögunni verður tekjutrygging aldraðra 85 þúsund krónur og öryrkja 86 þúsund, að viðbættum vísitölubreytingum. Um leið verði dregið úr skerðingu, þannig að í stað þess að skattskyldar tekjur yfir frítekjumarki skerði tekjutryggingu um 45 prósent þeirra tekna sem umfram eru, verði hlutfallið 35 prósent.



**STJÓRNARANDSTAÐAN** Hefur flutt sameiginlega þingsályktunartillögu sem miðar að því að bæta kjör lífeyrisþega.

Þá er kveðið á um að lífeyrisþegar geti haft 900 þúsund krónur í tekjur á ári – 75 þúsund krónur á mánuði – án þess að tekjutrygging skerðist.

Samkomulag ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara miðar að því að frítekjumarkið verði 200 þúsund krónur á ári frá 2009 en hækki upp í 300 þúsund krónur.

Tillögur stjórnarandstöðunnar eru viðbót við samkomulagið frá í sumar. Samkvæmt útreikningum kosta þær 6,5 milljarða króna. **- bþs**

Flugfélag Íslands til Eyja:

# Áætlunarflugið stutt af ríkinu

**SAMGÖNGUMÁL** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur falið Vegagerðinni að leita eftir samningum við Flugfélag Íslands um flug á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja sem stutt verður af ríkinu. Ákvörðun var tekin um þetta eftir að Landsflug ákvað að hætta áætlunarflugi til Eyja. Um er að ræða tímabundinn samning meðan útboð til lengri tíma er undirbúið. Á vef ráðuneytisins kemur fram að það hafi verið eindregin ósk Eyjamanna að sætaframboð yrði aukið. Flugfélag Íslands hafi verið eini valkosturinn sem hefði flugvélakost til að mæta þeim óskum. **- kdk**

Fundað á Bifröst í gærkvöld:

# Vona að dragi úr ólgunni

**MENNTAMÁL** Stjórn og starfsmenn Háskólans á Bifröst funduðu í gærkvöld með það að markmiði að draga úr ólgu sem hefur verið við skólann. Ástæðurnar eru stjórnunarhættir og skipulagsbreytingar innan skólans.

„Við komum okkar skilaboðum á framfæri og lögðum jafnframt fram tillögur til úrbóta sem vel var tekið í af stjórn og rektor,“ sagði Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður starfsmannafélags skólans, en samkvæmt heimildum beindist óánægjan einkum að stjórnunarháttum Runólfs Ágústssonar rektors. Ekki náðist í rektor í gærkvöld. **- kdk**

Dæmdur til að greiða sekt:

# Kastaði hassi út úr bifreið

**DÓMSMÁL** Ungur maður var í síðustu viku dæmdur af Héraðsdómi Vestfjarða til að greiða 160.000 krónur í sekt fyrir að hafa haft í fórum sínum 77 grömm af hassi.

Maðurinn kastaði hassinu út um glugga bifreiðar sem hann var farþegi í þegar hann veitti því eftirtekt að lögreglan væri á slóð hans. Vegna ungs aldurs mannsins þótti því ofangreind refsing hæfileg. **- þsj**

## BORGARRÁÐ REYKJAVÍKUR

### Uppsagnir hjá borginni

Samfylking lét bóka á fundi borgarráðs í gær að það sé áhyggjuefni að 40 prósent sviðsstjóra hefðu sagt upp störfum hjá Reykjavíkurborg frá því nýr meirihluti tók við völdum. Í gær hafi svo ný uppsögn borist frá Helgu Bragadóttur skipulagsfulltrúa.

### Fyrirspurn vegna flugumferðar

Vinstri græn lögðu fram fyrirspurn um flugumferð á Reykjavíkurflugvelli á fundi borgarráðs í gær vegna fjölmiðlaumfjöllunar um umtalsverða aukningu á umferð æfinga- og kennsluflugs og umferð stórra flugvéla um Reykjavíkurflugvöll. Segja vinstri græn að aukningin samræmist ekki stefnu borgarinnar.

### Lögregla haldi uppi lögum

Vinstri græn lögðu fram tillögu á fundi borgarráðs í gær um að hafnar verði viðræður milli borgarinnar og lögreglunnar um næstu skref í að uppfylla stefnu borgarinnar, eftir að fram kom í svari borgarstjóra að meintir nektarstaðir í miðborg Reykjavíkur hafi ekki leyfi til að starfa sem slíkir.

### Rætt um kurteisi

Rætt var um kurteisi og mannasiði á fundi borgarráðs í gær af því tilefni að borgarstjóri og formaður borgarráðs brugðu sér af fundi til að halda blaðamannafund um fjárhagsstöðu borgarinnar.



**LINDARGATA** Verndun götumyndar á þessu svæði við Lindargötu hefur verið aflétt, samkvæmt samþykktum borgarráðs og skipulagsráðs.

# Verndun götumyndar Lindargötu aflétt

**Verndun götumyndar á nokkrum húseignum við Lindargötu hefur verið aflétt. Eigendur húsanna hafa fengið heimsóknir að undanförnu frá athafnamönnum sem vilja kaupa af þeim á markaðsverði. Þeir fá viku til að hugsa sig um.**

**SKIPULAGSMÁL** Verndun götumyndar á húseignunum á Lindargötu 21, 23 og 25 hefur verið aflétt. Þetta var samþykkt í skipulagsráði og í borgarráði nýverið, að sögn Helgu Bragadóttur skipulagsfulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

Eigendur umræddra húsa hafa tjáð Fréttablaðinu að athafnamenn hefðu bankað upp á hjá þeim og viljað kaupa eignir þeirra „á markaðsverði.“ Fengu þeir vikufrest til þess að svara tilboðunum.

Fasteignasalar sem Fréttablaðið ræddi við í gær lögðu áherslu á að mikilvægt væri fyrir húseigendur sem fengju tilboð af þessu tagi að leita ráðgjafar hjá löggiltum fasteignasölum áður en þeir gengju til samninga. Verðgildi eignar í miðborginni gæti snarhækkað ef útlit væri fyrir að leyfi fengist til að rífa gamalt hús og setja niður meira byggingarmagn á lóðinni.

„Það hafa borist fyrirspurnir frá eigendum einhverra af þessum gömlu húsum um hvort flytja megi þau í burtu,“ segir Helga. „Ekki hafa borist beiðnir um breytingar á deiliskipulagi á þessum lóðum, né heldur beiðnir um niðurrif húsa, en þær fara til byggingarfulltrúa. Slíkar umsóknir eru metnar hverju sinni, en vissulega eru reitir með eldri húsum í miðborginni sem við viljum gjarnan halda í.“

> Það hafa borist fyrirspurnir frá eigendum einhverra af þessum gömlu húsum um hvort flytja megi þau í burtu
>
> **HELGA BRAGADÓTTIR**
> SKIPULAGSFULLTRÚI REYKJAVÍKURBORGAR

Helga segir að deiliskipulagið sem er í gildi fyrir Lindargötu 21, 23 og 25 nú kveði á um sama byggingarmagn og gömlu húsin séu. Sækja þurfi um breytingu á deiliskipulagi ef setja eigi niður meira byggingarmagn á lóðunum.

Ljóst er að hugur ýmissa stendur til þess að fjölga íbúðum á tilteknum lóðum við Lindargötu. Til dæmis er nú til umsagnar hjá skipulagsfulltrúa umsókn um breytingar á deiliskipulagi á Lindargötu 28, 30 og 32. Þar standa nú hús, en samkvæmt deiliskipulagi mega þau víkja.

Verið er að sækja um að byggja meira á umræddum lóðum heldur en gert er ráð fyrir í deiliskipulagi, en þær umsóknir eru lagðar inn fyrir hönd eiganda lóðahafa.

**jss@frettabladid.is**

Héraðsdómur staðfesti úrskurð um að vísa rúmlega tvítugum manni úr landi:

# Hlaut fjóra dóma á tveimur árum

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var í gær sýknað af kröfum rúmlega tvítugs manns frá Víetnam sem hafði krafist þess að úrskurður dómsmálaráðuneytis um að vísa honum úr landi yrði ógiltur. Maðurinn hafði komið hingað til lands með móður sinni fyrir fimm árum, þegar hann var 16 ára.

Á tveimur árum hlaut hann fjóra refsidóma, meðal annars fyrir kynferðisbrot gegn barni, stórfellda líkamsárás og þjófnað. Vegna þeirra dóma sat maðurinn í fangelsi í rúmt ár en var sleppt í ágúst 2004 eftir helming afplánunar sökum ungs aldurs.

Útlendingastofnun tók ákvörðun um að vísa manninum úr landi skömmu síðar auk þess sem honum var bönnuð endurkoma til Íslands í tíu ár. Dómsmálaráðuneytið staðfesti þann úrskurð og var manninum tilkynnt um þær málalyktir í janúar 2005. Hann taldi úrskurðinn brjóta stjórnsýslulög þar sem andmæla- og rannsóknarreglur hefðu verið brotnar. Einnig hélt hann því fram að hvorki hefði verið tekið tillit til þess að hann hefði ekki náð fullorðinsaldri þegar brotin voru framin né að hann hefði ekki að neinu að hverfa í Víetnam þar sem öll hans nánasta fjölskylda byggi hér á landi. Héraðsdómur Reykjavíkur félst ekki á kröfu mannsins og því stendur úrskurður dómsmálaráðuneytisins. **- þsj**


HARMONIKUSÝNING

LIONSSALNUM Sóltúni 20, Reykjavík
Laugardaginn 7. október
kl. 14:00 til 18:00



- Harmonikur í miklu úrvali
- Harmonikudiskar
- Harmonikunótur
- Harmonikupokar
- Harmonikuólar

Ýmsir harmonikuleikarar koma og taka lagið. Meðal annara Bragi Hlíðberg, Guðmundur Samúelsson, Reynir Jónasson & Jón Aðalsteinsson.

Einnig sýndar gamlar harmonikur úr Harmonikusafni Ásgeirs Sigurðssonar á Ísafirði sú elsta frá 1840

Upplýsingar veittar um tveggja kvölda hópnámskeið í harmonikuleik, nótnalestur ekki nauðsynlegur.

Sýningin ætluð almenningi

Leynist harmonikuleikari í þér?

Kaffi á könnunni - lítið við

TÓNAR

Akureyri: Mosateig 5 Sími 462 7374 & 660 1648
Reykjavík: Álfalandi 7 Sími 568 3670 & 824 7610

# BYKO

## BYGGIR BETRA SAMFÉLAG

BYKO styrkir Eldhuga sem er nýtt verkefni Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands. Verkefnið miðar að því að byggja betra samfélag í takt við hugsjónir og stefnumið Rauða krossins þar sem ungmenni vinna með hugtök eins og **vináttu, virðingu og umburðarlyndi.** Eldhugarnir fá þannig tækifæri til að vinna fjölbreytt og **mannbætandi verkefni** ásamt öðrum íslenskum og erlendum ungmennum í gefandi umhverfi. Einnig fá þeir að kynnast sjálfboðastarfi Rauða krossins.

**BYKO** telur Eldhuga Kópavogsdeildar Rauða krossins vera verðugt verkefni. Fyrirtækið hvetur **ungmenni** á aldrinum **13-16 ára** til þátttöku og til að leggja þannig sitt af mörkum til betra samfélags.

Það er gert með því að senda tölvupóst á kopavogur@redcross.is eða hringja í síma 554 6626. Þeir sem vilja gerast sjálfboðaliðar (18 ára og eldri) eru líka hvattir til að hafa samband.

*Enter verkefnið er fyrirrennari Eldhuga en í því eru ungir innflytjendur á aldrinum 9-12 ára. Höfuðáhersla verkefnisins er markviss málörvun í hvers kyns leikjum og fræðsla til að auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi. Enter verður áfram starfrækt í Kópavogsdeild Rauða krossins samhliða Eldhugum.*

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • Opin virka daga kl. 11-15 • Sími 554 6626 · kopavogur@redcross.is

BYKO

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða forseti vill banna botnvörpur?
2. Hvaða breska strákahljómsveit er að taka upp myndband hér á landi?
3. Hvernig fór leikur KF Nörd gegn FH?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Maður dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir líkamsárásir og umferðarlagabrot:

# Réðst tvívegis á sama manninn

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur til átta mánaða skilorðsbundinnar fangelsisvistar auk ökuleyfissviptingar í þrjá mánuði vegna tveggja líkamsárása og fyrir að hafa tólf sinnum ekið farartækjum án ökuréttinda.

Hinn ákærði réðst tvívegis á annan mann í miðborg Reykjavíkur með nokkurra mánaða millibili. Samkvæmt dómsskjölum taldi hann sig eiga sökótt við manninn vegna þess að hann hefði klipið kærustu hans í afturendann. Hann réðst því að manninum og sló hann í andlitið með þeim afleiðingum að hann féll aftur fyrir sig og hlaut skurð á hnakka. Nokkrum mánuðum síðar réðst ákærði aftur að sama manni með höggum og spörkum þannig að hann tvíkjálkabrotnaði við aðförina og hlaut fleiður á hálsi.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Maðurinn sagði fórnarlamb sitt hafa klipið í afturenda kærustu sinnar.

Hinn ákærði viðurkenndi fyrri árásina fyrir dómi en kvaðst ekki hafa verið staddur í miðborginni þegar sú seinni átti sér stað. Vitnisburður þeirra sem staðfestu þá frásögn ákærða var hins vegar ekki samhljóma og þótti þar af leiðandi ótrúverðugur. Því var hann dæmdur fyrir báðar árásirnar og gert að greiða fórnarlambi sínu tæplega 400.000 krónur auk vaxta og sakakostnaðar. Refsing mannsins fellur niður haldi hann skilorð í þrjú ár. **- þsj**

Frjálslyndir vilja vegabætur:

# Þjóðvegur eitt verði á láglendi

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Frjálslynda flokksins vilja að allar helstu leiðir á þjóðvegi 1, Vestfjörðum og norðausturhluta landsins verði á láglendi, undir 200 metra hæð yfir sjávarmáli.

Skal Alþingi gera Vegagerðinni að vinna að tillögum þar að lútandi.

Megináherslan á að vera á jarðgöng og brýr yfir firði. Í greinargerð kemur fram að markmiðinu verði náð með innan við 20 jarðgöngum sem samtals yrðu um 100 kílómetrar að lengd.

Frjálslyndir hafa áður flutt tillögu þessa efnis. **- bþs**

Framboð Framsóknarflokks:

# Mun leiða lista í Reykjavík

**STJÓRNMÁL** Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins mun bjóða sig fram í Reykjavík og vill leiða lista flokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður.



JÓN SIGURÐSSON

Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi formaður leiddi lista Framsóknarflokksins í kjördæminu fyrir síðustu kosningar og var Árni Magnússon, fyrrverandi félagsmálaráðherra, sem einnig hefur sagt skilið við stjórnmál, í öðru sæti listans. Í þeirra stað sitja nú Guðjón Ólafur Jónsson og Sæunn Stefánsdóttir á þingi fyrir Framsóknarflokkinn. **- ss**

Listi Framsóknarflokks:

# Sækist eftir leiðtogasæti

**STJÓRNMÁL Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra sækist eftir að leiða lista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður.**



JÓNÍNA BJARTMARZ

**Jónína settist á þing fyrir Framsóknarflokkinn árið 2000 og varð umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda í júní á þessu ári.**

**Jónína hefur rekið Lögfræðistofuna sf. síðan 1985 ásamt eiginmanni sínum. Hún hefur verið formaður Heimils og skóla, Félags kvenna í atvinnurekstri og nefndar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í fíkniefnamálum. - ss**

# NATO tekur við herstjórn í Afganistan

**Richard Davis herforingi, yfirmaður hersveitanna í Afganistan, segir þessi tímamót vera „söguleg". NATO hefur aldrei tekist á við jafn erfitt verkefni.**

**AFGANISTAN, AP** Atlandshafsbandalagið tók í gær við yfirstjórn erlenda herliðsins í austurhluta Afganistans og er þar með komið með alla yfirstjórn heraflans í landinu á sínar herðar.

Breski herforinginn Richard Davis, sem er yfirmaður NATO-sveitanna í Afganistan, flutti stutta ræðu í gær í tilefni af þessu og sagði umskiptin söguleg. Bandaríkin hafa þar með afsalað sér yfirstjórn hernaðarins í Afganistan.

Þrátt fyrir að hörð átök hafi geisað í suðurhluta landsins undanfarið fullyrti Davis að NATO myndi ná góðum tökum á öryggismálunum og sagði í gríni að hann myndi mæta fyrir aftökusveit ef öryggisástandið í landinu yrði ekki orðið betra í febrúar á næsta ári.

Meira en þrjú þúsund manns hafa týnt lífinu í átökum í Afganistan á þessu ári, flestir þeirra herskáir talibanar en einnig töluvert af erlendum og afgönskum hermönnum. Uppreisn talibana náði hámarki í sumar og hafa átökin í landinu ekki verið harðari frá því að talibanastjórnin féll fyrir fimm árum.



**NATO TEKUR VIÐ** Breski herforinginn David Richards, lengst til hægri, tekur í höndina á Hamid Karzai, forseta Afganistans. Vinstra megin situr bandaríski herforinginn Karl Eikenberry.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### NATO tekur við stjórn heraflans í Afganistan

**Eftir að Atlantshafsbandalagið tók að sér yfirstjórn öryggismála í austurhluta Afganistan í gær er erlendi heraflinn í landinu öllu nú kominn undir stjórn þess.**




Skipting heraflans

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bandaríkin | 12.000 | Frakkland | 1.000 |
| Bretland | 5.200 | Rúmenía | 750 |
| Þýskaland | 2.750 | Spánn | 625 |
| Holland | 2.100 | Ísland | 15 |
| Kanada | 1.800 | Önnur ríki | 3.000 |
| Ítalía | 1.800 | Samtals | 31.000 |

Mynd: AP
Heimild: ISAF
© GRAPHIC NEWS

Að NATO skuli hafa tekið við stjórn alls heraflans í Afganistan er greinilegt merki um breyttar áherslur bandalagsins, sem sér ekki lengur ástæðu til þess að takmarka aðgerðir sínar við Norður-Atlantshafssvæðið.

„NATO hefur aldrei gengist undir slíka raun, þess að," segir Seth Jones, bandarískur sérfræðingur í málefnum Afganistans. „Bandalagið á gífurlega erfitt verkefni fyrir höndum."

Heraflinn, sem nú er allur kominn undir yfirstjórn NATO, er skipaður 31 þúsund hermönnum. Flestir þeirra eru bandarískir, eða 12 þúsund, en rúmlega fimm þúsund eru frá Bretlandi, tæplega þrjú þúsund frá Þýskalandi og svo eru Holland, Kanada, Ítalía og Frakkland einnig með þúsund hermenn eða fleiri, hvert land.

Inni í þessum tölum um fjölda hermanna eru fimmtán íslenskir friðargæsluliðar, sem flestir starfa á flugvellinum í Kabúl við fjölbreytileg störf. Meðal annars starfa þar íslenskir slökkviliðsmenn, flugumsjónarmenn og vélamenn, en Tyrkir tóku við stjórn flugvallarins af Íslendingum snemma á síðasta ári.

gudsteinn@frettabladid.is

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

# Sigurrós sækist eftir 4. sætinu

**STJÓRNMÁL Sigurrós Þorgrímsdóttir, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins og bæjarfulltrúi í Kópavogi, gefur kost á sér í 4. sæti flokksins í Suðvesturkjördæmi.**



SIGURRÓS ÞORGRÍMSDÓTTIR

**Sigurrós lauk mastersgráðu í opinberri stefnumótun og stjórnsýlu frá HÍ árið 2000 en hefur verið viðriðin bæjarpólitíkina í Kópavogi síðan árið 1994. Hún leggur áherslu á mennta- og menningarmál, málefni aldraða og æskulýðs, einnig ferðaþjónustu og heilbrigðismál.**

**Sigurrós er formaður aðalstjórnar Breiðabliks og umdæmisstjóri Inner Wheel á Íslandi. - kóp**

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

# Stefnir á 3.-5. sæti í Reykjavík

**STJÓRNMÁL** Steinn Kárason umhverfishagfræðingur gefur kost á sér í 3.-5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



STEINN KÁRASON

Steinn er með M.Sc.-prófi í umhverfisstjórnun og alþjóðaviðskiptum frá Álaborgarháskóla og útskrifaður viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Bifröst.

Hann situr í stjórn Félags sjálfstæðismanna í Smáíbúða-, Bústaða- og Fossvogshverfi og er fulltrúi menntamálaráðuneytisins í umhverfisfræðsluráði. Hann var ritari í stjórn Félags garðyrkjumanna og um árabil í trúnaðarmannaráði og samninganefnd félagsins. **- ss**






Seltjarnarnes hefur eitt sveitarfélaga utan Reykjavíkur greitt til Sinfóníunnar:

# Hefur greitt 42 milljónir króna

**STJÓRNMÁL** Seltjarnarnesbær hefur á síðustu tíu árum greitt samtals 42 milljónir króna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Bærinn hefur greitt til sveitarinnar frá 1982 en tölur um upphæðir ná aftur til 1996.

Seltjarnarnes hefur eitt sveitarfélaga, utan Reykjavíkurborgar, greitt til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Þeim kvöðum verður aflétt af bænum gangi frumvarp menntamálaráðherra um Sinfóníuhljómsveitina eftir.

Í frumvarpinu eru skyldur Ríkisútvarpsins og Seltjarnarness um þátttöku í rekstri hljómsveitarinnar afnumdar. Síðan 1982 hefur ríkissjóður greitt 56 prósent af rekstrarkostnaði sveitarinnar, Ríkisútvarpið 25 prósent, Reykjavíkurborg átján og Seltjarnarnes eitt prósent. Eftirleiðis verður hlutfall ríkisins 82 prósent en Reykjavíkur áfram átján prósent.



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS** Seltjarnarnesbær þarf ekki lengur að greiða með sveitinni.

Þegar þátttaka Seltjarnarness var ákveðin stóð til að fleiri sveitarfélög kæmu að rekstrinum. Af því varð ekki og hefur bæjarstjórn lengi mótmælt fyrirkomulaginu.

Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri fagnar því að bærinn losni undan skyldugreiðslum. Hann kveðst hins vegar stoltur af framlögunum og hljómsveitinni og útilokar ekki þátttöku í rekstri hennar með frjálsum framlögum. **- bþs**

# Ávinningur fyrir viðskiptavini

Og Vodafone hefur gert tímamótasamning við alþjóðlega farsímafélagið Vodafone Group og breytir nafni sínu í Vodafone. Þetta færir viðskiptavinum okkar margvíslegan ávinning; betra samband, betri þjónustu og hagstæðara verð. Samstarfið við Vodafone hefur þegar fært viðskiptavinum okkar nýjungar á borð við Vodafone Simply, Vodafone live! og BlackBerry frá Vodafone. Fleiri nýjunga er að vænta og kynnum við nú Vodafone Passport, sem mun stórlækka símakostnað notenda okkar á ferðalögum erlendis.

www.vodafone.is

vodafone



**KOSIÐ Í GEORGÍU** Öldruð kona greiðir atkvæði í sveitarstjórnarkosningum í Tíblisi, höfuðborg Georgíu, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tvær rússneskar sprengjuflugvélar flugu inn í íslenska lofthelgi í síðustu viku:

# Þurfa ekki að láta vita af sér

**VARNARMÁL** Tvær rússneskar sprengjuflugvélar flugu inn í íslenska lofthelgi í síðustu viku án þess að flugmálastjórn væri gert viðvart um að flug af þessu tagi ætti sér stað á umsjónarsvæði stofnunarinnar. Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar, segir venjuna vera þá að látið sé vita af heræfingum þannig að þær komi ekki á óvart og því óvenjulegt að flugmálastjórn hafi ekki verið látin vita með fyrirvara.

Jörundur Valtýsson, ráðgjafi utanríkisráðherra, segist ekki vita hvernig boðleiðin hefði átt að vera öðruvísi. Hann segir að Rússum beri ekki skylda til að tilkynna svona æfingar og að þeir hafi ekki brotið nein lög með því að fljúga á þeim svæðum sem þeir flugu. Það hafi verið með öðrum hætti sem ráðuneytið hafi fengið spurnir af þeim. Jörundur segir að ráðuneytið hafi látið ratsjárstofnun vita strax og þeim barst tilkynning um æfinguna.

Þegar vélarnar síðan nálguðust landið hafi boð borist frá danska lofthernum sem hafði numið vélarnar og þau boð hafi strax borist til flugumferðarstjórnar. Nokkru síðar hafi Ratsjárstofnun sjálf numið vélarnar og sent skilaboð sömu leið. -þsj



**UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ** Samkvæmt talsmanni ráðuneytisins brutu Rússar engin lög með fluginu.

Raforkuverð á Íslandi:

# Rafmagnsverð nú hagstæðara

**RAFORKUVERÐ** Raforkuverð á Íslandi er nú orðið hagstæðara, borið saman við önnur lönd Vestur Evrópu en var í janúar, þar sem krónan hefur veikst um 16 prósent frá áramótum gagnvart Evrunni.

Í nýrri skýrslu Orkustofnunnar var raforkuverð til heimila borið saman við verð í nokkrum löndum Vestur- Evrópu í janúar.

Þá hafa einnig orðið nokkrar raforkuhækkanir á Norðurlöndunum sem gerir það að verkum að raforkuverð í þéttbýli á Íslandi er nú með því lægsta sem gerist í samanburðarlöndunum. -ss


KAUPÞING BANKI

KAUPÞING BANKI HF.

HLUTHAFAFUNDUR 16. OKTÓBER 2006

Hluthafafundur í Kaupþingi banka hf. verður haldinn á Nordica hotel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, mánudaginn 16. október næstkomandi og hefst klukkan 18.00.

Eftirfarandi mál eru á dagskrá fundarins:

1 Tillaga stjórnar Kaupþings banka hf. um arðgreiðslu: „Bankinn greiðir hluthöfum sínum í arð 830.691.316 hluti í Exista hf. Hluthafar munu fá 1,25 hluti í Exista fyrir hvern hlut í Kaupþingi banka (1,25:1). 16. október 2006 er arðleysisdagur (e. ex-date), það er sá dagur sem viðskipti hefjast án réttinda til arðs. Arðsréttindadagur (e. record date) á Íslandi er að morgni 16. október 2006 og í Svíþjóð þann 18. október 2006.
Arðgreiðslan mun fara fram þann 26. október 2006."

2 Önnur mál löglega upp borin.

Fundarstörf fara fram á ensku.

*Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.*

Stjórn Kaupþings banka hf.




**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Segir ríkisstjórnina hafa verið í linnulausum hernaði gegn jöfnuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra segir alla hafa notið góðs af tekju- og kaupmáttaraukningu í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ójöfnuðurinn hefur skaðað samfélagið

**Formað ur Samfylkingarinnar segir ríkisstjórnina í linnulausum hernaði gegn jöfnuði. Forsætisráðherra segir alla hafa það betra nú en áður. Félagsmálaráðherra ætlar að leita leiða til að bæta hag barnafjölskyldna sem búa við lök kjör.**

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir það óyggjandi staðreynd að ríkisstjórnin hafi á síðasta áratug stundað linnulausan hernað gegn jöfnuði.

Í umræðum á Alþingi í gær sagði Ingibjörg Ísland hafa færst úr hópi ríkja þar sem mestur jöfnuður er, yfir í hóp þeirra þar sem minnstur jöfnuður ríkir.

Ingibjörg sagði þúsundir fjölskyldna með 3-3,5 milljónir í árstekjur á sama tíma og hundruð fjölskyldna hefðu tugi milljóna í árstekjur. Skattbyrði hópanna væri misjöfn því tekjuhærri hópurinn hefði ríkulegar fjármagnstekjur sem bæru lægri skatt en aðrar tekjur.

Ingibjörg sagði stöðugt vaxandi bil milli fátækra og ríkra hafa skaðað samfélagið. „Með auknum ójöfnuði eykst stéttaskipting í samfélaginu og þar með togstreita milli þjóðfélagshópa."

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði mikla tekjuaukningu hafa orðið í samfélaginu, kaupmáttur hefði aukist um sextíu prósent á tíu árum og allir þjóðfélagshópar notið góðs af. Hann gaf lítið fyrir staðhæfingar um að stórkostleg gliðnun hefði orðið í tekjudreifingunni, þeir allra tekjuhæstu hefðu þó skotist framúr. „Ég fagna ef fólki gengur vel í viðskiptum og efnast og tel það ánægjulegt fyrir allt þjóðfélagið." Bætti hann við að reynt hefði verið að bæta kjör lægstu hópanna, til dæmis með hærri barnabótum og samkomulagi við eldri borgara. Þá verði úrbætur gerðar á vaxtabótakerfinu.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra sagðist ætla að skipa starfshóp til að greina stöðu og ná utan um þá samfélagshópa sem hugsanlega búa við aðstæður sem hamla þátttöku í samfélaginu. Jafnframt ætli hann að skoða hvernig hægt verður að bæta stöðu barnafjölskyldna sem búa við lök kjör.

Ögmundur Jónasson, vinstri grænum, sagði þá hafa hagnast mest sem fengið hefðu kvóta og banka á silfurfati frá stjórnvöldum. Hann sagði erfiðara að vera fátækur á Íslandi í dag en fyrir 10-15 árum.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sagði Ísland því miður ekki stéttlaust þjóðfélag og sumir ættu vart til hnífs og skeiðar. Kenndi hann skattastefnu ríkisstjórnarinnar um.

bjorn@frettabladid.is






Segja yfirlýsingu um stuðning við Íraksstríð misráðna:

# Ísland verði tekið af lista hinna fúsu

**STJÓRNMÁL** Formenn þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi, Magnús Þór Hafsteinsson Frjálslynda flokknum, Ögmundur Jónasson vinstri grænum og Össur Skarphéðinsson Samfylkingunni hafa endurflutt tillögu til þingsályktunar um að Ísland verði, með formlegum hætti, tekið af lista þeirra þjóða sem studdu innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak. Tillagan gerir ráð fyrir að Alþingi feli ríkisstjórninni verkið. Jafnframt er þess krafist að lýst verði yfir að stuðningur við innrásina hafi verið misráðinn.



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON**

Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, segir algjörlega óásættanlegt að Ísland hafi stutt innrásina á sínum tíma, hún hafi verið glæpsamleg og miklar hörmungar fylgt henni sem séu smánarblettur á ríkisstjórn Íslands og þjóðinni allri.

„Svo hefur ekki fengist skýring á hvers vegna innrásin var studd," segir Magnús Þór. Hann býst ekki við að tillagan verði samþykkt en hún sé lögð fram til að ítreka, og halda á lofti, andstöðu stjórnarandstöðunnar við ákvörðun stjórnvalda. -bþs

# Viðurkenning fyrir okkur

Við erum fyrsta sjálfstæða farsímafélagið í heiminum sem fær að nota vörumerkið Vodafone. Þessi mikla viðurkenning felur í sér spennandi tækifæri fyrir okkur og viðskiptavini okkar. Við höfum leitt samkeppni, tryggt betri þjónustu, stuðlað að lægra verði og aukið vöruúrval. Nú gerum við enn betur og því hefur þú ríkari ástæðu en áður til að slást í hópinn. Það er markmið okkar að gera viðskiptavinum kleift að nýta tímann til hins ýtrasta, því hvert augnablik er dýrmætt. **Gríptu augnablikið og lifðu núna.**

www.vodafone.is

vodafone

Fiton/SÍA


**FLÓÐ Í TAÍLANDI** Sjálfboðaliðar hlaða sandpokavirki að flóðvarnargarði við fljótið Chaophraya í Ayutthaya-héraði í Taílandi. Fornminjar eru í hættu vegna flóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sigríður Anna Þórðardóttir þingmaður Sjálfstæðisflokks:

# Gefur ekki kost á sér aftur

**STJÓRNMÁL** Sigríður Anna Þórðardóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, hefur tilkynnt að hún muni ekki aftur gefa kost á sér til þings. Sigríður Anna segir að þetta sé góður tími til að hætta, staða Sjálfstæðisflokksins sé sterk og Suðvesturkjördæmi langsterkasta kjördæmi flokksins.

Þegar hefur Gunnar Birgisson hætt þingmennsku og Árni Mathiesen tilkynnt að hann muni færa sig um set og bjóða sig fram í Suðurkjördæmi.

Þrír efstu menn listans frá síðustu kosningum munu því ekki gefa kost á sér aftur. Sigríður Anna segir stöðuna mjög opna í kjördæminu, líkt og var þegar hún settist á þing árið 1991. „Þó nauðsynlegt sé að fólk með þingreynslu sitji á þingi, er hæfileg endurnýjun nauðsynleg,“ segir hún. „Ég er sátt við ákvörðun mína, sem er persónuleg ákvörðun.“

Aðspurð hvort hún muni leggja stjórnmál á hilluna þegar hún hættir á þingi segir hún að hún muni aldrei geta stillt sig um að taka þátt í pólitísku starfi. „Mamma er 83 ára og hún er enn að í stjórnmálum á Siglufirði. Hún er mín besta fyrirmynd.“

- ss


**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR** Segist ekki munu hætta afskiptum af stjórnmálum þótt hún hætti á þingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ E.ÓL

Kristrún Heimisdóttir:

# Sækist eftir fimmta sæti

**STJÓRNMÁL** Kristrún Heimisdóttir, varaþingmaður Samfylkingar í Reykjavík, býður sig fram í 5. sæti í prófkjöri flokksins í Reykjavík.


**KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR**

Kristrún var lögfræðingur Samtaka iðnaðarins 2002-2006 og er nú stjórnarformaður Afrekssjóðs ÍSÍ og stjórnarformaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Hún starfar einnig sem stundakennari í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst.

- sþs

BREYTTUR OPNUNARTÍMI ÚTIBÚA

Nú eru útibú bankans opin frá kl. 9.00 - 16.00 alla virka daga.

Opið í Kringluútibúi frá kl. 10.00 - 18.00 alla virka daga

KB BANKI

# Saka fyrrum meirihluta um óráðsíu

**Borgarstjóri segir niðurstöður úttektar á fjárhagsstöðu borgarinnar áfellisdóm yfir fjármálastjórn síðasta meirihluta. Fyrrverandi borgarstjóri segir stöðu borgarinnar sterka, umsagnir um að áætlanir hafi ekki staðist séu bull.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Úttekt á fjárhagslegri stöðu Reykjavíkurborgar er áfellisdómur yfir fjármálastjórn síðasta meirihluta,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri, en í gær voru kynntar niðurstöður sérfræðinga KMPG á fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar. Þar kemur fram að brýnt sé að farið verði yfir fjármálastjórn borgarinnar í heild og leitað leiða til betri reksturs.

Niðurstöðurnar leiða meðal annars í ljós að á tímabilinu 2002 til lok júní 2006 hafa rekstrartekjur Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar aldrei dugað fyrir almennum rekstrargjöldum, rekstrarmarkmið um afkomu í þriggja ára áætlun hafi sömuleiðis ekki náð fram að ganga og rekstrargjöld hækkuðu mun meira milli áætlana en tekjur af rekstri.

Fjárhagsleg staða hefur versnað um 87,4 milljarða frá árinu 1994 miðað við verðlag í júní á þessu ári.

Vilhjálmur segir tölur og staðreyndir sem settar séu fram í skýrslunni tala sínu máli, ekki þurfi að deila um að fyrrverandi meirihluti hafi eytt um efni fram.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarfulltrúi og fyrrverandi borgarstjóri, segir skýrsluna ágætisyfirlit um fjármál borgarinnar. Í henni komi fram að heildareignir borgarinnar hafi aukist á tímabilinu þó að skuldir hafi aukist. Einnig komi fram í árshlutareikningum að staðan sé jákvæð um 2,2 milljarða sé tekið tillit til gengistaps.

„KPMG og Sjálfstæðisflokkurinn geta sett fram sitt mat, en á endanum er það markaðurinn sem vottar stöðuna og markaðurinn hefur metið borgina sem fjárhagslega sterka, sem endurspeglast í mjög góðum lánskjörum sem borgin hefur notið, mun betri en önnur sveitarfélög,“ segir Steinunn. Hún bætir einnig við að hún telji umsagnir um að áætlanir hafi ekki staðist séu bull. Frávikið í ársreikningum sé óverulegt.

„Þriggja ára áætlun er leiðbeinandi spá, en það sem er gert á tímabilinu getur verið ófyrirsjáanlegt, líkt og með samningana sem við gerðum við lægst launuðu hópana. Það skekkir allan samanburð. Það sem er samanburðarhæft er fjárhagsáætlun borgarinnar og útkoma,“ segir Steinunn.

Fulltrúar fyrrverandi borgarstjórnarmeirihluta gagnrýndu að hafa ekki fengið skýrsluna í hendur fyrr en fundur borgarráðs hófst.

Skýrslan verður aftur tekin fyrir í borgarráði í næstu viku.

karen@frettabladid.is


**REYKJAVÍKURBORG** Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, segir mikilvægt að nýr meirihluti innleiði ábyrga fjármálastjórn og lagi reksturinn.

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ



EFTIRLÆTIS HLUTIR ...?



Askalind 1, 201 Kópavogur Sími 568 9700 www.habitat.net habitat




**KRISTALL SPORT**

er nýr íþróttadrykkur og fyrsti sinnar tegundar á landinu. Hann inniheldur aðeins 10 kaloríur í hverri flösku ásamt nauðsynlegum vítamínum og steinefnum s.s. 6 mismunandi B-vítamín, bíótín, kalk, magnesíum, kalíum og natríum. Kristall SPORT er uppspretta bætiefna sem nýtast við öll dagleg átök.

# allt í matinn




## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 6. október til 8. október. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# á einum stað

## rir minna




netto

## „ORÐRÉTT“

*En hvert lágu þræðirnir, nákvæmlega?*

**„Í Kjartani ófust saman eitraðir þræðir stjórnmála og stórauðvalds. Ég hef stundum kallað innsta kjarna Heimastjórnarflokksins velviljað patríarkí, feðraveldi, sem beitti valdi sínu til að móta samfélagið eftir þeirri mynd, sem þeir drógu sjálfir upp af því.“**

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON EFTIR AÐ KJARTAN GUNNARSSON ÁKVAÐ AÐ HÆTTA SEM FRAMKVÆMDASTJÓRI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS. BLAÐIÐ 4. OKTÓBER.

*Játum mistökin*

**„Að játa mistök er mannkostur, að játa þau á síðustu stundu er stórmannlegt. Að afstýra stórslysi með því að sjá að sér og skipta um skoðun þykir í daglegu lífi þroskamerki – en ekki meðal ráðamanna. Því miður hefur það ekki þótt góð latína meðal stjórnmálamanna að endurskoða hug sinn.“**

KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR RITHÖFUNDUR UM UMHVERFISSPJÖLL OG NÁTTÚRUVERND. MORGUNBLAÐIÐ 5. OKTÓBER

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÞORKELL HARÐARSON LEIKSTJÓRI OG FRAMLEIÐANDI

## Er með sultufíkn



Þorkell Harðarson skipar heimildarmyndateymið Markell með félaga sínum Erni Marínó Arnarsyni. „Núna erum við að gera heimildarmynd sem heitir Fálkasaga og fjallar um samskipti manns og fálka út frá öllum sjónarhólum,“ segir Þorkell. „Myndin verður tekin í öllum heimsálfum nema Suðurskautslandinu og við erum búnir að vera á miklum flækingi. Vorum til dæmis í Abu Bhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum og á austurströnd Bandaríkjanna. Svo á eftir að fara víða, til dæmis til Mongólíu og við erum að reyna að fá að mynda í Vatíkaninu. Þetta er aðeins meira alþjóðlegt en hinar myndirnar okkar, ef það er hægt að vera alþjóðlegri en Ham og Fræbblarnir. Fólk virðist hafa trú á þessu því við fengum nýlega hæsta styrk sem Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur veitt heimildarmynd. Ég fékk hugmyndina þegar ég var að vaska upp um jólin 2004 og þetta átti bara að vera lítil lókal mynd, en svo vatt þetta upp á sig enda hefur fálkafíkn verið viðloðandi mannkynið í gegnum árþúsundin. Sjálfur var ég að gera sultu númer tíu. Sultugerð er nýja fíknin og ég vann nú hvorki meira né minna en bronsverðlaun í sultukeppni Mosfellsbæjar á dögunum!“

## ÞARFAÞING: TÓNLISTARSMOKKUR



■ Tónlistarsmokkur er væntanlegur á markað í Úkraínu. Smokkurinn er búinn skynjara sem fer í gang þegar hann er settur upp og sendir merki til örlítils hátalara í breiðari enda smokksins. Hægt verður að velja úr nokkrum lögum sem smokkurinn spilar á meðan á notkun stendur. Lagið verður hraðara og háværara eftir því sem nær dregur hápunktinum. „Þetta er algjör bylting!,“ fullyrðir framleiðandinn Grigoriy Chausovsky hjá Zaporozhye fyrirtækinu.

## SJÓNARHÓLL

MÓÐGANIR HUGO CHAVEZ



ERPUR EYVINDARSON RAPPARI

### Lætur ekki valta yfir sig

„Mér finnst þetta stórkostlega fyndið,“ segir Erpur Eyvindarson rappari um móðganir Hugo Chavez, forseta Venesúela, en hann hefur á síðustu dögum móðgað ráðamenn í Bandaríkjunum, líkt George W. Bush við djöfulinn sjálfan og Donald Rumsfeld við Cerebus, hundinn sem gætir inngangsins í helvíti. „Bandaríkin eru að missa S-Ameríku frá sér og þetta minnir um margt á það þegar Sovétríkin misstu tökin á A-Evrópu. Og af hverju ætti svo sem forseti stærsta olíuríkis S-Ameríku að láta lesblindan kókaínsjúkling valta yfir sig? Bush og Rumsfeld og allir þessir gæjar eru vanir því að geta sagt það sem þeir vilja um allt og alla, eins og t.d. í aðdraganda Íraksstríðsins þegar þeir niðurlægðu Frakka sem svöruðu ekki fyrir sig heldur roðnuðu bara og voru ömurlegir. Þetta eru bara orð hjá Chavez og á meðan hann tekur ekki upp hátterni Bandaríkjastjórnar sem ber ábyrgð á dauða og pyntingum fleiri þúsunda í S-Ameríku er mér sama hvað hann segir.“



**VALDIMAR Á SLÓÐUM ÞÓRBERGS Í NAUTHÓLSVÍK** Sýnir hér nokkrar Müllersæfingar sem enn standa fyllilega fyrir sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Müllersæfingar góðar fyrir húð og hægðir

**Á málþinginu í Þórbergssetri í Suðursveit um næstu helgi ætlar Valdimar Örnólfsson íþróttakennari að sýna Müllersæfingar og leiðbeina þátttakendum. Valdimar segir æfingarnar ennþá standa fyllilega fyrir sínu þótt þær hafi verið fundnar upp í byrjun síðustu aldar.**

„Müller var Dani fæddur 1865 og byrjaði snemma að æfa íþróttir,“ segir Valdimar. „Hann hugsaði mikið um heilbrigði, lagði áherslu á gott mataræði, tíðar baðferðir, réttan klæðnað og það að sofa í góðu lofti. Hann var á móti reykingum og áfengi, nema kannski því að fá sér vínglas með mat. Hans skoðanir voru því mjög samhljóða nútímafræðum. Hann kom sér upp æfingakerfi sem síðar var kennt við hann og fann upp á þessum frægu líkamsstrokum sem eru þekktasti hluti æfinga hans.“

Bók Müllers, Mín aðferð, kom út í kringum aldamótin og á íslensku árið 1903 í þýðingu Björns Bjarnasonar frá Miðfirði. „Bókin varð mjög vinsæl á Íslandi og er líkast til fyrsta heilsu- og líkamsræktarbókin sem hér kemur út,“ segir Valdimar. „Ég komst yfir bókina á sínum tíma þegar ég var að taka íþróttakennarapróf og kynnti mér æfingarnar, en taldi mig ekki græða mikið á þessu þá. Það er mikil mælgi í þessari bók og mikið um endurtekningar og satt að segja nennti maður ekki að lesa þetta. En núna síðustu árin hef ég gert Müllersæfingarnar að gamni mínu og hef haft rosalega gott af þeim. Ég byrja daginn á lýsi og svo tek ég morgunleikfimi og enda svo á Müllersstrokunum áður en ég fæ mér hafragraut. Þetta er létt og einfalt og maður gerir þetta tækjalaust á korteri, tuttugu mínútum. Maður vaknar vel á þessu og þetta er gott fyrir húðina og alveg ótrúlega gott fyrir meltinguna. Það fer allt í gang og maður hreinsar alveg innan úr sér ef maður gerir þetta rétt. Müller tók það einmitt fram í bókinni að fátt væri betra fyrir þá sem ættu í vandræðum með hægðirnar.“

Þórbergur Þórðarson var kunnur fyrir að stunda Müllersæfingar og til eru fræg myndskeið af honum kviknöktum í Nauthólsvík við iðkun þeirra. Því þótti tilvalið að fá Valdimar á málþingið til að rifja upp þessar gamalkunnu æfingar.

„Annars er maður bara að dytta að húsinu þessa dagana, enda lítill tími til þess forðum,“ segir Valdimar sem hætti fullri vinnu þegar hann varð 72 ára fyrir tveim árum. „Ég held mér þó aðeins við með tveimur old boys hópum.“

Á næsta ári verður liðin hálf öld síðan Valdimar byrjaði með morgunleikfimina í Ríkisútvarpinu ásamt Magnúsi Péturssyni píanóleikara. Í tilefni afmælisins er Valdimar að hugsa um að gefa út geisladisk með völdum atriðum. „Snældurnar sem við gáfum út eru löngu ófáanlegar og fólk er oft að spyrja mig hvort þetta sé ekki til á disk. Síðast ung og hugguleg stúlka í verslun,“ segir Valdimar, ennþá sprækur eins og unglingur.

gunnarh@frettabladid.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

Upplýsingar, viðburðir, afþreying og fréttir
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Bílstjóri flaggaði á Vatnsleysuströnd:

## Sorphaugar á 5.000 milljónir

Það var flaggað á Vatnsleysuströnd á laugardaginn þegar síðustu bandarísku hermennirnir yfirgáfu landið. „Ég var búinn að afla mér upplýsinga um það hvenær þotan færi og dró fánann á loft um leið og hún tók á loft,“ segir Skarphéðinn Einarsson bílstjóri. „Ég sá þotuna og fylgdist svona með henni hverfa á meðan ég dyttaði að bíl inni í skúr. Þegar hún var komin inn í danska lofthelgi yfir Grænlandsjökli dró ég fánann niður.“



**ÍSLENSKI FÁNINN** Blakti við hún á Vatnsleysuströnd þegar síðustu Kanarnir flugu burt.

Skarphéðinn er NATO-sinni og telur sig miðjumann í stjórnmálum. Hann var þó löngu búinn að átta sig á því að herinn var hér til að þjóna bandarískum hagsmunum en ekki íslenskum, og því yrði dvöl Kanans sjálfhætt vegna nýrra átakalína í alþjóðastjórnmálum. „Ég er búinn að halda því mjög lengi fram að þeir færu og varð oft fyrir aðkasti út af því. Þeir grunnhyggnustu sögðu að herinn myndi aldrei yfirgefa mannvirkin sín hérna en ég sagði nú bara að þeir ættu þá að sjá það sem Bandaríkjamenn skildu eftir sig í Þýskalandi.“

Skarphéðinn vann í tuttugu ár fyrir herinn og í níu ár fyrir Íslenska aðalverktaka. „Ég er mjög óánægður með að íslensk stjórnvöld hafi keypt sorphauga og ónýtar byggingar á 3.000-5.000 milljónir. Ég þekki svæðið eins og puttana á mér og þar sem það er verst minnir það á borgir á miðöldum með opnum skurðum sem vatn fossar um í leysingum. Þetta er gífurlega mengað svæði og ég tók sjálfur þátt í að jarða rafgeyma og olíutunnur með jarðýtum. Mest af húsnæðinu er nánast ónýtt enda byggt á 6. áratugnum eftir bandarískum stöðlum. Það bitastæðasta er stóra flugskýlið og nýjustu íbúðarhverfin. Bandaríkjamenn sluppu vel frá þessum samningum, en íslensk stjórnvöld létu taka sig í bakaríið enda verða þau seint talin góð í alþjóðasamningum.“ - glh



**SKARPHÉÐINN EINARSSON BÍLSTJÓRI** Segir íslensk stjórnvöld hafa látið taka sig í bakaríið.

# Nýjar vörur
## í stórum stærðum

Allt úrvalið fáanlegt í Smáralind, Kringlu, Skeifu og á Akureyri, takmarkað úrval í öðrum verslunum.




Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Útlán bóka almenningsbókasafna á íbúa á Íslandi.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** KJARNORKUHÓTANIR NORÐUR-KÓREU

# *Kjarnorkuútspil veldur fjaðrafoki*

Á þriðjudaginn lýstu Norður-Kóreumenn því yfir að þeir ætluðu sér að gera tilraunir með kjarnorkuvopn, en tilgreindu þó ekki hvenær af því yrði. Yfirlýsingin hefur vakið hörð viðbrögð, en óvíst er hvað Norður-Kóreumenn hafa í raun í hyggju.

**Hvenær hófust deilurnar?**
Í janúar árið 2002 sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti í stefnuræðu sinni að Norður-Kórea væri, ásamt Írak og Íran, partur af „öxulveldi hins illa“ sem ógni heimsfriðnum. Í október það ár jókst spennan milli ríkjanna þegar Bandaríkjastjórn sakaði Norður-Kóreu um að vera að koma sér upp kjarnorkuvopnum á laun. Í ársbyrjun 2003 sögðu stjórnvöld Norður-Kóreu upp aðild sinni að samningi um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna og telja sig síðan vera laus undan öllum kvöðum hans. Eftir það hafa allir tilraunir til að fá Norður-Kóreumenn að samningaborði skilað litlum árangri.



**Eiga Norður-Kóreumenn kjarnorkuvopn?**
Norður-Kóreumenn fullyrða sjálfir að þeir hafi yfir kjarnorkuvopnum að ráða, en það hefur ekki verið staðfest. Sérfræðingar telja hugsanlegt að þeir eigi nógu mikið af plútóni til þess að duga þeim í nokkrar sprengjur, kannski þó varla fleiri en eina eða tvær. Í byrjun júlí gerðu Norður-Kóreumenn tilraunir með flugskeyti og skutu sjö slíkum á loft, en með misjöfnum árangri.

**Hvað ætla þeir sér?**
Í sjálfu sér er ekkert vitað um það, hvort Norður-Kóreumenn ætli sér að standa við yfirlýsingar sínar eða hvort þeir séu yfirhöfuð færir um að gera tilraunir með kjarnorkusprengjur. Hugsanlega eru þeir eingöngu að þrýsta á Bandaríkin og fleiri ríki í þeirri von að fá góða samninga, fé og aðstoð af ýmsu tagi, í skiptum fyrir loforð um að gera engar kjarnorkutilraunir. Árið 1993 hótuðu Norður-Kóreumenn því að gera tilraunir með kjarnorkuvopn, en hættu við allt saman árið eftir þegar þeir fengu samning um aðstoð við að koma sér upp kjarnorkuverum í friðsamlegum tilgangi.

**SPURT & SVARAÐ**
PÓLSKIR VERKAMENN



STEINAR ÞÓRISSON FORSTJÓRI

## *Viljum ekki þrælahald*

Oft heyrist af bágum kjörum erlendra verkamanna og að þeim gangi illa að aðlagast íslenskum aðstæðum. Steinar Þórisson er forstjóri pípulagningafyrirtækisins Faglagna ehf. og með fimmtán pólska starfsmenn. Hann var spurður út í hagi þeirra.

**Hvernig gengur Pólverjunum hjá ykkur?**
„Pólverjarnir eru hörkuduglegir og afbragðs fagmenn. Ég sé ekki betur en þeim líði vel í vinnunni. Þeir kvarta í það minnsta aldrei. Þeir vinna langan vinnudag og þótt þeir séu ekki skyldugir til þess, sækja þeir í að vinna á laugardögum,“ segir Steinar. „Þessir menn eru auðvitað komnir langt að einmitt til þess að vinna. Ég bauð þeim upp á bjór um síðustu helgi og klukkan níu um kvöldið sögðu þeir bara „nei, takk, ekki meira, við erum að fara að vinna í fyrramálið.“ Þetta er eitthvað sem við þekkjum ekki á Íslandi.“

**Eru þeir sáttir við launin?**
„Við höfum þá stefnu hjá fyrirtækinu að gera ekki upp á milli útlendinga og Íslendinga, enda teljum við að öllum mönnum beri mannsæmandi laun. Það er langt síðan þrælahald var afnumið og við höfum ekki áhuga á að koma því á aftur. Þetta er ekki eingöngu af góðmennsku gert, því auðvitað kunna menn að meta það að þeim séu greidd sómasamleg laun og þeir sýna það í verki. Mínir menn eru allir í Sveinafélaginu og ég greiði þeim yfirtaxta.“

# Nyhedsavisen komið út

**Nyhedsavisen kemur út í fyrsta sinn í Danmörku í dag. Blaðinu verður dreift í allt að hálfri milljón eintaka og verður dreifingin til að byrja með bundin við stærstu borgirnar, Kaupmannahöfn, Árósa og Óðinsvé og verður blaðinu dreift í hús að íslenskri fyrirmynd.**

Á öðrum stöðum verður hægt að nálgast blaðið í verslunum og á bensínstöðvum svipað og hér á landi.

„Við stefnum að því að dreifa blaðinu í 550 þúsund heimili fyrir jól. Það tekur einhvern tíma að byggja það upp. Það er ekki fræðilegur möguleiki á því að maður geti byrjað strax að dreifa í öll þessi hús en við munum byrja á því að dreifa í lungann af þessari tölu og bæta svo við tíu til fimmtán þúsund heimilum á viku,“ segir Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrún Media.



DAVID TRADS Ritstjórinn segir ritstjórnina þrískipta og auk hefðbundinna frétta verði fjallað um daglegt líf fólks.



GUNNAR SMÁRI EGILSSON „Við verðum í fullri samkeppni um fréttir og gæði frétta við gömlu morgunblöðin,“ segir Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrún Media.

**Vinnslan prufukeyrð í viku**
David Trads ritstjóri segir að mikil stemning hafi verið hjá Nyhedsavisen síðustu daga og ritstjórnin hafi unnið dag og nótt við að undirbúa blaðið og koma í veg fyrir vandamál á síðustu stundu. Blaðið hafi verið unnið frá A til Ö í sjö daga til að prófa kerfið og engin alvarleg vandamál komið upp.

„Við áttum í smávegis erfiðleikum fyrsta daginn með nokkur tæknileg atriði en höfum leyst það. Þetta gengur mjög vel og í rauninni alltaf betur og betur eftir því sem dagarnir líða,“ segir David Trads.

Nyhedsavisen hefur verið prentað tvisvar í örfáum eintökum í hvort skipti. Gunnar Smári segir að það hafi verið gert til að sjá hvernig ferlið gangi og sjá annmarka í útliti og efnistökum sem mætti laga. „Við gerum ekkert við þessi blöð annað en að hengja þau upp á vegg og læra af þeim,“ segir hann.

**Þurfum ekki að skammast okkar**
„Við byrjum þetta af meiri krafti en Fréttablaðið á sínum tíma, það er meiri vissa í þessu þannig að við byrjum með öflugri ritstjórn en var á Fréttablaðinu til að byrja með. Það er alveg ljóst að við þurfum ekki að skammast okkar fyrir þetta nýja blað, segir Gunnar Smári.“

Nyhedsavisen er 98 síður að stærð í dag og líkist Fréttablaðinu. Blaðið er með alla hefðbundna efnisflokka, innlendar og erlendar fréttir, íþróttir, menningu, skemmtanir og margt fleira. Starfsmenn eru 190 í heildina, þar af eru blaðamenn eitt hundrað talsins.

„Við skiptum ritstjórninni í þrennt. Við erum með hefðbundnar fréttir innanlands og utan, Lífið okkar þar sem við fjöllum um daglegt líf fólks og svo fjöllum við um ýmislegt athyglisvert, hrífandi og spennandi,“ segir Trads.

Auglýsingasala hefur gengið vel. Í fyrsta blaðið hafa verið seldar auglýsingar fyrir eina milljón danskra króna eða tæpar tólf milljónir íslenskra króna sem þykir gott. Í Danmörku er fjöldi heimila 2,2 milljónir og í stóru borgunum þremur eru heimilin rúmlega hálf milljón talsins.




RITSTJÓRN NYHEDSAVISEN Unnið að fyrsta tölublaði Nyhedsavisen í gærdag. Blaðið í dag er 98 síður. Starfsmenn ritstjórnar eru 190, þar af eru blaðamenn um eitt hundrað.

Gríðarleg samkeppni er á fjölmiðlamarkaði í Danmörku. Fyrir eru fjögur ókeypis dagblöð, 24 timer, Dato, Urban og Metro Express, en Trads segir að Nyhedsavisen komi ekki síður til með að vera í samkeppni við stóru blöðin eins og Berlingske Tidende og Jótlandspóstinn. „Við erum í samkeppni við öll blöð í Danmörku,“ segir Trads.

**Lesendur móta blaðið**
Gunnar Smári segir að Nyhedsavisen verði fullur þátttakandi í fréttaumhverfinu í Danmörku. „Við verðum í fullri samkeppni um fréttir og gæði frétta við gömlu morgunblöðin,“ segir hann. „Það er fátt skemmtilegra en að stofna blöð þannig að þetta hefur verið mjög skemmtilegt og gaman að fylgjast með þessu,“ segir hann og bendir á að lesendur móti sín dagblöð ekkert síður en ritstjórnirnar.

„Berlingske Tidende er frekar leiðinlegt blað fyrir yngra fólk vegna þess að lesendahópurinn er mjög gamall. Ég býst við að ritstjórnin á Nyhedsavisen muni móta sitt blað í takt við sína lesendur sem eru miklu breiðari hópur. Það hefur áhrif á blaðið til lengri tíma þegar gagnvirknin milli lesenda og blaðs hefur fengið að þróast. Lesendur móta blaðið ekki síður en blaðamennirnir.“

Dagsbrún Media er að skoða sjö aðra markaði af svipaðri stærð og Danmörk. Þetta eru Írland, Skotland, Belgía, Holland, Noregur, Svíþjóð og Finnland. „Markmiðið er að velja þrjá af þessum mörkuðum fyrir árslok og hefja undirbúning á blaði með sömu formúlu og Fréttablaðið og Nyhedsavisen á næsta ári.“



RITSTJÓRI NYHEDSAVISEN David Trads segir starfsfólk hafa unnið dag og nótt við að koma útgáfunni af stað. Mikil og góð stemning sé á ritstjórn blaðsins.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is


**Ekkert blað?**

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.**

**550 5600**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

# Stóladagar

**Fyrstir koma fyrstir fá...**

*það besta - í Inn X*







Þetta er aðeins
**ÖRLÍTIÐ SÝNISHORN**
af hinu
**GRÍÐARLEGA ÚRVALI**
Allt að
**50% afsláttur**



**Stólarnir frá Inn X** eru af öllum stærðum og gerðum. Litlir og stórir, breiðir og mjóir, háir og lágir, dökkir og ljósir, þungir og léttir, litríkir og glærir. Allir eiga stólarnir það sameiginlegt að vera vönduð gæðavara, á frábæru ***afsláttar-verði*** og fást í **Inn X**.
***SVONA TÆKIFÆRI GEFAST EKKI Á HVERJUM DEGI!***
***Komdu því strax og fáðu þér sæti!***
Við setjum þér ekki stólinn fyrir dyrnar.



INNX

Inn X ehf
Faxafen 8 • Sími 577 1170
innx@innx.is • www.innx.is

**Flóttinn af landsbyggðinni**

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR
sda@frettabladid.is



# Akureyri ein með framtíð

**Meðaltekjur á Norðurlandi eystra eru næstlægstar af öllum landshlutum og fara niður í helming af meðaltekjum á landinu öllu. Fermetraverð húsnæðis er jafnframt vel undir meðallagi og allt niður í 36 þúsund krónur fermetrinn.**




KORT BIRT MEÐ LEYFI LANDMÆLINGA ÍSLANDS

Meðaltekjur á Norðurlandi eystra eru næstlægstar ef horft er til allra landshluta, 272 þúsund krónur á mánuði. Aðeins í nágrannasveitarfélaginu, Norðurlandi vestra, eru þær lægri, eða 250 þúsund krónur á mánuði. Meðaltekjur á landinu öllu eru 327 þúsund og eru tekjur á Norðurlandi eystra því tæpum fimmtungi undir meðaltekjum.

Í aðeins einu sveitarfélagi í landshlutanum voru tekjur yfir meðaltali, í Grímseyjarhreppi, þar sem þær voru þriðjungi yfir landsmeðaltali, eða 425 þúsund á mánuði. Lægstu tekjurnar voru í Tjörneshreppi, 166 þúsund, eða helmingur af landsmeðaltali.

**Mikill verðmunur innan landshlutans**

Fermetraverð íbúðarhúsnæðis á Norðurlandi eystra er langt undir meðalverði á landinu, eða 107 þúsund krónur fermetrinn að meðaltali, ef miðað er við kaupverð íbúðarhúsnæðis árið 2005 þar sem fjöldi kaupsamninga er þrjátíu eða fleiri.

Hafa þarf þó þann fyrirvara á að tölurnar eru einfalt meðaltal kaupverðs. Eignir eru mismunandi eftir svæðum og skekkir það verðsamanburð milli þeirra.

Verulegur verðmunur er innan landshlutans. Fermetraverð er hæst á Akureyri, 126 þúsund krónur, en lægst í Fjallabyggð, 36 þúsund krónur, eða tæplega fjórum sinnum lægra.

150 fermetra íbúðarhúsnæði í Fjallabyggð kostar samkvæmt þessu um 5,4 milljónir. Álíka íbúð á Akureyri kostar um nítján milljónir. Til samanburðar má nefna að jafnstór íbúð á höfuðborgarsvæðinu kostar um 29 milljónir. Íbúi í Fjallabyggð, sem selur 150 fermetra íbúðarhúsnæði sitt og flytur á höfuðborgarsvæðið, getur því ekki keypt sér íbúð fyrir andvirði eignar sinnar.

Fjöldi kaupsamninga á síðasta ári á hverja þúsund íbúa segir til um hreyfingu á eignum en hæfileg hreyfing á eignum er gott merki um heilbrigðan fasteignamarkað. Meðaltalið fyrir landið allt var rétt undir 45 samningum á hverja þúsund íbúa. Í þrettán af fimmtán sveitarfélögum á Norðurlandi eystra var óeðlilega lítil hreyfing á eignum og lítið um kaup og sölu. Ágætis hreyfing var á fasteignamarkaðinum á Akureyri, í Skútustaðahreppi og í Langanesbyggð. Í tíu sveitarfélögum voru gerðir tíu eða færri kaupsamningar á síðasta ári.

**Allt að helmingur fluttur í burtu**

Íbúum á Norðurlandi eystra hefur fjölgað um tvö prósent á síðasta aldarfjórðungi. Engin fólksfjölgun hefur orðið í landshlutanum á síðasta áratug. Ef íbúum á Norðurlandi eystra hefði fjölgað í samræmi við landsmeðaltal á síðasta aldarfjórðungi væru þeir um 35 þúsund nú í stað rúmlega 28 þúsunda, eða fjórðungi fleiri en þeir eru í raun. Fólksfækkunin hefur orðið mest í Tjörneshreppi, þar sem næstum því helmingur íbúa hefur flutt í burtu á síðasta aldarfjórðungi. Í fimm sveitarfélögum hefur orðið um eða yfir þriðjungsfækkun á tímabilinu.

Fjölgun íbúa er hins vegar mest á Akureyri. Þar hefur fjölgað um 22 prósent á síðustu tuttugu og fimm árum. Það er samt sem áður ekki jafnmikil fjölgun og orðið hefur á landsvísu á sama tímabili og er því um sjö prósenta raunfækkun að ræða.

## Öll nema Akureyri á úreldingarlista

Akureyrarkaupstaður er eina sveitarfélagið á Norðurlandi eystra sem á sér einhverja framtíð ef miðað er við kenningar tveggja bandarískra landfræðinga um framtíðarhorfur sveitarfélaga. Samkvæmt þeim má setja öll hin fimmtán sveitarfélögin í landshlutanum á úreldingarlista.

| Viðmiðunarmörk: | 1 | | 2 | | 3 | | 4 | | 5 | | 6 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sveitarfélag: | Íbúar eru helmingi færri nú en fyrir aldarfjórðungi | | Íbúum hefur fækkað um tíu prósent eða meira á síðasta áratug | | Þéttleiki byggðar er innan við tvo íbúa á km² | | Meðalaldur er 38 ár eða hærri | | Meðalmánaðartekjur eru 10% undir landsmeðaltali | | Fjöldi kaupsamn. vegna íb.húsn. 2005 er undir landsmeðaltali** | |
| Akureyrarkaupstaður | nei | +22% | nei | +10% | nei | 127,4 | nei | 35,3 | já | -14% | nei | 56,2 |
| Norðurþing | nei | -17% | já | -13% | já | 0,81 | nei | 37,2 | já | -19% | já | 32,0 |
| Fjallabyggð | nei | -28% | já | -21% | nei | 6,30 | já | 39,1 | já | -14% | já | 38,3 |
| Dalvíkurbyggð | nei | +4% | nei | -8% | nei | 3,24 | nei | 35,1 | já | -21% | já | 32,2 |
| Grímseyjarhreppur | nei | -4% | já | -13% | nei | 15,8 | nei | 32,0 | nei | +30% | já | - |
| Arnarneshreppur | nei | -29% | já | -15% | nei | 2,08 | nei | 36,6 | já | -25% | já | 5,8 |
| Eyjafjarðarsveit | nei | +1% | nei | +5% | já | 0,54 | nei | 33,7 | já | -27% | já | 8,2 |
| Hörgárbyggð | nei | -14% | nei | +4% | já | 0,49 | nei | 36,4 | já | -32% | já | 25,1 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | nei | +38% | nei | +14% | nei | 7,64 | nei | 33,1 | já | -24% | já | 18,3 |
| Grýtubakkahreppur | nei | -20% | nei | +1% | já | 0,84 | nei | 34,8 | nei | -6% | já | 24,6 |
| Skútustaðahreppur | nei | -22% | já | -12% | já | 0,07 | nei | 36,9 | já | -17% | nei | 53,7 |
| Aðaldælahreppur | nei | -36% | já | -20% | já | 0,45 | já | 40,7 | já | -32% | já | 7,8 |
| Tjörneshreppur | nei | -43% | já | -27% | já | 0,32 | já | 44,5 | já | -49% | já | - |
| Þingeyjarsveit | nei | -36% | já | -22% | já | 0,13 | já | 40,0 | já | -36% | já | 5,8 |
| Svalbarðshreppur | nei | -15% | já | -12% | já | 0,10 | já | 38,5 | já | -31% | já | - |
| Langanesbyggð | nei | -14% | já | -14% | já | 0,40 | nei | 35,7 | já | -15% | nei | 70,1 |

**Fjöldi kaupsamninga á hverja 1.000 íbúa. Landsmeðaltal er 44,8.

Viðmiðunarmörkin sex má sjá í töflunni og hafa verið heimfærð upp á íslenskar aðstæður.

Samkvæmt þessu eru fimmtán af sextán sveitarfélögum Norðurlands eystra í útrýmingarhættu: Norðurþing, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.

Einungis Akureyrarkaupstaður á samkvæmt þessu einhverja von um bjarta framtíð.

*Kenningar hjónanna Deborah og Frank Popper voru settar fram í lok níunda áratugarins og miðuðust að því að meta framtíðarhorfur tiltekinna sveitarfélaga á sléttunum miklu í miðjum Bandaríkjunum. Þær fólust í því að setja fram sex viðmiðunarmörk sem gæfu vísbendingu um að sveitarfélag ætti sér ekki viðreisnar von. Ef sveitarfélagið uppfyllti tvö eða fleiri skilyrði gat það talist á góðri leið með að fara í eyði.

**KAUPVERÐ ÍBÚÐARHÚSN. Á NORÐURL. EYSTRA 2005**




**MEÐALMÁNAÐARTEKJUR ÁRIÐ 2005**

| | |
|---|---|
| **Norðurland eystra** | **272.360 kr.** |
| Akureyrarkaupstaður | 279.864 kr. |
| Norðurþing | 263.570 kr. |
| Fjallabyggð | 280.033 kr. |
| Dalvíkurbyggð | 259.090 kr. |
| Grímseyjarhreppur | 425.297 kr. |
| Arnarneshreppur | 245.306 kr. |
| Eyjafjarðarsveit | 239.183 kr. |
| Hörgárbyggð | 223.550 kr. |
| Svalbarðsstrandarhr. | 246.832 kr. |
| Grýtubakkahreppur | 308.070 kr. |
| Skútustaðahreppur | 272.133 kr. |
| Aðaldælahreppur | 221.309 kr. |
| Tjörneshreppur | 165.757 kr. |
| Þingeyjarsveit | 208.116 kr. |
| Svalbarðshreppur | 226.865 kr. |
| Langanesbyggð | 277.003 kr. |
| **Höfuðborgarsvæðið** | **353.724 kr.** |
| **Landið allt** | **326.782 kr.** |

Meðaltekjur á Norðurlandi eystra árið 2005 voru 83% af landsmeðaltali.

17% vantar upp á að meðaltekjur á Norðurlandi eystra nái landsmeðaltali eða 54.422 kr. á mánuði.




Þetta er sjöunda greinin af átta í greinaflokki Fréttablaðsins um byggðaþróun. Á morgun birtist lokagreinin, sem er samantekt.




# FIMM SINNUM BETRA VERÐ



Accord Sport 2,0i, sjálfskiptur, 155 hestöfl, ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn, 16” álfelgur, 6 loftpúðar/gardínur.

**24.084** kr. á mánuði*
**2.649.000** kr.

Accord Executive 2,0i, sjálfskiptur, 155 hestöfl, ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn, 16” álfelgur, leðursæti, 6 loftpúðar/gardínur, rafmagn í sætum, sóllúga.

**27.220** kr. á mánuði*
**3.049.000** kr.





Accord Type – S 2,4i, beinskiptur, 190 hestöfl, ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn, 17” álfelgur, leðursæti, 6 loftpúðar/gardínur.

**27.988** kr. á mánuði*
**3.079.000** kr.

Accord Executive 2,4i, sjálfskiptur, 190 hestöfl, ABS, EBD, stöðugleikakerfi, skrikvörn, 17” álfelgur, leðursæti, 6 loftpúðar/gardínur, rafmagn í sætum.

**31.262** kr. á mánuði*
**3.439.000** kr.



honda.is

Þú hefur úr fimm Honda Accord bílum að velja; allir hlaðnir búnaði og á lægra verði en sambærilega búnir leiðandi keppinautar. Hvort sem þú myndir bera 190 hestafla Executive útfærsluna við BMW 3 línuna eða 155 hestafla Sport útgáfuna við Toyota Avensis þá er það engin samkeppni. Honda Accord kemur sterkastur út úr samanburðinum. Komdu og kynntu þér hvernig þú getur fengið mest fyrir peninginn. **Með fimm Honda góð kaup til að velja úr er ekki hægt að velja rangt.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24- 26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Miðað við bílasamning hjá SP-Fjármögnun í 84 mán. og 35% útborgun.

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 60 20 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.295 **+1,39%** **Fjöldi viðskipta:** 369 **Velta:** 7.803 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Actavis** | +3,92% | **Atlantic Petrol.** | -6,22% |
| **Kaupþing** | +3,25% | **Flaga** | -2,87% |
| **Össur** | +0,82% | **Straum.-Burðarás** | -0,58% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 69,00 +3,92% ... Alfesca 5,05 +0,60% ... Atlantic Petroleum 558,00 -6,22% ... Atorka 6,47 -0,15% ... Avion 31,20 +0,65% ... Bakkavör 58,40 -0,34% ... Dagsbrún 5,09 +0,79% ... FL Group 22,20 +0,00% ... Glitnir 20,30 -0,49% ... Kaupþing 857,00 +3,25% ... Landsbankinn 26,40 +0,00% ... Marel 77,00 +0,65% ... Mosaic Fashions 17,30 -0,58% ... Straumur-Burðarás 17,10 -0,58% ... Össur 123,50 +0,82%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Moggafjólur

Ætla mætti að Jón Karl Helgason, hinn knái bókmenntafræðingur, eða alnafni hans í kvikmyndunum, hafi tekið við störfum forstjóra Icelandair af Jóni Karli Ólafssyni. Undanfarna daga hafa nokkrar fréttir tengdar Icelandair birst, þar sem forstjóri félagsins er feðraður sem Helgason. Kannski eru listirnar sterkari í hugum fólks en viðskiptin? Og talandi um Moggafjólur þá birtist viðskiptafrétt á síðum blaðsins í gær þar sem greint frá því að hópur íslenskra fjárfesta hefði keypt hollenska drykkjarframleiðandann Refresco fyrir fjórtíu milljarða króna, samkvæmt tilkynningu frá seljandanum 3i. Þetta er ein stærsta fjárfesting Íslendinga fyrr og síðar og átti sér stað í apríl síðastliðnum.



### Ferðamenn flykkjast á norðlensk hótel

Íslenskir sem útlendir ferðamenn flykktust á íslensk hótel í ágúst og fjölgaði gistinóttum í öllum landshornum samtals um 5,7 prósent. Í ágúst stendur þó Norðurland uppi sem ótvíræður sigurvegari þar sem gistinætur fóru úr 14.400 í 17.800 milli ára sem er 23 prósenta aukning. Á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða fjölgaði gistinóttum um sautján prósent, á Suðurlandi fjölgaði um 7,5 prósent en á Austurlandi fjölgaði þeim um fjögur prósent. Höfuðborgarsvæðið rekur svo lestina með eins prósents aukningu á gistinóttum. Í takt við fjölgun gistinótta fjölgaði gistirýmum. Í ágúst í ár stóðu bæði fimm prósent fleiri herbergi og fimm prósent fleiri rúm ferðamönnum til boða en í ágúst í fyrra.

## MARKAÐSPUNKTAR

Stjórn Englandsbanka ákvað í gær að halda stýrivöxtum í Bretlandi óbreyttum í 4,75 prósentum. Ákvörðunin kemur ekki á óvart enda bjuggust flestir greiningaraðilar við þessari niðurstöðu.

Seðlabanki Danmerkur ákvað í gær að feta í fótspor evrópska seðlabankans í gær og hækka stýrivexti um 25 punkta í 3,5 prósent.

Heimsmarkaðsverð á hráolíu hefur hækkað nokkuð á helstu fjármálamörkuðum í gær í kjölfar þess að Edmund Daukoru, olíumálaráðherra Nígeríu og forseti samtaka olíuútflutningsríkja, OPEC, sagði samtökin vera að íhuga að draga úr olíuframleiðslu til að sporna gegn verðlækkunum á olíu. Nú þegar hafa tvö aðildarríki ákveðið að draga úr framleiðslunni.



**ÞÉTT SETNIR BEKKIR** Fjölmenni var á fundi Glitnis þar sem bankinn kynnti spá sína um afkomu félaga á þriðja ársfjórðungi og horfur á markaði. Fréttablaðið/GVA

# Glitnir reiknar með frekari hækkunum

KAUPÞINGI SPÁÐ 39 MILLJARÐA HAGNAÐI SEM YRÐI MET.

Greining Glitnis spáir sex prósenta hækkun Úrvalsvísitölunnar á fjórða ársfjórðungi og fimmtungshækkun vísitölunnar fyrir árið í heild. Að mati deildarinnar leynast enn kauptækifæri í bréfum nokkurra félaga.

Í afkomuspá Glitnis segir að nokkrir þættir hafi snúið við innlendum hlutabréfamarkaði. Þar má nefna betri stemningu fjárfesta, ágæt kauptækifæri hafi myndast eftir lækkanir fram yfir mitt ár, fjárfestar hafi ofmetið hátt vaxtastig og síðast en ekki síst hafi óvissu verið eytt eftir að bankarnir luku við að fjármagna sig fyrir næsta ár.

Glitnir spáir Kaupþingi langmestum hagnaði fyrirtækja í Kauphöll og í raun methagnaði fyrir félag á einum ársfjórðungi því hann mun verða 39,3 milljarðar á þriðja ársfjórðungi. Þá spáir Glitnir Existu yfir 24 milljarða króna hagnaði, FL Group um 7,8 milljarða hagnaði, Landsbankanum um það bil 6,2 milljörðum og Straumi 5,3 milljörðum króna.

Verðkennitölur hlutabréfa lækka samkvæmt spá Glitnis. Þannig lækkar vænt V/H hlutfall markaðarins (markaðsvirði/hagnaði) úr 13,9 frá því í júlí í 13,2 þrátt fyrir hækkun markaðsverðmætis að undanförnu. Væntur hagnaður hefur hækkað auk þess sem innkoma Existu lækkar meðaltalshlutfallið. Þá hækkar vænt arðsemi eigin fjár að meðaltali frá síðustu spá og verður um 25 prósent.

- eþa

# Verð símtala í útlöndum lækkar í kjölfar samnings

**Og Vodafone heitir eftirleiðis Vodafone á Íslandi. Í gær var skrifað undir samning við Vodafone Group um notkun vörumerkisins. Hann er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum og markar upphaf nánara samstarfs fyrirtækjanna.**




**NÁNARA SAMSTARF HANDSALAÐ** Matthias Jungemann, framkvæmdastjóri samstarfssviðs Vodafone Group og Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone á Íslandi, afhjúpuðu saman nýtt merki Vodafone hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Og fjarskipti ehf. hefur gert samning við alþjóðlega farsímafélagið Vodafone Group um nánara samstarf og samnýtingu vörumerkis þess síðarnefnda. Hér eftir mun Og Vodafone því heita Vodafone á Íslandi og verða vörur og þjónusta fyrirtækisins markaðssett undir vörumerki Vodafone.

Samningurinn var kynntur með viðhöfn í nýjum höfuðstöðvum félagsins við Skútuvog í gær. „Þetta eru mikil tímamót fyrir okkur. Samningurinn felur í sér nánara samstarf fyrirtækjanna en áður hefur verið. Með honum fáum við fullt leyfi til að nota vörumerki Vodafone og jafnframt fullan aðgang að þeirra vöru- og þjónustuframboði,“ sagði Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone á Íslandi, og benti á að þetta væri í fyrsta sinn sem samstarfsfyrirtæki Vodafone Group fengi leyfi til þess að nota nafn og merki Vodafone án þess að vera í eigu samstæðunnar.

Árni Pétur segir mikla viðurkenningu í því fólgna fyrir fyrirtækið og starfsfólk þess að Vodafone Group skuli velja það sem fyrsta fyrirtækið í heiminum í nýju samstarfsfyrirkomulagi. „Af samstarfsfyrirtækjum í yfir þrjátíu löndum, flest mjög stór, völdu þeir að fá okkur til að ryðja brautina fyrir þennan farsímarisa,“ segir Árni Pétur og kveður með samkomulaginu íslenskum notendum tryggð betri þjónusta, betra sambband og hagstæðara verð en áður. „Íslendingar eru löngu hættir að láta landamæri stöðva sig og greiðari aðgangur að neti Vodafone á heimsvísu á eftir að lækka símreikninginn erlendis verulega sem kemur sér vel fyrir ferðaglaða Íslendinga, hvort sem ferðast er í vinnu eða í fríi,“ segir hann. Um leið og skrifað var undir samninginn var einnig kynnt þjónustan Vodafone Passport sem gildir í átján löndum, en í þeim eru 83 prósent af reikisímtölum Íslendinga. „Notendur greiða sama mínútuverð og þeir væru staddir hér,“ segir hann og nefnir sem dæmi að kostnaður við fimm mínútna símtal hingað frá Bretlandi lækki um tæp áttatíu prósent. „Það munar um minna fyrir neytendur.“

Matthias Jungemann, framkvæmdastjóri samstarfssviðs Vodafone Group, fagnaði einnig samstarfinu. „Íslenski markaðurinn er framsækinn og símnotendur kröfuharðir og vel að sér í tæknimálum. Vodafone á Íslandi hefur sýnt og sannað að þeir kunna sitt fag þegar kemur að markaðssetningu og innleiðingu á nýjungum Vodafone. Þeir hafa unnið sér fullt traust okkar sem endurspeglast í að Íslendingar fá fyrstir þjóða leyfi til þess að nota Vodafone nafnið eitt og sér.“

Jungemann segir að Vodafone komi til með að horfa til reynslunnar af samstarfinu hér áður en sambærilegir samningar verði gerðir í öðrum löndum. En kveður um leið mikilsvert að fá með þessum hætti komið vörumerki Vodafone sem víðast til neytenda og í því sé akkur fyrirtækisins fólginn.

olikr@frettabladid.is


## Höldum óhreinindum á mottunni

Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



NOTRAX® gólfmottukerfið

...fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
...hindrar að gólfið innandyra verði hált
...heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði í október 2006
Úti- og innimottur af ýmsum gerðum og stærðum

Sigþóra Gunnarsdóttir
Sölumaður í verslun RV

TUNGLIÐ RV6217

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is


# Stjórnendur selja í Mosaic Fashions

Stjórnarformaður og þrír hátt settir stjórnendur í Mosaic Fashions seldu í gær samtals 69.960.585 hluti í félaginu. Salan fór fram á genginu 17,2 og var söluandvirði hlutanna því rúmlega 1,2 milljarðar króna. Þetta voru þeir Stewart Binnie, stjórnarformaður félagsins, Richard Glanville fjármálastjóri, Derek Lovelock forstjóri og Meg Lustman, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Eftir söluna eiga stjórnendurnir þrír og stjórnarformaðurinn samtals eftir 324.540.754 hluti í félaginu.

Meðal kaupenda að hlutunum voru Glitnir banki, Fons, eignarhaldsfélag í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, og aðrir fjárfestar. Jafnframt keyptu þeir Gunnar Sigurðsson og Þór Sigfússon, stjórnarmenn í Mosaic, samtals 1.744.186 hluti í félaginu.

- hhs



**DEREK LOVELOCK, FORSTJÓRI MOSAIC** Hátt settir stjórnendur í Mosaic hafa selt 69.960.585 hluti í félaginu.

# Kaupa keppinaut

Jarðboranir, dótturfélag Atorku, hefur keypt verktakafyrirtækið Sæþór ehf. sem starfar einkum á sviði hafnardýpkunar auk hafnargerðar, vega- og brúargerðar, viðhaldsframkvæmda á mannvirkjum og framkvæmda við orkuveitur. Sæþór mun heyra undir starfsemi Björgunar, dótturfélags Jarðborana.

Ekki er gert ráð fyrir neinum grundvallarbreytingum hjá Sæþóri, sem fellur vel að starfsemi Björgunar og samstæðu Jarðborana í heild. Um samlegðaráhrif mun vera að ræða þar sem aukin hagkvæmni næst meðal annars með samnýtingu vinnuafls, fasteigna og tækja.

Kaupverðið fyrir Sæþór er 310 milljónir króna. Áætluð velta félagsins árið 2006 er 240 milljónir króna og áætluð EBITDA framlegð um hundrað milljónir króna. - hhs



**EINN AF BORUM JARÐBORANA** Jarðboranir hafa keypt verktakafyrirtækið Sæþór fyrir 310 milljónir króna.

# LÍ spáir 70% hagnaðaraukningu

## Horfir fram á fjórtán prósenta hækkun hlutabréfa.

Greiningardeild Landsbankans væntir fjórtán prósenta ávöxtunar hlutabréfa í Kauphöll á næstu tólf mánuðum og telur að kauptækifæri séu til staðar á innlendum hlutabréfamarkaði þrátt fyrir miklar hækkanir í ágúst og september.

Bankinn spáir því að hagnaður þeirra sextán fyrirtækja, sem horft er til, verði samanlagður 74,6 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi sem er 70 prósenta hagnaðaraukning á milli ára. Ef Existu er bætt við nemur aukningin 130 prósentum.

Af einstökum félögum hagnast Kaupþing á fjórðungnum, um 31 milljarð króna en næst koma Exista (19,7 milljarðar), Glitnir (7,7) og Straumur-Burðarás (5,1). Landsbankinn reiknar með að Kaupþing, Mosaic og Össur skili mestri hagnaðaraukningu milli ára en hagnaður af sölu bréfa í Existu setur svip sinn á uppgjör Kaupþings.

Tvö félög skiluðu tapi á þriðja ársfjórðungi, gangi spáin eftir, en það eru Dagsbrún, með 2,6 milljarða króna tap og Marel. Tap beggja félaga skýrist að stórum hluta af kostnaði sem fellur til í eitt skipti.

Fyrir árið 2007 reiknar Landsbankinn með því að hagnaður fimmtán félaga, sem eru samanburðarhæf milli 2006 og 2007, nemi 145 milljörðum króna samanborið við 221 milljarð í ár. - eþa



**GREININGARDEILD LANDSBANKANS** Spáir fjórtán prósenta hækkun í Kauphöll næsta árið.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Meðal hluthafa í Gretti sem hefur verið að kaupa í Avion Group.

# Grettir eykur við sig í Avion

Fjárfestingarfélagið Grettir hefur aftur aukið við hlut sínn í Avion Group og fer nú með 8,25 prósenta hlutafjár. Fyrir helgi keypti Grettir um sex prósenta hlut og jók hlut sinn um rúmt prósent í vikunni.

Hlutur Grettis í Avion er um 4,6 milljarðar króna að markaðsvirði.

Eigendur Grettis eru Sund, Landsbankinn og Ópera Fjárfestingar sem eru í eigu Björgólfsfeðga.

Avion hefur verið að rétta úr kútnum eftir slakt hálfs árs uppgjör; bréf félagsins hafa hækkað um sex prósent á einni viku. - eþa

# Nýr stjóri ráðinn hjá Sterling

**John H. Robertson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri lággjaldaflugfélagsins Sterling sem er í eigu FL Group. Mun hann einnig gegna starfi aðstoðarforstjóra.**



**JOHN H. ROBERTSON**

**Robertson hefur verið framkvæmdastjóri hjá Virgin-Express í Brussel og gegndi þar á undan stöðu framkvæmdastjóra hjá British Midland, sem er næststærsta hefðbundna flugfélagið í Bretlandi.**

**Í fréttatilkynningu frá Sterling er haft eftir Almari Hilmarssyni, forstjóra Sterling, að það sé ómetanlegt að fá mann á borð við John, sem hefur umfangasmikla reynslu af störfum innan bæði hefðbundinna og lággjalda flugfélaga, til liðs við fyrirtækið. Eftir heilt ár sem hefur farið í samþættingu á rekstri sé nú stefnan sett á vöxt og þar muni alþjóðlegur bakgrunnur nýja framkvæmdastjórans verða fyrirtækinu mikill styrkur.** - hhs

# Fullyrðing Atorku röng

Ársreikningaskrá sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem fram kemur að fullyrðing Atorku Group um að Ársreikningaskrá hafi „sent þriggja mánaða uppgjör félagsins til skoðunar hjá sérfræðingum í Bretlandi og fengið þau svör að uppgjörið væri í alla staði til fyrirmyndar og jafnvel of ítarlegt," sé röng.

Yfirlýsingin kemur í kjölfar opinbers bréfs sem Atorka sendi Kauphöll Íslands vegna fyrirhugaðrar málshöfðunar gegn henni. Vill Ársreikningaskrá ítreka að hún sé á engan hátt aðili að deilum Atorku og Kauphallar Íslands, enda snúist þær einvörðungu um upplýsingagjöf Atorku Group hf. samkvæmt fréttatilkynningum til kauphallarinnar en ekki um reikningsskil félagsins. - hhs




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisvæðing fjölmiðla:

## Tímaskekkja

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Verulega kemur á óvart að þeir forystumenn ríkisstjórnarflokkanna sem vélað hafa um málefni fjölmiðla undanfarin misseri skuli ekkert hafa lært af þeirri umræðu sem fram hefur farið. Endurflutt frumvörp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið ohf. og aðra fjölmiðla eru dapurlegur vitnisburður um tímaskekkju.

Með Ríkisútvarpsfrumvarpinu er ríkisstjórnin að brjóta eins konar sátt sem ríkt hefur um ríkisrekið útvarp og sjónvarp á menningarlegum forsendum milli þeirra sem almennt vilja standa vörð um ríkisrekstur og hinna sem aðhyllast einkarekstur. Af því getur ekkert hlotist nema menningarlegt tjón.

*Hægur vandi hefði verið að ná almennri sátt um takmörkun á stærð eignarhluta í fjölmiðlafyrirtækjum. En ríkisstjórnin kýs fremur stríð um það atriði en frið.*

Óumdeilt ætti að vera að því er Ríkisútvarpið varðar að Rás eitt hefur skorið sig úr. Hún hefur með miklum ágætum verið vettvangur þeirrar mikilvægu menningarlegu útvarpsstarfsemi sem flestum finnst eðlilegt að ríkið annist.

Aðrir þættir í útvarps- og sjónvarpsrekstri Ríkisútvarpsins hafa verið fólgnir í almannaþjónustu af ýmsu tagi á sama grundvelli og einkafyrirtæki á þessu sviði hafa sinnt. Á þessu er ekki verið að gera neinar grundvallarbreytingar.

Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa bent á að sums staðar á Norðurlöndunum þekkist ríkisrekstur á útvarpi og sjónvarpi í hlutafélagaformi. Tilvísanir af þessu tagi eru vísvitandi blekking fyrir þá sök að í þeim tilvikum er ekki um að ræða samkeppnisrekstur á auglýsingamarkaði með sama hætti og hér.

Hægur vandi hefði verið að ná almennri sátt um takmörkun á stærð eignarhluta í fjölmiðlafyrirtækjum. En ríkisstjórnin kýs fremur stríð um það atriði en frið.

Þannig á að mismuna fyrirtækjum að þessu leyti eftir því hvernig þau eru skipulagslega upp byggð. Það stríðir gegn öllum eðlilegum leikreglum um jafnræði.

Ríkisútvarpið verður að stærstum hluta í samkeppnisrekstri við einkarekin fjölmiðlafyrirtæki á sviði almannaþjónustu. Engin skynsamleg rök eru þar af leiðandi fyrir því að undanskilja handhafa hlutabréfs ríkisins frá almennum kröfum um dreifð eignarráð að fjölmiðlafyrirtækjum.

Sjónarmiðin um dreifða eignaraðild eiga nákvæmlega eins við um Ríkisútvarpið ohf. eins og önnur hlutafélög. Sú spurning hefur því eðlilega risið að þessháttar frávik gæti jafnvel stangast á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Þá sætir furðu að ríkisstjórnin skuli ekki hafa hlustað á þá gagnrýni sem fram kom í umræðum síðastliðið vor á áform hennar um að setja ritstjórnarstefnu einstakra fjölmiðla undir vald stéttarfélaga og opinberrar eftirlitsnefndar.

Ef ráðagerðir af þessu tagi hefðu komið upp fyrir hálfri öld hefði þeim ugglaust verið líkt við sovétið. En nú er engar slíkar samlíkingar að hafa.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

ATORKA

Magadans - 07/08 Kl. 11:00

Tangó - 09/08 Kl. 19:00

Salsa - 11/08 Kl. 19:00

Rope Yoga - Morguntímar, síðdegistímar, karlahópur

ATORKA



MANNRÆKT

www.man.is

Álafosskvos í Mosfellbæ

Sími 566-8587 og 699-6684

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kratakommar

Umræður í gær á Alþingi um fjárlagafrumvarpið voru misspennandi. Þó áttu nokkrir þingmenn góða spretti. Má þar nefna Jón Bjarnason, Vinstri grænum, sem saumaði hart að fjármálaráðherra og sagði litinn á frumvarpinu heldur daufan. Einar Oddur Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, reiddist vinstri mönnum í umræðunni og sagði þá ekkert jákvætt sjá. „Þetta er alltaf sama gamla kratakommakjaftæðið um að hér sé allt á niðurleið,“ sagði Einar Oddur í einu andsvari sínu. Hvergi annars staðar í Evrópu hefði tekist að bæta hag allra jafn hratt og mikið og á Íslandi.



### Afturhaldskommar

Orð Einars Odds minna á annan skæðan orator. Þegar rifist var um stuðning íslenskra stjórnvalda við stríðið í Írak á Alþingi 29. nóvember 2004 sagði fyrrverandi utanríkisráðherra: „En Samfylkingin er eins og gamall afturhaldskommatittsflokkur og ætlar sér aldrei að verða stór og getur þess vegna ekki stutt verðugt verkefni eins og þetta.“ Vakti þetta þó nokkra athygli fjölmiðla sem spiluðu brotið aftur og aftur. Nú hefur seðlabankastjóri tamið sér yfirvegaðra orðbragð – samt kannski ekki svo að leiðinlegt sé á að hlusta.

### Gungur og druslur

Og af því að þekktar ræður eru rifjaður upp hér af þessu tilefni er ekki annað hægt en að minnast Steingríms J. Sigfússonar. Flestir eru sammála um að hann sé besti ræðumaðurinn á Alþingi í dag. Það hafa margir góðir horfið á braut undanfarin ár. Sagt er að Davíð Oddsson hafi orðið leiðinlegur í ræðustól eftir að Jón Baldvin Hannibalsson hvarf af þingi – hann hafði engan til að keppa við lengur. En nú standast Steingrími fáir snúning. Sérstaklega ekki þegar hann reiðist eins og þegar eignarhald á fjölmiðlum var til umræðu á Alþingi vorið 2004 og Steingrímur krafði Davíð svara. Davíð mætti ekki í þingsal. „Og það skal þá standa að Davíð Oddsson sé slík gunga og drusla að hann þori ekki að koma hér og eiga orðastað við mig,“ sagði Steingrímur.

bjorgvin@frettabladid.is



# Fleipur eða fölsun?



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Kommúnistar á Íslandi

Fátt hefur sætt meiri furðu síðustu vikur en umræðurnar um „leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins“. Tilefnið er stórfróðleg ritgerð í tímaritinu Þjóðmálum eftir dr. Þór Whitehead prófessor, þar sem hann lýsir viðhorfum og verkum íslenskra kommúnista fyrir kalda stríðið og í því og viðbrögðum íslenskra stjórnvalda við hættunni af þeim: Tveir eða þrír menn innan lögreglunnar höfðu gætur á kommúnistum, fyrst að frumkvæði Hermanns Jónassonar, síðan Bjarna Benediktssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Þór rifjar upp, að íslenskir kommúnistar leyndu því hvergi, að þeir voru reiðubúnir til að beita ofbeldi, gerðist þess þörf. Hann segir frá því, þegar þeir beittu slíku ofbeldi, til dæmis í Gúttóslagnum 1932, þegar lögreglan beið ósigur og tveir þriðju hlutar hennar lágu eftir óvígir, og í árásinni á Alþingishúsið 1949. Nokkrir íslenskir kommúnistar hlutu líka þjálfun í vopnaburði í Moskvu, þar á meðal einn, sem síðar gerðist sjálfboðaliði í spænska borgarastríðinu.

Þór bendir einnig í ritgerð sinni á tengsl íslenskra kommúnista og sósíalista austur á bóginn, fyrst við Ráðstjórnarríkin, síðan aðallega við Austur-Þýskaland. Kommúnistaflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn nutu víðtækrar fjárhagslegrar aðstoðar að austan, auk þess sem einstakir áhrifamenn höfðu gott samband við austræna skoðanabræður sína. Til eru í þýskum skjalasöfnum ófá bréf, sem sýna þetta, til dæmis frá Kjartani Ólafssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sósíalistaflokksins og ritstjóra Þjóðviljans. Ráðstjórnarríkin og Austur-Þýskaland voru blóðug og grimm alræðisríki, þar sem símahleranir og persónunjósnir voru ekki undantekning, eins og hér, heldur reglan. Það fólst þess vegna nokkur kaldhæðni í því, þegar Kjartan Ólafsson lagði fram stjórnsýslukæru, af því að hann fékk ekki aðgang að skjölum um símahleranir, sem Guðni Th. Jóhannesson hafði skoðað í Þjóðskjalasafninu. Taldi Kjartan jafnræðisregluna brotna á sér. En slík kaldhæðni breytir auðvitað engu um það, að Kjartan átti að fá að sjá þessi gögn eins og Guðni.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur rétt fyrir sér um það, að fáránlegt er að tala um „leynilögreglu Sjálfstæðisflokksins“ í þessu sambandi. Tveggja eða þriggja manna deild í lögreglunni sá um að hafa gætur á þeim, sem taldir voru hættulegir öryggi borgaranna og höfðu tengsl við erlend og óvinveitt alræðisríki. Þetta er eðlilegt hlutverk lögreglu í öllum lýðræðislöndum. En kveikjan að þessari nafngift var viðtal við Guðna Th. Jóhannesson í Nýju fréttastöðinni 23. september 2006. Hann var spurður, hvort um væri að ræða leyniþjónustu Sjálfstæðisflokksins. Hann svaraði ekki beint, heldur taldi sig geta fullyrt, að Ólafur Jóhannesson hefði í dómsmálaráðherratíð sinni ekki vitað af þessari starfsemi lögreglunnar. Þetta greip fréttastjóri Nýju fréttastöðvarinnar á lofti og kynnti fréttina eins og sagnfræðingur hefði sagt, að þetta hefði verið „leyniþjónusta Sjálfstæðisflokksins“. Guðni benti raunar á það síðar, að þessi orð væru ekki frá sér komin, heldur lögð sér í munn.

Fréttastjórinn, sem valdi fréttinni fyrirsögn, ber auðvitað sína ábyrgð. Hann lagði Guðna í munn orð, sem hann hafði ekki sagt. En Guðni ber líka sína ábyrgð á falsfrétt með því að leiðrétta hana ekki tafarlaust. Hann sagði líka of mikið í viðtalinu. Hvaðan veit Guðni, að Ólafur Jóhannesson hafi ekki vitað af þessari starfsemi lögreglunnar? Ég tel mig geta fullyrt, að Guðni hafi engin skrifleg gögn um það og hafi aðeins sett fram tilhæfulausa (og raunar ólíklega) getgátu. Nokkrum dögum síðar kom Steingrímur Hermannsson fram opinberlega og sagði, að hann teldi fullvíst, að Ólafur hefði vitað af þessu. Af einhverjum ástæðum hefur það ekki verið sama fréttaefnið og getgáta Guðna. Raunar kvaðst Steingrímur ekki hafa vitað af þessari starfsemi lögreglunnar sjálfur. En það er ekki rétt. Steingrímur lét gera skýrslu um þetta mál, eins og segir frá í Morgunblaðinu 31. júlí 1986, þótt það virðist ekki heldur þykja fréttnæmt. (Þess má geta, að gárungarnir sögðu, að í stjórnartíð Steingríms hefði valdamesti maðurinn á Íslandi jafnan verið sá, sem síðast talaði við Steingrím.)

Kommúnistar á Íslandi voru hvorki betri eða verri en skoðanabræður þeirra í öðrum löndum. Hættan af þeim var jafnmikil og við henni brugðist á sama hátt og í grannlöndunum. Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, framrás kommúnismans var stöðvuð og gætur hafðar á kommúnistum innan lands. Það er slíkum viðbrögðum að þakka, að ég skuli hafa frelsi til að skrifa þessa grein og Kjartan Ólafsson rétt til að leggja fram stjórnsýslukæru.

# Áskorun til kvenna

**Umræðan**

Konur og stjórnmál



BRYNDÍS BJARNARSON

Konur tökum þátt í stjórnmálum og látum í okkur heyra, því mikilvægt er að konur séu í forystusveitum í þjóðfélaginu ásamt körlum. Ég skora á allar konur að hugsa sinn gang og líta í eigin barm og skoða hvort þær hafi eitthvað til þjóðmálanna að leggja. Konur hafa alltaf haft miklar skoðanir á málefnum samfélagsins og þær raddir þurfa að berast inn á Alþingi.

Framkvæmdastjórn Landsamband framsóknarkvenna ályktaði á fundi sínum þ. 22. sept. sl. „Framkvæmdastjórn Landssamband framsóknarkvenna skorar á konur að gefa kost á sér á framboðslista Framsóknarflokksins og bendir á mikilvægi þess að fjölga konum á Alþingi. Einnig leggur stjórnin áherslu á að í fjórum efstu sætum sé jafnt kynjahlutfall og þar verði tvær konur og tveir karlar, þar sem fjögur efstu sæti framboðslistanna hafa mest um það að segja hverjir fá sæti á Alþingi. Mikilvægt er að rétta hlut kvenna á Alþingi og auka þar með nútímalýðræði.“

Margir hnjóta eflaust um nútímalýðræði; hluti af því lýðræði sem við þekkjum í dag er að konur séu með í ákvarðanatöku samfélagsins. Mikilvægt er að rödd þeirra heyrist þar sem þær sjá samfélagið oft á ólíkan hátt miðað karla og hafa oft annan bakgrunn.

Í síðustu alþingiskosningum fækkaði konum á Alþingi. Þess vegna er mikilvægt að hvetja konur í öllum flokkum til að taka ábyrgð og bjóða sig fram. Vafalaust eru margar ástæður fyrir fækkun kvenna á þingi, en ein megin ástæðan er að konur eru sjaldan í meirihluta í einum af fjórum efstu sætum á listum flokkanna. Þess vegna er mikilvægt að konur bjóði sig fram í forystusæti á listum flokkanna. Því miður hætta konur að jafnaði fyrr en karlar í stjórnmálum og því er mikilvægt að við stöndum þétt á bak við þær konur sem eru nú þegar í stjórnmálum.

Ég skora á þær konur sem ekki hafa áhuga á að bjóða sig fram, að standa við bakið á kynsystrum sínum sem eru tilbúnar að leggja þessa vinnu á sig fyrir þeirra hönd og leggja þeim lið í anda og verki. Kjósum konur á þing, hvetjum konur til að bjóða sig fram og stöndum saman að auknum hlut kvenna á Alþingi Íslendinga.

*Höfundur er formaður Landssambands framsóknarkvenna.*

# Eiga sunnlenskar byggðir sér ekki viðreisnarvon!

**Umræðan**
Greinar Fréttablaðsins um byggðaþróun

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, ágætur blaðamaður á Fréttablaðinu, skrifar um flóttann af landsbyggðinni í mjög athyglisverðum greinum þar sem hún fjallar um einstaka landshluta, sveitarfélög og framtíðarmöguleika þeirra. Í sunnudagsblaðinu er fjallað um Suðurland. Greinin er fróðleg en hreyfði svo sannarlega við mér.

Í greininni kemur fram að samkvæmt kenningum bandarísku hjónanna Deborah og Frank Popper sem settar voru fram í lok níunda áratugarins og miðuðust að því að meta framtíðarhorfur tiltekinna sveitarfélaga á sléttunum miklu í Bandaríkjunum út frá sex viðmiðunarmörkum sem gæfu vísbendingu um að sveitarfélagið ætti sér ekki viðreisnar von ef þau uppfylltu tvö eða fleiri þessara skilyrða. Samkvæmt þessum kenningum eiga sér einungis þrjú sveitarfélög sér viðreisnarvon á Suðurlandi; Árborg, Hveragerðisbær og Ölfus. Þetta minnir okkur á það á hvern hátt mál eru sett fram, hvaða aðferðum er beitt til þess að ná niðurstöðum og útkoman verður alltaf í samræmi við þær forsendur sem unnið er út frá.

Í fyrsta lagi eru kenningarnar gamlar, sem þarf svo sem ekki endilega að vera svo slæmt, en í öðru lagi miðast þær við gerólíkt samfélag og okkar og útkoman verður ótrúlega neikvæð fyrir Suðurland, sem ég tel að hafi mikla framtíðarmöguleika. Ég er þeirrar gæfu aðnjótandi að vinna sem sveitarstjóri í Hrunamannahreppi í Árnessýslu. Hrunamannahreppur er með allra blómlegustu dreifbýlishreppum landsins og frá fornu fari kallaður annar af tveimur Gullhreppum uppsveitanna. Hér er eitt allra blómlegasta landbúnaðarsamfélag landsins. Nútíminn hefur haldið innreið sína varðandi mjólkurframleiðslu, ylblóma og garðrækt enda miklar auðlindir fólgnar í öllu því heita vatni sem hér er. Á Flúðum er Límtrésverksmiðjan og ferðaþjónusta er hér afar fjölbreytt en til marks um það eru hér tveir golfvellir, svo ekki sé minnst á fjölbreytilega flóru frístundabyggðar. Hér eru náttúruperlur eins og Gullfoss, Kerlingarfjöll, dásamlegt afréttarland, lax- og silungsveiðiár svo eitthvað sé upp talið. Í sveitarfélaginu er aldurssamsetning íbúanna með þeim hætti að samfélagið er ungt og kröftugt, sem sést á því að 34% íbúanna eru á aldrinum 1 til 17 ára og 8% íbúanna 65 ára og eldri. Í uppsveitum Árnessýslu er mikil og rótgróin samvinna. Við höfum sameiginlega starfsmenn s.s. byggingafulltrúi, skipulagsfulltrúi, ferðamálafulltrúi og félagsmálastjóri. Einnig er samvinna er tengist menningarstarfsemi s.s. kórastarf o.m.fl. Það er kraftur og áræðni íbúanna í þessum byggðum. Sama má segja um mörg önnur sveitarfélög á Suðurlandi. Þess vegna leyfi ég mér að mótmæla því harðlega að við eigum okkur ekki viðreisnarvon.


ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASON

Í framhaldi af þessum greinarstúf býð ég Sigríði Dögg í heimsókn í hreppinn okkar til þess að sannfæra hana um að kenningar Bandaríkjamanna eru fortíðardraugur – ekki síður en vera þeirra á Keflavíkurflugvelli.

*Höfundur er sveitarstjóri í Hrunamannahreppi í Árnessýslu.*

Það er kraftur og áræðni íbúanna í þessum byggðum. Sama má segja um mörg önnur sveitarfélög á Suðurlandi. Þess vegna leyfi ég mér að mótmæla því harðlega að við eigum okkur ekki viðreisnarvon.

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Ljótt að gera lítið úr Bretum

**Jens Guð sendi blaðinu eftirfarandi athugasemd við frétt Fréttablaðsins:**

Á dögunum sagði í forsíðufyrirsögn Fréttablaðsins „Nylon í efsta sæti í Bretlandi“. Af fréttinni mátti ráða að Nylon væri í efsta sæti breska vinsældalistans.

Af hverju að draga upp vonda mynd af Bretum? Er ekki nógu slæmt fyrir þá að Blair sé ennþá forsætisráðherra?

Flugufóturinn fyrir fréttinni er sá að lítið vinsældalistablað, Music Week, birtir vikulega fjölda vinsældalista. M.a. allra handa smálista, s.s. „playlista“ útvarpsstöðva, dansklúbbalista og þess háttar. Það mun hafa verið á einum þessara dansklúbbalista sem þreytulegri karíóki-útgáfu Nylon á „Sweet Dreams“ brá fyrir. Eurythmics sló í gegn með þessu lagi á níunda áratugnum. Síðan hefur það stöðugt verið á hinum ýmsu smálistum í mismunandi flutningi að minnsta kosti á 3ja tug flytjenda. Inni á milli hafa Marilyn Manson og fleiri komið því á alvöru vinsældalista.

Forsíðufrétt Fréttablaðsins er hliðstæð því að New York Times væri með forsíðuuppslátt um að Dixie Chicks hafi náð 1. sæti á Íslandi. En í raunveruleikanum væri Dixie Chicks einungis með mest spilaða lagið þá vikuna í útvarpi Kántrýbæjar á Skagaströnd.

Þetta má ekki skiljast sem neitt niðrandi um Kántrý-útvarpið. Það er merkilegra en allir dansklúbbar Bretlands til samans.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is og á netfangið greinar@frettabladid.is. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn 2006

VAXANDI VITUND – AUKIN VON

Saman eflum við geðheilsu og drögum úr sjálfsvígum

* Vigdís Finnbogadóttir er verndari Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 2006

• Laugardagur 7. október

Kl. 11:00 – Geðhlaup í Nauthólsvík » Mæting kl. 10:30
10 km. tímataka og 2 km. skemmtiskokk. Skráning fer fram á www.hlaup.is og í síma 570 1700.

Kl 12:00 – Geðsjósund í Nauthólsvík » Hugrakkir kasta af sér spjörunum (þó ekki alveg öllum) og stinga sér til sunds í sjóinn undir handleiðslu Sjósundfélags Íslands.

Kl. 14:00 – Skemmtun í Ráðhúsinu » Dagskrá fyrir alla fjölskylduna í Ráðhúsinu.
Simmi og Jói halda uppi stuði og kynna til leiks ýmsa listamenn, þar á meðal Jón Gnarr, Tatu Kantoma og Hjörleif Valsson, Margréti Sigurðardóttur og Björn Thoroddsen.
Skoppa og Skrítla kíkja í heimsókn og allir krakkar fá íspinna frá

Myndlistarsýning verður í Ráðhúsinu alla helgina

• Sunnudagur 8. október

Skákhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur
Kl. 13:00 – Fjöltefli » Friðrik Ólafsson stórmeistari teflir fjöltefli við efnilega skákkrakka og félaga úr skákfélagi eldri borgara.
Kl. 14:00 – Hraðskákmót » ALLIR VELKOMNIR!
Skákfélag Vinjar, Hrókurinn, Skákfélag Háskólans í Reykjavík og Kátu Biskuparnir halda æsispennandi hraðskákmót. Glæsilegir vinningar í boði Eddu útgáfu!
Happadrætti – allir geta fengið vinning, einnig í boði Eddu útgáfu.
Skráning á staðnum, kostar ekkert!

Myndlistarsýning verður í Ráðhúsinu alla helgina

• Þriðjudagur 10. október

Kl. 08:00 – 16:30 – Þverfagleg Ráðstefna » „Ný hugsun í geðheilbrigðismálum“
Á undanförnum árum hefur gagnrýni á hefðbundna meðferð geðröskunar aukist. Þessi gagnrýni beinist annars vegar að of mikilli áherslu á lyfjagjöf í meðferð og hins vegar að of lítilli áherslu á þætti sem auðvelda fólki með geðraskanir að lifa eðlilegu lífi í samfélaginu.
Tímabært er að opna þessa umræðu og leiða fram gagnstæð sjónarmið, vega þau og meta.

Kl. 20:00 – Geðganga » Páll Óskar & Monika og Módettukórinn í Hallgrímskirkju
Fjölmennum í Hallgrímskirkju og hlýðum á undurfagra tónlist Páls Óskars & Moniku og Módettukórsins, auk þess sem séra Birgir Ásgeirsson verður með hugleiðingu.
Því næst göngum við saman niður að tjörn og fleytum kertum til minningar um þá sem við höfum misst vegna sjálfsvíga.
Kertin verða afhent þátttakendum á staðnum án endurgjalds.

GEÐHJÁLP
LÝÐHEILSUSTÖÐ
KLÚBBURINN GEYSIR
LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
VALDEFLING
Rauði kross Íslands
HUGARAFL

Styrktaraðilar »
FL GROUP
actavis
AstraZeneca
Lilly
GUÐJÓN Ó

# Munaðarlausir þingmenn – Foreldraflokkurinn til bjargar

**UMRÆÐAN**
Fjórða og síðasta grein Jóhanns Óla Guðmundssonar um heilbrigðis- og öldrunarmál.

Um opinbera umfjöllun og ráðstafanir í vistunarmálum aldraða, sérstaklega á vettvangi stjórnmálanna, er eins og ekki sé með neinum hætti hægt að fá fram aðgerðir sem byggjast á yfirsýn eins og fram er komið í fyrri greinum. Þess í stað hefur vistunarrýmum verið ráðstafað, skammtað úr hnefa, af pólitískri eða kerfislægri hentisemi, án nokkurrar heildarsýnar yfir skilgreinda vistunarþörf mismunandi hópa aldraðra Íslendinga. Vanmáttartímabili Jóns Kristjánssonar er lokið og var um stund vonast til þess að núverandi heilbrigðisráðherra tæki á sig rögg og aðhefðist það sem máli skiptir og tileinkaði sér nútíma vinnubrögð. Hún hefur opinberlega lýst yfir ánægju með góð störf Jóns í embætti, sem er alvarlegt tilefni umhugsunar að mínu mati. Slíkt vinaklapp á öxl er að mínum dómi ekki verðskuldað í hans tilfelli sem má sjá á þeirri ringulreið sem ríkir í heilbrigðiskerfinu öllu, þar sem fjöldi „biðlista-fólks“ deyr eða verður ótímabærri hrörnun að bráð við afleitar aðstæður og fær ekki vistun eða viðeigandi meðferð í tíma.

Aldraðir hafa lengi þurft að verma sér við pólitískar þulur en litlar efndir, því miður. Maður veltir því fyrir sér hver ósköpin það eru með þingmenn sem láta þetta ástand viðgangast, eiga þeir ekki foreldra eða er þeim nánast sama hvað verður um foreldra sína og annarra í ellinni? Þingmenn láta upp til hópa eins og þeir séu munaðarlausir og hafi ekkert með málefni aldraðra að gera, en hverjir þá?

Handahófskenndar þjónustuúthlutanir fóru fram fyrr á árinu og svo virðist sem ennþá sé verið að úthluta án heildarstefnu sem miðast við alla hópa veikra á meðal aldraðra. Ennþá er verið að byggja húsnæði og láta svo koma í ljós hvers konar umönnunar- og álagsrekstur skuli fara þar fram. Óstjórnin er ólýsanleg og fjármunum kastað á glæ og enginn er látinn sæta embættislegri eða pólitískri ábyrgð. Þetta leiðir af sér aðhaldsleysi og að í alls konar embættum situr fólk árum saman en afkastar litlu sem engu, og þvælist bara fyrir eðlilegri framvindu. Kynni mín af heilbrigðisráðuneytinu falla sannarlega undir þessa skilgreiningu og er ekki að furða þó illa gangi með heilbrigðiskerfið allt, því eftir höfðinu dansa limirnir. Mér kemur heilbrigðisráðuneytið fyrir sjónir sem mjög skýrt dæmi um hrokafulla óstjórn enda vottar ekki fyrir málsmeðferðarmetnaði þar á bæ, eins og gengur og gerist í „Fílabeinsturnum“ sem lamaðir eru af eigin sjálfsdýrkun og skilningsleysi á gangi mála allt í kring um sig. Verklag þar á bæ er með slíkum eindæmum að fyrir mann sem hefur unnið alla sína tíð í einkarekstri er það fullkomið áfall að kynnast slíkri ófærni og afkastaleysi. Þetta fólk verður án tafar að axla ábyrgð á því ástandi sem það ber ábyrgð á.


JÓHANN ÓLI GUÐMUNDSSON

*Óstjórnin er ólýsanleg og fjármunum kastað á glæ og enginn er látinn sæta embættislegri eða pólitískri ábyrgð.*

Ríkisstjórnin hafði í tíð Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, sett sér ný og metnaðarfull markmið fyrir framtíðina í vistunarmálum aldraða. Það er fróðlegt að skoða það lestrarefni og bera saman við efndir, á mestu velsældartímum í ríkisbúskap Íslendinga. Jón Kristjánsson fv. heilbrigðisráðherra virðist hafa misst sjónar á þessum metnaðarfullu markmiðum og hóf aftur handahófskenndar úthlutanir án nokkurrar yfirsýnar, enda eru vandamálin þeim tengd yfirþyrmandi. Í nútíma verklagi þarf að skilgreina það þjónustustig sem á að veita á hverjum hjúkrunarstað og byggja síðan utan um þá þjónustu en ekki öfugt. Rekstur af þessu tagi verður að fara fram í byggingum sem þjóna rekstrinum en vinna ekki gegn honum. Því er óhjákvæmilegt að finna leið til algerrar endurnýjunar þess húsnæðis sem mörg hjúkrunarheimili búa við frá gömlum tíma og uppfylla ekki þarfir nútímans. Byggja þarf ný hjúkrunarheimili bæði til að mæta brýnni vistunarþörf, en einnig til að létta megi af gömlu hjúkrunarheimilunum tímabundið, enda þurfa þau að fá svigrúm til að endurnýja húsakost sinn og laga reksturinn að nýjum tímum. Sérhannað húsnæði er sú lausn sem er bæði skynsamlegust og hagkvæmust, því hún tryggir samvinnu húsnæðis og starfsmanna sem aftur þýðir mun betri umönnun.

Þeir sem trúa því að þetta sé raunin í verklagi heilbrigðisráðuneytisins í málsmeðferð nýjustu mála eru á alvarlegum villigötum og þurfa að skerpa á þekkingu sinni. Eftir þessi ár mín við heilbrigðisrekstur er það einlæg trú mín að heilbrigðisráðuneytið sjálft sé lang sjúkasta einingin innan alls heilbrigðiskerfis Íslendinga og er þá von til þess að vel fari, ég spyr. Hefja þarf endurhæfinguna án tafar í nefndu ráðuneyti.

*Höfundur er stjórnarformaður Öldungs hf. sem rekur hjúkrunarheimilið Sóltún.*

# Kaupfélagsgenið

**UMRÆÐAN**
Stjórnmál og erfðir

Mér hefur verið það ljóst um margra ára skeið að ég ber með mér mjög sterkan og einstakan erfðaþátt sem ég get ekki fundið betra nafn yfir en Kaupfélagsgenið eða Kaupfélagssyndromið. Þessi erfðaþáttur er ekki beint „inn“ eins og sagt er og ekki vinsæll meðal þjóðarinnar nú um stundir, sem oft kann hvorki gott að meta né éta. Ég hef hins vegar tröllatrú á því að þessi eiginleiki eigi eftir að blómstra þegar afkomendur mínir og allir þeir sem bera þennan erfðaþátt koma út úr skápnum. Þá verða haldnir Kaupfélagsdagar líkt og „Gay pride dagar“ sem enginn gat séð fyrir að haldnir yrðu hér með elegans. Hver vill þá ekki vera með?


INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR

Það er til stór hópur í dag sem segir „Slappaðu af mamma mín, þetta er búið“. Svo mikið veit ég að það sem er í genunum hleypur ekki frá manni þótt það kunni að þynnast út um stund eða því haldið niðri með einhverjum hætti. Ég hef þráfaldega rætt þetta við vin minn Kára. Mér finnst hann ekki skilja nógsamlega gildi þessa gens þegar ég bið hann um að einangra genið til að geta betur stýrt áhrifamætti þess, svo koma megi Framsóknarflokknum til bjargar.

Nú vil ég segja ykkur mína Kaupfélagsgenasögu ef það vildi til að einhver kannaðist við einkennin. Ég fékk líka þessa fínu grænu skó í Kaupfélaginu heima þegar ég var sex ára. Þetta var svona millistig af gúmmískóm og strigaskóm. Ástæða þessarar fjárfestingar foreldra minna var fyrirhugað ferðalag til Reykjavíkur. Alla leiðina til Reykjavíkur horfði ég niður á tær mér í lotningu og gleði, hlakkaði til að sýna frændfólkinu í borginni að maður þarf ekki að vera sveitó þó maður búi ekki í Reykjavík. Þökk sé blessuðu Kaupfélaginu.

Við gistum hjá ættingjum okkar í Karfavoginum. Þetta var stórkaupmannsfjölskylda. Virkilega gestrisið og gott fólk en með algjört anti-Kaupfélagsgen, eins og stórkaupmenn höfðu og hafa flestir. Hjónin rifust ekki beint við foreldra mína en ég fann að þau höfðu greinilega miklar áhyggjur af þeirri einokun og einangrun sem þau töldu okkur búa við. Heimasætan elsta, sem nýlega var gengin í Heimdall og hugði á glæsta framtíð í pólitíkinni átti miða í leikhúsið, og bauð nú litlu frænku sinni úr sveitinni með sér. Þetta var þó ekki alveg skilyrðislaust boð, hún vildi að ég skipti um skó, færi í gamla lakkskó af henni. Ég sýndi henni fram á kosti kaupfélagsskónna sem pössuðu mér vel en lakkskórnir gömlu voru skældar bullur sem ég þverneitaði að máta. Ég man enn hve höggið var ógurlegt þegar hún sagðist ekki fara með mig í Þjóðleikhúsið í þessum grænu, hallærislegu túttum. Ég yrði að athlægi, fólk sæi að ég væri úr sveit. Ég varð af leikhúsferðinni, hún tók vinkonu sína með sem gekk í skóm við hæfi. Þið skuluð ekki ímynda ykkur að ég hafi verið lengi spæld yfir þessu. Þvert á móti fannst mér að ég og grænu skórnir hefðum unnið stórsigur. En ég átti eftir að vinna fleiri sigra í þessari ferð. Amerískt tyggigúmmí var ekki til í Kaupfélaginu, það var raunverulega ekki hægt að fá það nema maður hefði mjög góð sambönd. Þá meina ég Wrigleys, þetta gula, hvíta og græna. Fólkið í Karfavoginum var með sambönd þó það þyldi ekki Sambandið og átti ógrynni af tyggjói. Ég finn enn lyktina af gula tyggjóinu, mér fannst það best. Frænka mín, sú í Heimdalli, vissi að ég var afar veik fyrir slíku góðgæti.

Hún lagði því fyrir mig þraut sem var á þá leið að hún reif hálfa plötu af gulu tyggjó og bar það upp að nefinu á mér. „Þú mátt eiga alla plötuna ef þú segist vera sjálfstæðiskona,“ sagði hún. Ég kyngdi munnvatninu og sagði nei. „En ef þú færð heilan pakka?“ spurði hún. „Nei ég get það ekki, það væri svo ljótt.“ „Þú færð karton ef þú segir þetta hátt og snjallt svo allir í Karfavoginum heyra.“ Nú runnu tvær ef ekki þrjár grímur á mig. Karton, ég gæti gefið öllum krökkunum í þorpinu heilan pakka, átt sjálf afganginn, jú ég gat ekki staðist þetta boð. En þegar ég ætlaði að segja ég er sjálfstæðiskona sagði ég eins og er. Ég er framsóknarkona og við það hefur setið síðan. Þetta var upphaf að löngu og ströngu lífi með Framsókn.

Ég veit að til að tryggja sem best að afkomendurnir erfi það besta í fari manns þarf maður að tryggja rétt makaval, þá meina ég pólitískt. Þar uggði ég ekki nægilega vel að mér og því þarf ég að vera sífellt á verði, að börnin mín breyti rétt þegar kemur að kosningum. Meðan Kaupfélagið var og hét á Akranesi kappkostaði ég ávallt að versla þar. Vöruúrvalið var ekki mikið en ég minntist orða móður minnar þar sem hún sagði gjarnan: „Ef hluturinn er ekki til í Kaupfélaginu, þá vantar okkur hann ekki.“ Þetta voru einföld og góð fræði sem ég fór eftir að mestu. Því var það svo að þegar ég fór að bjóða kærastanum í mat keypti ég hráefnið í Kaupfélaginu, þó meira úrval væri kannski annars staðar. Einhverju sinni keypti ég þar kjötbúðing sem brann á pönnunni hjá mér, mjög illa reyndar, þá meina ég báðum megin altso. Ég snaraði vínberjum yfir allt til að fá betra lúkk á matinn. Bónda mínum verðandi þótti þetta ekki lystugt og lét mjög óvarleg og vanþakklát orð falla um matargerðina þannig að ég var við að beygja af. Til að bæta gráu ofan á svart sagði hann að ekki væri ætan bita að fá í Kaupfélaginu. Dæmigert fyrir áróðurinn á Kaupfélögin. Mannleg mistök við eldavélina gátu líka skrifast á þau. Þá var mér nóg boðið og sagði honum fyrirvaralaust upp í fyrsta sinn og ekki það síðasta.

*En þegar ég ætlaði að segja ég er sjálfstæðiskona sagði ég eins og er, ég er framsóknarkona og við það hefur setið síðan. Þetta var upphaf að löngu og ströngu lífi með Framsókn.*

Víkur nú sögunni að erfðavísindum. Í mig var hringt í sumar frá Decode og ég beðin að taka þátt í rannsókn sem nú stæði yfir. Ég blessaði Kára í bak og fyrir og trúði því að hann hefði bænheyrt mig varðandi Kaupfélagsgenið. Þið megið taka úr mér allt blóð og skinn, elskurnar mínar já og meira til. „Eru margir til kallaðir?“ spurði ég. „Það er svo sannarlega kominn tími til að rannsaka þetta sérstaka Kaupfélagsgen,“ sagði ég og átti erfitt með að leyna eftirvæntingu minni og tilhlökkun. Stúlkan hváði og sagði hikandi: „Þú ert til kölluð því að þú ert af þekktri ætt með offitu og hjartsláttartruflanir.“ Fari það sótbölvað!!! Við það stendur í bili, en ég veit að vísindin efla alla dáð og ég veit að sá dagur mun renna upp að við sanntrúaðir munum eiga eftir að njóta okkar í grænum skóm og rauðum úr Kaupfélaginu. Það verður enginn maður með mönnum á þessu landi nema að hann geti rakið ættir sínar í beinan kvenlegg til framsóknarkvenna og hana nú, Hallelúja.

*Höfundur er fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins.*



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


EKKERT BRUÐL
Tilboðin frá Bónus!
Sjáðu verðið!
KLETTABLANDA 100g
230 KR.
Merkt verð 329KR.
30% afsláttur við kassann
RUCOLA SALAT 75g
230 KR.
Merkt verð 329KR.
FRISEBLANDA 150g
209 KR.
Merkt verð 298KR.
30% afsláttur af pokasalatinu frá Himneskri hollustu!
Fersk nýslátruð lambalæri
...fyrir góðan dag!
FERSKT LÆRI KÍLÓVERÐ NÚ:
844 KR.
Merkt verð 1299KR.
35% afsláttur við kassann
Sjáðu verðið!
Chips Paprika
EURO SHOPPER
PAPRIKUSNAKK STUTT GEYMSLUÞOL
49 KR.
200 GRÖMM
Paprikusnakk með STUTT GEYMSLUÞOL 20. október
3x 99g
98 KR.
NEWMAN'S OWN
ALL NATURAL
OLDSTYLE PICTURE SHOW
ÖRBYLGJUPOPP
3x 99g
RÉTTA BRAGÐIÐ - SYKURLAUST
Coca-Cola light
2 lítrar
98 KR.
Fleiri tilboð
www.bonus.is
Sama verð í öllum Bónusverslunum á landinu!
BÓNUS


Ekkert bruðl - Fylgis
Blandað lambasaltkjöt
BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 499KR.
EGILS MALT
79 KR.
Í GLERI
EGILS APPELSÍN
69 KR.
Í GLERI
40% afsláttur við kassann
Pjóðlegt og gott!
AFSLÁTTUR 30% VIÐ KASSANN
Frosið kj
frá Kjötba
BÚHNYKKSRÆKJA kílóverð nú:
599 KR.
1000g
Forrétturinn
AMERICA/CHEESE
129 KR.
200g
200g
Súkkulaðiterta
SÚKKULAÐIKAKA
259 KR.
AMANDA
Ultimate Chocolate Cake
Eftirrétturinn
Ungna
25% afsláttur við kassann
25% afsláttur
af öllu ungnautak
frá Íslandsnaut

## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Sushismiðjan** er með sérstök mánudagstilboð í október og býður upp á tíu bita sushibakka og gos á aðeins 1.300 krónur á mánudögum.



**Smjörvi** er nú á sérstöku tilboðsverði með 20 prósenta afslætti.

**Ormson** er með AEG þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar á tilboðsverði þessa dagana.

**Lambalæri** af nýslátruðu fást á aðeins 899 krónur kílóið í Nóatúni.

**30%** afsláttur er af Goða lambalæri í Krónunni.

**Body Shop** á 15 ára afmæli á Íslandi og af því tilefni er 25 prósenta afsláttur af allri vöru í verslununum dagana 5.-8. október.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 6. október, 279. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.50 | 13.16 | 18.40 |
| Akureyri | 7.38 | 13.01 | 18.22 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Á Food and Fun hátíðinni sem haldin var fyrr á þessu ári kynntist Haukur Valgeir Magnússon, yfirkokki á veitingastað Jamie Oliver. Þessi kynni leiddu til þess að Haukur er á leið til London í starfskynningu hjá Jamie. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Eldar fyrir Jamie Oliver

***Hauki Valgeiri Magnússyni var boðið að starfa á veitingastað Jamie Oliver, en þar getur tekið marga mánuði að fá borð.***

Haukur lauk námi frá Hótel- og veitingaskóla Íslands í maí síðastliðnum, en síðan þá hefur hann starfað á veitingastaðnum La Primavera.

Á Food and Fun-keppninni sem haldin var fyrr á þessu ári má segja að lukkuhjólið hafi tekið góðan snúning í lífi Hauks, en þar kynntist hann manni sem er yfirkokkur á veitingastað sem er í eigu Jamie Oliver. „Ég var í útskriftarbekk þegar þessi keppni stóð yfir en það hefur skapast hefð fyrir því að sá bekkur aðstoði kokka í keppninni. Það koma um það bil tíu kokkar til landsins að keppa og ég lenti með þessum manni sem er yfirkokkur á Fifteen – en það er mjög vinsæll veitingastaður sem Jamie Oliver rekur í London. Þegar keppnin var búin þá leist honum svo vel á mig að hann bauð mér að koma út. Ég þáði það vitanlega samstundis, en þó hefur tekið hálft ár að koma mér úr landi,“ segir Haukur, sem leggur í hann til London um næstu helgi.

Í þessum bransa ku víst ekki vera einfalt að koma sér áfram og jafnvel þó að Hauki hafi persónulega verið boðið af yfirkokki Fifteen að heimsækja veitingahúsið, þá var kálið ekki sopið þó í ausuna væri komið. „La Primavera er eins konar vinastaður Fifteen en núverandi yfirmaður minn, Leifur Kolbeinsson, ýtti undir það að þeir myndu standa við þetta tilboð,“ segir Haukur og bætir því við að marga mánuði geti tekið að fá borð á Fifteen og þangað komist alls ekki allir sem vilja, hvort sem um er að ræða í eldhús eða borðsal. Hann bætir því líka við að þetta sé ekki venjulegt veitingahús eins og fólk á að venjast. „Staðurinn er eiginlega tvíþættur í þeim skilningi að þarna rekur Jamie Oliver veitingastað en svo eru einnig teknir upp sjónvarpsþættir þarna þar sem Jamie kennir afvegaleiddu ungu fólki að elda mat og koma undir sig fótunum,“ segir Haukur fullur tilhlökkunar að komast í þessa starfskynningu á einum þekktasta veitingastað Evrópu.

*margret.hugrun@frettabladid.is*

## Nýtt frá Te&kaffi

TE OG KAFFI HEFUR SETT Á MARKAÐ NÝJA VÖRULÍNU.

Þetta eru þrjár gæðategundir í hagkvæmum 400 gramma umbúðum. Bæði er hægt að fá baunir og malað kaffi og er verðið það sama. Tegundirnar eru Java Mocca sem er léttristað, Colombia Santos, meðalristað og Espresso Roma, dökkristað. Ljómandi ilmur er af kaffinu sem höfðar til allra sælkera.



Java Mocca, Colombia Santos og Espresso Roma.



Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is



**Látið eldunarpottana kólna** áður en þeir eru vaskaðir upp. Það fer betur með þá og auðveldar einnig þrifin.

# Bragðgóðir bananar

***Bananinn er mest ræktaði ávöxtur í heimi og má nota mun meira í matargerð en gert er hér á landi.***

Bananaplantan er upprunnin í Suðaustur-Asíu. Margar tegundir villtra banana vaxa enn í Nýju Gíneu, Malasíu, Indónesíu og á Filippseyjum. Nýlegar fornleifarannsóknir á Papúa Nýju Gíneu hafa leitt í ljós að bananinn var ræktaður fyrst um fimm þúsund eða jafnvel átta þúsund árum fyrir Krists burð.

Þá hefur bananinn verið ræktaður um ómunatíð í Afríku og Mið- og Suður-Ameríku. Löndin byggja sum hver mjög á ræktun ávaxtarins og hafa af þeim sökum verið kölluð bananalýðveldi. Bananinn er mest ræktaði ávöxtur í heimi og af öllu hráefni er hann fjórði í röðinni á eftir hrísgrjónum, hveiti og maís. Hann er ræktaður í 130 löndum.

Bananar urðu ekki vinsælir á Vesturlöndum fyrr en á tuttugustu öld þó að vitað sé til þess að þeir hafi borist þangað mun fyrr.

Hver bananaplanta ber aðeins ávöxt einu sinni á ævinni en gerir það þá með glans enda eru um tvö hundruð bananar í hverjum klasa. Þeir eru tíndir meðan þeir eru enn grænir að lit enda þroskast þeir áfram þrátt fyrir að búið sé að tína þá, þó aðeins við stofuhita. Í flutningi á banana yfir höfin er því hitastigið stillt á um tólf gráður til að tefja fyrir þroskun. Þó má hitastigið ekki fara niður fyrir fimm gráður því þá skemmist ávöxturinn. Fullþroskaður er bananinn gulur en ofþroskaður verður hann svartur.

Bananar eru til í ýmsum stærðum. Litlir eru þeir oft bragðmeiri og mikið borðaðir hráir þó einnig sé gott að nota þá í ýmsa rétti. Mjölbananar eru stærri en venjulegir bananar og ekki jafn sætir. Ágætt þykir að nota þá í ósæta rétti en þeir eru ekki borðaðir hráir. Einnig eru til svokallaðir eplabananar og hrísgrjónabananar, svo og rauðleitir litir bananar sem eru mjög sætir.

Bananar eru fyrirtakshráefni og allt of lítið notaðir í mat hér á landi. Hér eru nokkrar uppskriftir að réttum sem innihalda hinn sæta ávöxt.

*solveig@frettabladid.is*



Hver bananaplanta ber aðeins ávöxt einu sinni á ævinni en um 200 bananar eru á hverjum klasa.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



### INDVERSKT SALAT

**Hráefni:**
3 vel þroskaðir bananar
1 stór agúrka
1 grænn chilli
50 g gróft malaðar hnetur (t.d. möndlur, cashew, valhnetur...)
2 msk. kókosmjöl
U.þ.b. 1 msk. sykur (ef bananarnir eru ekki vel þroskaðir má setja meiri sykur, en minni sykur ef þeir eru mjög vel þroskaðir)
2-3 tsk. sítrónusafi
Salt eftir smekk

**Aðferð:** Bananarnir eru skornir í sneiðar og agúrkan er skorin í teninga. Öllu er blandað saman, salatið smakkað til og síðan hitað á pönnu í um 5 mín. Þetta er síðan borið fram kalt. Salatið má ekki vera of blautt heldur á það að vera svolítið þétt í sér, en það er svolítið misjafnt hvað það kemur mikið vatn úr gúrkunni og banönunum. Ef það er of blautt er ágætt að hita það lengur á pönnunni, eða þar til hæfilega mikill vökvi hefur gufað upp.

*Heimild: www.matseld.is*

### SÆTIR BANANAR

**Uppskrift fyrir fjóra:**
4 þroskaðir bananar
60 g púðursykur eða 3 msk. hlynsíróp
1 msk. sítrónusafi
1 tsk. vanilludropar
1/4 tsk. kanill
2 tsk. smjör

1. Skerið bananana til helminga þversum, síðan langsum (hver banani skorinn í 4 bita).
2. Bræðið smjörið á pönnu við miðlungshita. Setjið bananabitana út á pönnuna og þekið þá vel með smjörinu. Færið bitana síðan yfir á eina hlið pönnunnar.
3. Setjið púðursykurinn (eða hlynsírópið), vanilludropana og sítrónusafann á þann helming pönnunar sem er tómur og blandið vel saman. Stráið kanilnum yfir.
4. Blandið sósunni saman við bananabitana; ausið sósunni yfir bitana. Látið malla í 5 mín.
5. Setjið fjóra bananabita á hvern disk og berið fram.

Gott er að bera þennan rétt fram með vanilluís og ferskum berjum, t.d. bláberjum, jarðarberjum og/eða hindberjum.

*www.matarlist.is*

### BAKAÐIR MEXÍKÓSKIR BANANAR

**Uppskrift fyrir fjóra:**
3 bananar, hver banani skorinn, lárétt, í fjóra bita
1/2 tsk. rifinn appelsínubörkur
1/4 tsk. rifinn súraldinbörkur
2½ dl ferskur appelsínusafi
1 tsk. ferskur súraldinsafi
50 g rúsínur
1/4 tsk. vanilludropar
1/4 tsk. kanill



1. Forhitið ofninn í 190° C.
2. Raðið bananabitunum í botninn á eldföstu móti.
3. Setjið börkinn, safann, rúsínurnar, vanilludropana og kanil í skál og þeytið saman. Hellið blöndunni síðan yfir banana og bakið í ofni í ca. 20 mín., eða þar til bananarnir eru orðnir ljósbrúnir að lit.
4. Setjið þrjá bananabita í miðju hvers disks og ausið sósu (úr mótinu) yfir. Berið fram strax.

*www.matarlist.is*

Fjöruborðið
Og hafið sagði ok.
Við Fjöruborðið
Eyrarbraut 3 • 825 Stokkseyri • S. 483 1550
www.fjorubordid.is • ifno@fjorubordid.is

JÓLAHLAÐBORÐ RAUÐARÁ
RAUÐARÁ STEAKHOUSE
Vegna mikillar eftirspurnar er byrjað að taka á móti borðapöntunum á okkar margrómaða jólahlaðborð
Borðapantanir í síma 562 6766 og 699 2363.
Verð aðeins kr. 5.500.
Getum tekið að okkur stóra hópa
Rauðarárstígur 39
101 Reykjavík
Sími 562 6766
www.raudara.is





SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*
*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.
SÓMI
Nánari upplýsingar á somi.is

Sækir þú mikið í sætindi, halda þér engin bönd?
Gott ráð er að taka inn Living Food Engergy duftið frá dr. Gillian McKeith.
1 til 2 tsk. 5 mínútur fyrir t.d. morgunmat og kvöldmat
Það veldur mettunartilfinningu, jafnar blóðsykur og kemur meltingunni í jafnvægi.
Duftið er troðfullt af öllum helstu vítamínum, steinefnum, ammónísýrum, góðum fitusýrum og próteinum. Lífrænt ræktað, eykur orku, úthald og vellíðan!




Útsölustaðir: Apótek, Heilsubúðir, Fjarðarkaup og Hagkaup

# Ræktað í eldfjallahlíðum

***Hið ilmandi og lífrænt ræktaða apakaffi er komið á markað á Íslandi.***

Apakaffið er lífrænt ræktað úrvalskaffi úr arabica-baunum frá eldfjallahlíðum Panama. Kaffið er nefnt eftir hettuapanum sem heldur til á kaffiekrum á eldfjallasvæðinu í Paso Ancho. Ávextir kryddaðir ýmsum smádýrum eru eftirlætisréttur apanna en á haustin étur hann kaffibaunir. Þannig hjálpar apinn vexti og viðgangi skógarins með því að dreifa fræjum kaffitrjánna. Apinn nýtur einnig verndar bændanna enda þeim gagnlegur.

Hefðbundin kaffirækt í Panama fer fram undir laufkrónum hitabeltistrjánna, sem skapa góðar aðstæður og vernda gegn sníkjudýrum. Uppskeran sem notuð er í apakaffið er sérvalin og aðeins lítið magn er brennt í hvert sinn til að tryggja ferskleika.

Apakaffið var valið besta lífrænt ræktaða kaffið í heiminum árið 2005 og lenti í öðru sæti sem eitt sérstæðasta kaffið í heiminum í ár.

Síðastliðin fimm ár hefur það verið valið ein af bestu kaffitegundunum á alþjóðlegu kaffismökkunarsýningunni sem haldin er í Panama í apríl ár hvert.

Apakaffið er aðeins til í takmörkuðu upplagi hér á landi en í öllum heiminum eru aðeins framleidd um 30 þúsund kíló á ári. Kaffið er hægt að nálgast í verslunum Hagkaupa, í Nóatúni, Samkaupum-Úrvali, Fjarðarkaupum og Aðalkaupum.




Apakaffið heitir eftir hettuapanum sem gæðir sér á kaffibaunum á haustin og dreifir þannig fræjum kaffitrjánna.


Ert þú dæmigerður Íslendingur?

*Þá innbyrðir þú 136 grömm af sykri á dag, en aðeins 1 gramm af hollum og góðum harðfiski eða bitafiski**




Snúðu við blaðinu og hafðu hollustu í hverjum bita!




**Gullfiskur**
*Fæst í Bónus*

**Gæðafiskur**
*Fæst í 10-11, Hagkaup og Skeljungsbúðunum*

*Miðað við innflutning á sykri árið 2005 og áætlaða heildarsölu á harðfiski á Íslandi á ársgrundvelli.

ESSEMM







**HVÍTT SVISS MOKKA**
„Hér er notað hvítt súkkulaði, Cafe tassé eða annað súkkulaði, sem er brætt í mjólk. Í eitt glas er notaður einfaldur espressó eða bara eftir smekk hversu mikið kaffibragð fólk vill hafa. Súkkulaðið fer heitt ofan í glasið og kaffið þar á eftir. Hvíta súkkulaðið gerir það að verkum að þessi drykkur verður svolítið sætur þannig að fólk verður að prófa sig áfram. Síðan má toppa drykkinn með rjóma og setja síróp ofan á rjómann.“



**KAFFIFRAUÐ**
„Þetta er kannski aðeins flóknara og krefst smá þolinmæði að ná fullri leikni. Maður notar um einn fimmta af matarlími sem er sett í kalt vatn. Þegar búið er að kæla matarlímið þá er því blandað saman við tvo klaka og fjórfaldan espressó og sett í rjómasprautu. Sprautunni er lokað og hrist vel. Notið tvö gashylki. Leyfið fyrra gashylkinu að klárast ofan í, takið það í burtu, setið hitt á, hristið og þá ertu kominn með frauðið. Þetta er rosalega gott kaffifrauð. Síðan set ég vanillurjóma/tíramísúsósu ofan á. Í þá sósu nota ég Irish cream eða tíramísúsíróp, fínt að nota eina eða tvær matskeiðar af sírópinu, blandið saman við rjóma og vanillukrem og hrærið saman. Svo má setja kremið í sprautu til að sprauta ofan á frauðið.“


MILT – BRAGÐMIKIÐ – KRÖFTUGT



Kaffitár
- leggur heiminn að vörum þér

Njóttu ilmandi kaffisopans frá Kaffitári. Við höfum lagt allan okkar metnað í að hann gleðji þig. Veldu þitt bragð og styrkleika í kaffihúsum okkar og verslunum um land allt.
www.kaffitar.is




Unnsteinn Jóhannsson, kaffibarþjónn hjá Te og Kaffi, segir lítið mál að gera góða kaffidrykki sem standa einir og sér sem eftirrétt-ir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Bara tíu dropa takk

***Flestir bera fram kaffi með eftirréttum þegar staðið er fyrir matarboði. En af hverju ekki að læra að gera kaffidrykki sem eru sjálfir eftirréttirnir.***

Unnsteinn Jóhannsson er meðlimur í landsliði kaffibarþjóna og kann því nokkuð vel til verka við kaffivélina. Hann vinnur hjá Te og kaffi og hjálpar landanum að seðja kaffiþörf sína dags daglega. Unnsteinn segir kaffimenningu á Íslandi verða sífellt fjölsbreyttari. „Fólk er alveg búið að átta sig á því að espressó er drykkur en ekki skot,“ segir Unnsteinn og hlær. „Fólk er líka duglegra að nýta sér kaffið eitt og sér sem eftirrétt,“ bætir Unnsteinn við. „Ég held það ætti líka að leita meira til okkar í Te og kaffi verslununum og fá leiðbeiningar um hvað er hægt að gera og heyra um allar þær vörur sem eru á boðstólum. Til dæmis eigum við mikið úrval af sírópi sem gerir mikið fyrir cafe latte. Einnig má bræða appelsínusúkkulaði í mjólk og bæta við espressó, það er svo margt hægt að gera.“

Í bókabúðum og á netinu er hægt að nálgast uppskriftabækur, með alls kyns kaffiuppskriftum, vilji menn prófa sig áfram. Hér koma þó nokkrar uppskriftir frá Unnsteini sem koma lesendum upp á kaffibragðið.



**ÍSSÓSA À LA UNNSTEINN**
„Þetta er alls ekki flókin uppskrift. Ég notaði dökkt súkkulaði, Cafe tassé, miða við svona hálfa plötu á manninn og set einfaldan espressó út í. Svo er bara að margfalda eftir fjölda matargesta. Síðan notaði ég ís ársins 2005, sem er Mjúkís frá Kjörís með karamellusósu og kexkúlum, en hann hentar rosalega vel með sósunni.“

# Hamborgari og franskar

***Flestum þykir hamborgari og franskar góður matur, enda er þetta sennilega einn vinsælasti réttur allra tíma.***

Eflaust hafa margir velt því fyrir sér af hverju hamborgari heitir hamborgari, en margir Bandaríkjamenn telja þetta hafa eitthvað með skinku að gera vegna þess að skinka er ham á ensku, og halda að upphaflega hafi hamborgari verið skinkusamloka. Evrópubúar eiga auðveldara með að átta sig á því að nafnið kemur frá Hamborg, en þar var algengt að menn settu kjöt inn í brauð, og má segja að þarna sé kominn frumgerð hamborgarans. Hamborgarinn eins og við þekkjum hann varð að sjálfsögðu til í Bandaríkjunum. Óljóst er hver það var nákvæmlega sem varð fyrstur með hamborgarana, en það var á markaði í Wisconsin sem maður að nafni Charlie Nagreen, reyndi að selja viðskiptavinum sínum kjötbollur. Þeim þótti þó erfitt að borða þær á meðan þeir löbbuðu um markaðinn, svo hann tók upp á því að fletja þær út, og setja á milli brauðsneiða og kallaði það hamborgara samloku.

Nú vita allir hvernig hamborgari lítur út, og hér látum við fljóta með uppskrift að hamborgara ásamt uppskrift af hinu fullkomna meðlæti, frönskum kartöflum.



Fáir standast góðan hamborgara með frönskum.

**HAMBORGARI**
600 gr nautahakk
Maldon salt og malaður svartur pipar
1 msk. matarolía
4 sneiðar af feitum osti, eða gráðostur
4 hamborgarabrauð

**Meðlæti:**
4 stórar tómatsneiðar
Iceberg salat
Sinnep að eigin vali
8 sneiðar af steiktu og stökku beikoni

**Aðferð:**
Skiptu hakkinu með höndunum og dreifðu því lauslega, en jafnt á bökunarplötu með bökunarpappír. Kryddaðu það vel með salti og pipar.

Hitaðu ofninn í 250°C. Hafðu grind í ofninum með bökunarpappír

Skiptu hakkinu í fernt og mótaðu hamborgara. Varast skal að þrýsta á kjötið og hafa borgarana of þétta.

Hitaðu pönnu á meðalhita í 5 mínútur eða svo (best er að nota pönnu úr pottjárni). Settu hitann í botn og settu olíuna á pönnuna. Steiktu hamborgarana, u.þ.b. 2 mínútur öðrum megin og í 1 mínútu hinum megin.

Notaðu spaða og settu hamborgarana á grindina í ofninum og haltu áfram að steikja þá þar. Það tekur þá 8-9 mínútur að verða medium rare, 10-11 mínútur að verða medium og 13-15 mínútur að gegnsteikjast.

Settu ostinn á borgarana síðustu mínúturnar sem þeir eru í ofninum svo hann bráðni örlítið.

Á meðan skaltu léttrista brauðið á pönnu. Taktu svo hamborgarana út úr ofninum, settu þá á brauðið og raðaðu meðlætinu á.



**FULLKOMNAR FRANSKAR:**
4 stórar bökunarkartöflur, flysjaðar og skornar í báta
200 ml hnetuolía (peanut oil)
Salt og pipar

Hreinsaðu kartöflubátana vel undir köldu rennandi vatni. Settu þær í ílát ásamt vatni (vatnið á að fljóta yfir þær), og settu svo ísmola yfir allt saman. Geymdu þær í ísskáp í a.m.k. 30 mínútur eða í allt að 2 daga.

Hitaðu olíuna í hálfs lítra potti, með djúpsteikingarhitamæli, á meðalháum hita eða þar til mælirinn sýnir 165°C. Hafðu um 8 cm bil frá olíunni og að brún pottsins.

Sigtaðu ísvatnið frá kartöflunum og vefðu kartöflunum inn í hreint viskustykki til að ná vökvanum af þeim. Þerraðu allan umfram vökva varlega af.

Hækkaðu hitann og settu eins og eina lúku í einu af kartöflunum út í. Steiktu þær í olíunni, þar til þær eru mjúkar og linar og fá á sig gylltan lit, það ætti að taka 6-8 mínútur. Notaðu skeið með götum til að ná kartöflunum upp úr pottinum, leggðu þær á pappír, og láttu þær þorna. Leyfðu þeim að liggja þar í 10 mínútur, eða í allt að tvo klukkutíma.

Þegar bera á kartöflurnar á borð, skaltu hita olíuna aftur upp í180°C hita og settu þær út í olíuna og steiktu þær aftur. Hrærðu vel í olíunni á meðan, þar til þær fá á sig fallegan gulbrúnan lit. Það ætti að taka um eina mínútu. Settu þær á disk og kryddaðu með salti og pipar.



Duerr marmelaðið er heldur dýrt á ristaða brauðið en það kostar um tíu þúsund krónur að fá sér það á eina sneið. MYND/GUNNAR SVERRISSON.

# *Marmelaði úr gulli*

***Eitt kíló af dýrasta marmelaði heims kostar um 660 þúsund krónur.***

Marmelaði er gott og þarft á brauðið og láta flestir sér nægja að kaupa einfalt marmelaði í matvöruverslunum. Hins vegar lætur breska fyrirtækið Duerr ekki bjóða sér neitt miðlungsmarmelaði og hefur því framleitt „alvöru“ marmelaði, það dýrasta í heimi. Mun það kosta um 76 pund eða um tíu þúsund krónur að smyrja þessu ágæta marmelaði á eina brauðsneið en kílóverðið af marmelaðinu er um 660 þúsund krónur.

Spyrja nú margir sjálfan sig hvort marmelaði þetta sé búið til úr gulli, nógu hátt er verðið til að ætla það. Hins vegar má segja að Duerr-marmelaðið sé búið til úr gulli. Ætar blaðgullsræmur, líkar þeim sem notaðar eru í kampavín, eru ein af uppistöðunum í marmelaðinu ásamt 62 ára gömlu Dalmore-maltviskíi og Pol Roger-eðalkampavíni.

Marmelaðið var búið til í tilefni af 125 ára afmæli fyrirtækisins. Ekki fylgdi söguni hvernig marmelaðið bragðaðist en þeir sem hafa áhuga á að smyrja gullnu marmelaði á brauðsneiðina sína geta nálgast eins kílóa marmelaðikrukku á uppboðsvefnum eBay síðar á árinu. Söluverðið mun renna til góðgerðarmála.

- jóa



## uppskrift Hauks }

### Fyllt Cannelloni

**PASTADEIG:**
**400 g hveiti**
**4 stk. egg**

**Aðferð:**
Hveitið er sett í matvinnsluvél og eggin brotin í skál. Vélin stillt á mesta hraða og eggin sett í. Vélin er látin ganga í smástund en þó ekki lengur en í hálfa mínútu. Þá er deigið tekið úr og hnoðað í höndunum í u.þ.b. 3-4 mínútur eða þar til það er orðið mjúkt og teygjanlegt.

**CANNELLONI MEÐ KJÚKLINGI, SVEPPUM, LAUK OG PARMESAN**
**3-4 stk. kjúklingabringur**
**150 g sveppir**
**70 g laukur**
**20 g kóngasveppir**
**100 ml hvítvín**
**1 stk. hvítlaukur**
**200 g Ricotta ostur**
**Salt og pipar**

**Aðferð:**
Kjúklingabringurnar, sveppir, laukur og hvítlaukurinn eru skorin í litla bita. Kóngasveppirnir eru settir í kalt vatn í 10 mín. Allt þetta er svo steikt á pönnu, svo er hvítvíninu og safanum af kóngasveppunum bætt út í og látið malla þar til allt hráefnið er eldað. Kryddað til með salti og pipar og Ricotta ostinum hræður út í. Hráefnið er kælt aðeins og sett svo í matvinnsluvél þar til allt hráefnið er smátt skorið. Því næst er pastadeigið flatt út þangað til það er orðið þunnt. Það er svo soðið í



vatni eða þar til það er orðið eldað. Gott er að hafa vatn með klaka í til að kæla það strax á eftir, en passa að þurrka pastadeigið áður svo engin bleyta sé í því, þá er auðveldara að vinna með það. Því næst er deigið sett á borð og fyllingin sett í annan endann á deiginu og rifnum parmesanosti stráð yfir og deigið rúllað upp.
Gott er að búa til cannelloni-ið aðeins áður en það er borið fram og geyma það í kæli. Það er svo sett í örbylgjuofn og eldað í u.þ.b. 1 mínútu.

**GEITAOSTASÓSA:**
**250 ml kjúklingasoð**
**125 ml rjómi**
**125 ml geitaostur**
**Salt og pipar**

**Aðferð:**
Rjómanum er hellt í pott og suðann látinn koma upp, þá er geitaosturinn settur út í við vægan hita og látinn bráðna saman við. Að lokum er kjúklingasoðið sett út í og hrært saman við. Sósan er svo krydduð til með salti og pipar.

Gott er að bera fram ferskt salat með þessum rétti.
Þessar vörur fást í öllum betri matvörubúðum landsins.








Jón Örn Jóhannesson, yfirmatreiðslumaður á Múlakaffi, Subash Singh Thapa, Shyam Singh Thapa og Arthúr Pétursson hræra í kjötsúpupottunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Kjötsúpan alltaf mjög vinsæl

*Á haustin þegar sláturtíðin stendur sem hæst og allt grænmeti er ferskt og gott er akkúrat rétti tíminn til þess að elda kjötsúpu. Þeir sem ekki treysta sér til þess að elda hana sjálfir geta farið á Múlakaffi.*

Á Múlakaffi er boðið upp á hefðbundinn heimilismat alla daga. „Við erum oft með pönnusteiktan fisk, hakkabuff með lauk og spældu eggi og kjötbollur og fiskibollur sem eru mjög vinsælar,“ segir Jón Örn Jóhannesson, yfirmatreiðslumaður á Múlakaffi.

Reglulega er líka boðið upp á íslenska kjötsúpu á Múlakaffi. „Kjötsúpan er alltaf mjög vinsæl og við reynum að vera með kjötsúpu að minnsta kosti tvisvar sinnum í mánuði. Við höfum notað sömu uppskriftina í ein fjörutíu ár, síðan staðurinn var opnaður, og hún er mjög hefðbundin. Mestu máli skiptir að vera með gott hráefni og því ferskara sem grænmetið er, því betra. Svo notum við lambaskanka sem við sjóðum í súpunni. Núna eru gulrætur, rófur og hvítkál ferskt og slátrunin í gangi, sem skemmir ekki fyrir. Ef það er ekki rétti tíminn fyrir kjötsúpu núna þá er hann aldrei,“ segir Jón Örn.

*emilia@frettabladid.is*

### Kjötsúpa

UPPSKRIFT AÐ ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU FRÁ MÚLAKAFFI.



Uppskrift fyrir um 5 manns

2 l vatn
400 g gulrætur
400 g rófur
400 g hvítkál
1 dl grautargrjón
2 stórir laukar
1 búnt steinselja
salt og nýmalaður pipar eftir smekk
1 kg lambaskankar

Setjið vatn og kjöt í pott og sjóðið rólega í um 90 mínútur, fleytið af alla froðu sem kemur upp. Skerið rófur, gulrætur og lauk í bita og setjið út í ásamt grautargrjónunum og sjóðið í um 15 mínútur. Skerið kálið í ræmur og setjið út í og látið sjóða í um 5 mínútur. Saltið og piprið eftir smekk. Saxið steinseljuna og látið í pottinn.



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

### Steinseljurótarsúpa

Steinseljurótin lætur ekki mikið yfir sér. Þessi litdaufa rót er samt furðulega bragðmikil og góð, sérstaklega ef hún er maukuð og bragðbætt með soði og rjóma. Súpan er matmikil og þétt. Hún hentar vel í litlum skömmtum sem forréttur.



Steinseljurótarsúpa

**5 dl af steinseljurót (flysjuð og skorin í teninga)**
**5 dl kjúklingasoð (úr teningi)**
**1 hvítlauksgeiri (pressaður með hnífsblaði og saxaður smátt)**
**2 dl sæt kartafla (flysjuð og skorin í teninga)**
**2 dl rjómi**
**1 msk. sýrður rjómi og steinselja til skreytingar**

**1.** Setjið olíu í pott og steikið hvítlaukinn við miðlungshita í um 1 mínútu.

**2.** Setjið steinseljurótarbitana og kjúklingasoðið út í pottinn og sjóðið í um 7 mínútur.

**3.** Takið pottinn af hitanum og látið kólna aðeins. Setjið í matvinnsluvél og maukið vel. Setjið maukið svo aftur í pottinn og bætið rjómanum út í. Smakkið til með salti og nýmöluðum pipar.

**4.** Sjóðið sætu kartöflubitana í öðrum potti í um 7 mínútur. Hellið þá vatninu af og maukið kartöflurnar.

**5.** Skiptið súpunni á milli 4 skála. Látið 1 msk. af kartöflumaukinu ofan á hvern súpuskammt. Skreytið með dropa af sýrðum rjóma og steinselju.






## nýjar vefsíður }

### www.bistrotimarit.is



Stöllurnar Friðrikka og Nanna eru að vinna að nýju matartímariti sem kallast Bístró. Búið er að opna heimasíðu blaðsins www.bistrotimarit.is og geta því spenntir mathákar fengið forskot á sæluna. Hægt er að skrá sig í áskrift á síðunni en fyrsta tölublað Bístró kemur út í nóvember.

### www.fridgeir.is



Friðgeir Eiríksson, fulltrúi Íslands í Bocuse d´Or 2007 matreiðslukeppninni, hefur opnað vef tileinkaðan sjálfri keppninni. Tuttugasta Bocuse d'Or-keppnin verður haldin 23. til 24. janúar 2007. Keppnin er með þeim virtari í heiminum og hefur Friðgeir æft fyrir keppnina síðastliðin tvö ár.

### www.mosfellsbakari.is



Mosfellsbakarí hefur einnig opnað nýja vefsíðu, www.mosfellsbakari.is þar sem sjá má myndir og upplýsingar um helstu vörur bakarísins. Einnig er vert að minna á vefinn www.konfekt.is en það er Hafliði, sonur hjónanna sem eiga Mosfellsbakarí, sem heldur úti þeim vef þar sem hann kynnir sælkera-súkkulaðiframleiðsluna sína.

**Októberfest á morgun.** Til að halda í hefðina þá er ekki úr vegi að fá sér einn pilsner eða bjór. Munið bara að eftir einn ei aki neinn.





Verslunin Maia og fylgihlutir var opnuð fyrir skemmstu á Laugavegi og þar fást kven- og barnaföt, fylgihlutir, húsbúnaður, tónlist og bækur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Allt er gert til að láta viðskiptavinum líða vel í Maiu og fylgihlutum.

# Gjafavara og góð föt

***Maia og fylgihlutir er verslun sem var nýlega opnuð að Laugavegi 94.***

Maiu og fylgihlutum, sem var opnuð í síðustu viku, mætti lýsa sem fata- og gjafavöruverslun, með áherslu á vörur frá danska fyrirtækinu Day.

Kvenfatnaður frá vörumerkinu er seldur í versluninni, auk fylgihluta, svo sem belta, klúta og skartgripa. Fötin fást í mörgum stærðum. Gjafavaran, púðar, skálar, kertastjakar og bakkar, er seld undir heitinu Day Home.

Auk þess má fá undirföt, barnaföt, bækur og geisladiskar í versluninni, en mest áhersla er lögð á tónlist í rólegri kantinum, til að mynda djass eins og leikinn er í búðinni til að skapa þægilegt andrúmsloft.

Verslunin Maia og fylgihlutir er rekin af Eydísi Sæmundsdóttur og Kolbrúnu Petreu Gunnarsdóttur, sem rak áður verslunina GK en vörur frá Day voru seldar þar.

# Töffaralegur fatnaður

***Verslunin G-Stars á Laugavegi 86 hefur á boðstólum hráan og töffaralegan klæðnað á ungt fólk.***

G-Stars er hollenskt vörumerki með höfuðstöðvar í Amsterdam, en hefur verið í örum vexti og verslanir undir nafni þess hafa opnað víðsvegar um heim, þar á meðal á Íslandi.

Eins og heitið G-Stars Raw gefur til kynna er í versluninni lögð sérstök áhersla á töffaralegan og hráan klæðnað, ef svo má að orði komast, fyrir bæði kynin aðallega á aldursbilinu átján til þrjátíu ára.

Gallaföt eru aðalsmerki G-Stars Raw, en fyrirtækið framleiðir þó einnig vandaðar peysur, boli, jakka, skyrtur og alls kyns fylgihluti.

Innan G-Stars starfar ástralski iðnhönnuðurinn Mark Newson, sem hefur hannað sérstaka línu sem sker sig úr öðrum fatnaði frá fyrirtækinu að því leyti til að hann er íviðlitríkari og víðari en almennt tíðkast og hefur af þeim sökum náð nokkrum vinsældum á meðal þeirra sem kunna að meta hiphopklæðnað.




Verslunarhúsnæðið er bjart og rúmgott.

Þessi fatnaður og margt fleira er nú fáanlegt á Laugavegi 86 þar sem verslunin var opnuð fyrir skömmu.

# Falleg föt á breiðan aldurshóp

***Verslunin Couture á Laugavegi 86 býður upp á heimsþekkt vörumerki.***

Í Couture er meðal annars að finna fatnað frá virtum og rótgrónum vörumerkjum á borð við Tommy Hilfiger og Guess.

Fötin frá Tommy Hilfiger heyra undir línu sem er sértsaklega hönnuð fyrir evrópskan markað. Fyrst ber að nefna Tommy Sportswear, sem er fyrir bæði kynin, og Hilfiger Denim, en í henni eru falleg föt á yngri kynslóðina.

Fötin frá Guess eru annars vegar hversdagsklæðnaður frá Guess Jeans, peysur og gallabuxur, auk ýmiss konar fylgihluta, trefla og slíks. Guess Marciano leggur meiri áherslu á spariklæðnað, svo sem dragtir, kápur og fleira í þeim dúr. Markhópurinn er þó sá sami, það er konur frá tvítugu og upp úr. Þarna er líka hægt að verða sér úti um föt frá Pringle of Scotland, sem er rótgróinn fataframleiðandi, heimsþekktur fyrir vandaða ullarvöru.



Föt frá Tommy Hilfiger eru í boði í versluninni Couture. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hægt er að fá góðan hversdagsklæðnað sem og spariföt í Couture.

## Októberfest

Á LÖNGUM LAUGARDEGI Á MORGUN VERÐUR HALDIN UPPSKERUHÁTÍÐ OG OKTÓBERFEST.

Í miðborginni á morgun verður langur laugardagur og Októberfest. Tilboð verða og haldinn verður markaður í risatjaldi á Lækjartorgi. Á boðstólum verður ýmiss grillmatur, þýskar pylsur, kartöflusalat og bjór. Einnig má fá blóm, lífrænt ræktað grænmeti og annan varning. Harmonikku- og Týrólatónlist verður leikin af hljómlistarmönnum sem spila niður Laugaveg að Lækjartorgi frá klukkan þrjú til fimm. Klukkan fimm mætir hljómsveit á svæðið og spilar til miðnættis. **- jóa**



Sannkölluð hátíð verður í miðbænum á morgun þegar haldin verður Októberfest og langur laugardagur.


Ný prjónabók

Handprjónasamband Íslands

Skólavörðustíg 19 • sími: 552 1890

www.handknit.is




15% afsláttur

af röndóttum

Ritvu Falla ullartoppum

um helgina

marimekko®

Laugaveg 56 • Sími 551 7600



STÍLL

# allt tilboð o.fl.

**55%** Krónan er með mestu verðlækkun á einni vörutegund þessa viku. Það er Sprite Zero í tveggja lítra flöskum sem lækkar úr 194 krónum í 79.


Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea




Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.


Þín verslun

Tilboðin gilda til 11. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Helgargrís að indverskum hætti | 1.468 | 1.835 | 1.468 | 20 |
| Skólaskinka 165 g | 175 | 219 | 175 | 20 |
| Medisterpylsa reykt | 675 | 844 | 675 | 20 |
| Hunt's tómatsósa 680 g | 119 | 154 | 175 | 25 |
| Tilda Basmati suðupokagrjón 500 g | 209 | 266 | 418 | 20 |
| Tilda creamy cocn. Malai sósa 350 g | 279 | 406 | 797 | 30 |
| Tilda vegetable sabzi sósa 350 g | 279 | 406 | 797 | 30 |
| Tilda Tandoori, butter chicken 350 g | 279 | 406 | 797 | 30 |
| Tilda Rogan josh sósa | 279 | 406 | 797 | 30 |
| Tilda Royal korma sósa 350 g | 279 | 406 | 797 | 30 |
| Tilda Tikka Masala Makh. sósa 350 g | 279 | 406 | 797 | 30 |
| Wesson grænmetis olía 1,42 l | 319 | 454 | 225 | 30 |
| Wesson korn olía 1,42 l | 319 | 454 | 225 | 30 |
| Wesson canola olía 1,42 l | 319 | 454 | 225 | 30 |
| Maarud flögur m/salti og pipar 350 g | 279 | 479 | 797 | 40 |
| Maarud flögur m/salti 350 g | 279 | 479 | 797 | 40 |
| Maarud flögur m/papríku 350 g | 279 | 479 | 797 | 40 |
| Maarud sprö-mix salt 200 g | 329 | 429 | 1.645 | 25 |
| Maarud Sprö-mix paprika 200 g | 329 | 429 | 1.645 | 25 |
| Maarud flögur m/sýrðum rjóma & lauk 200 g | 199 | 298 | 995 | 35 |
| Maarud flögur hot sweet chilli 200 g | 199 | 269 | 995 | 26 |

FK FJARÐARKAUP ekki bara verð!

Tilboðin gilda til 7. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Fk lamba ofnsteik | 1.168 | 1.669 | 1.168 | 30 |
| FK reyktar svínakótilettur | 1.198 | 1.710 | 1.198 | 30 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 1.298 | 1.855 | 1.298 | 30 |
| Ný lambalifur úr kjötborði | 178 | 298 | 178 | 40 |
| Ný lambahjörtu úr kjötborði | 198 | 368 | 198 | 50 |
| Ný lambanýru úr kjötborði | 98 | 158 | 98 | 40 |
| Tropical mix grænmeti frosið 2,5 kg | 998 | 1.265 | 399 | 20 |
| Ferskur ananas | 119 | 198 | 119 | 40 |
| Perur | 98 | 219 | 98 | 55 |
| Nektarínur | 198 | 389 | 198 | 50 |
| Frosin jarðarber 2,5 kg | 898 | 1.149 | 359 | 20 |

KRÓNAN

Tilboðin gilda til 8. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri sneitt í poka frá Goða | 998 | 1.249 | 998 | 20 |
| Kjúklingabringur frosnar 900 g | 1.498 | 1.799 | 1.664 | 15 |
| Kjötbúðingur 1 stk. | 199 | 398 | 199 | 50 |
| Dönsk sælkerasteik Goða 1 kg | 839 | 1.398 | 839 | 40 |
| Brauðskinka Gæðagrís 1 kg | 799 | 1.338 | 799 | 40 |
| Eðalf. túnfisksalat 200 g | 169 | 255 | 845 | 35 |
| Eðal. salat m/ rækjum & reyktum laxi 200 g | 169 | 255 | 845 | 35 |
| McCain Superfries franskar kart. sléttar 1 kg | 299 | 359 | 299 | 15 |
| Ali bjúgu 4 stk. | 349 | 539 | 87 | 35 |
| Sprite Zero 2 l | 79 | 194 | 40 | 60 |

BÓNUS

Tilboðin gilda til 8. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ferskir kjúklingabitar | 299 | 477 | 299 | 35 |
| KF lambasaltkjöt blandað | 299 | 499 | 299 | 40 |
| KB frosið kjötfars | 299 | 399 | 299 | 25 |
| KS lambafillet m. fitu | 2.398 | 2.998 | 2.398 | 20 |
| Bónus kornbrauð 1 kg | 98 | 129 | 98 | 25 |
| Myllu jólakaka 420 g | 198 | 298 | 471 | 35 |
| Rækja Búhnykks 1 k | 599 | 699 | 599 | 15 |
| Bónus þurrkaðir ávextir 250 g | 159 | Nýtt | 636 | |
| Bónus pylsur | 479 | 539 | 479 | 10 |
| Bónus malakoff álegg | 679 | 719 | 679 | 5 |

NÓATÚN

Tilboðin gilda til 8. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambafille m/fituröndd | 2.398 | 3.498 | 2.398 | 30 |
| Lambalæri af nýslátruðu | 899 | 1.598 | 899 | 45 |
| Lambahryggur af nýslátruðu | 998 | 1.698 | 998 | 40 |
| Lambasúpukjöt af nýslátruðu | 298 | 599 | 298 | 50 |
| Lambageiri m/sælkerafyllingu | 2.498 | 3.198 | 2.498 | 20 |
| Nóatúns saltkjöt blandað pakkað | 539 | 899 | 539 | 40 |
| Lamba Rib-eye hvítlauks/rósmarín | 2.698 | 3.298 | 2.698 | 20 |
| Grísalundir m/sælkerafyllingu | 2.398 | 2.798 | 2.398 | 15 |
| Indónesískur ýsuréttur | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| Goða beikonbunki | 824 | 1.498 | 824 | 45 |

HAGKAUP Skemmtilegast að versla

Tilboðin gilda til 8. október

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nautalundir innfluttar | 2.799 | 3.998 | 2.799 | 30 |
| Svínalundir innfluttar frosnar | 1.818 | 2.598 | 1.818 | 30 |
| Svínahnakki úrb. í sneiðum úr kjötborði | 998 | 1.579 | 998 | 35 |
| Svínabógur úr kjötborði | 499 | 690 | 499 | 30 |
| Fyrirtakspizza m/skinku & sveppum | 399 | 559 | 997 | 30 |
| Fyrirtakspizza pepperoni | 399 | 559 | 997 | 30 |


SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK

Allir á skauta

Skautaholl.is

Opið frá kl. 13 00 allar helgar

Rýmingarsala – Allir velkomnir

Allt að 70% afsláttur hjá okkur, laugardaginn 7. október

Bolir • Nærföt • Sokkabuxur • Töskur • Líkamsdekur

Og margt fleira… á mjög góðu verði

Verðdæmi: 10 stk sokkabuxur á 1.000 kr • 2 töskur á 800 kr

cu2

Stangarhyl 6 • Opið frá kl. 11-15




allt atvinna

Alla sunnudaga


## Snyrtivöruhátíð í Debenhams

TILBOÐ Á ÞEKKTUM MERKJUM FRÁ 5.-8. OKTÓBER

Kynningar verða á þekktum snyrtivörumerkjum, sem hægt verður að kaupa á tilboðsverði umrædda daga. Má þar nefna merki eins og Dior, Estée Lauder, Lancóme og Elizabeth Arden og er þá fátt upptalið. Laugardaginn 7. október munu nemar frá EMM school síðan bjóða viðskiptavinum ókeypis förðun frá kl. 13:00-16:00, auk þess sem Body painting sýning verður haldin í MAC kl. 13:00. Þeir sem versla í snyrtivörudeildinni lenda sjálfkrafa í lukkupotti og geta átt von á að vinna snyrtivöruvinninga.



Snyrtivöru frá Dior verða meðal annars á boðstólum.

## *Nýjar haustvörur á heimilið*

***Minnst 20% afsláttur er á nýju vörunum í Gallerí húsgögnum á Dalvegi 18 í Kópavogi meðan á svokölluðum haustdögum stendur.***

Sófasettin eru öll á 30% afslætti í Gallerí húsgögnum og nokkuð er um eldri húsgögn á allt að 60% afslætti. En aðrar vörur eru allar á 20% afslætti og þar er úr miklu að moða af húsgögnum, ljósum, púðum og gjafavöru ýmiss konar. Nýju húsgögnin eru flest úr tekk/natur viði. Þau eru semsagt vaxborin en ómeðhöndluð að öðru leyti og líkjast eikarhúsgögnum nema hvað meira líf er í tekkviðnum. Í gjafavörunni er margt úr gleri og áli eins og tískan gefur tilefni til og svarti liturinn er áberandi líka. Haustdagarnir í Gallerí húsgögnum standa til 11. október.



Borðstofusett úr tekk/natur og fleira fallegt.

# SIRKUS

6. OKTÓBER 2006

NICOLE RITCHIE TVISVAR Í SAMA KJÓLNUM [12]





LEIKARINN BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ER LANGFLOTTASTUR

## Mér leiðist þetta stjörnukjaftæði



INGA LIND HÆTT Á STÖÐ 2

## Á leið til Boston



ELDHEITT SUMAR HJÁ TAKEFUSA

## Í slagtogi með súpermódeli



JÓHANNES HAUKUR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

## „Gott að faðma Rúnar Frey“


Ferskar Ítalskar kaffibaunir fyrir vandláta mölum á staðnum

Kaffivélar frá Quickmill

Úrval af gjafavöru, bollasett, textil og fl.

BONOMI

KAFFIBÚÐIN

Hamraborg 1-3, sími-fax 5546054

## Graðasta tíkin á þingi

Stundum er pólitík leiðinlegri en spænsk sápuópera. En stundum lifnar þessi uppáhaldstík landsmanna við og allir fylgjast með. Ég fylgist allavega spenntur með þessa dagana. Enda tveir meistarar búnir að tilkynna framboð. Árni Johnsen og Róbert Marshall.




Báðir eru þessir eðalmenn úr Eyjum. Róbert leysti Árna af hólmi í brekkusöngnum meðan sá síðarnefndi gisti fangageymslur fyrir smá sukk og svínarí. Róbert missti líka vinnuna fyrir sukk. Þó ekkert saknæmt hefði átt sér stað.

Það er varla glæpur að segja leiðinlegar fréttir?

Svona er Ísland. Pólitíkin er staðurinn fyrir fyrrverandi krimma, atvinnufávita og menn sem eru reknir úr topp stöðum og vantar vinnu. Á sama tíma og Gunnar Örlygsson komst inn á þing og hóf ferilinn með fangelsisvist kvörtuðu þingmenn yfir minnkandi virðingu almennings fyrir stofnunninni.

Ég spyr: Hvernig á maður til dæmis að bera virðingu fyrir framsóknarmönnum? Þeir eru eins og herflokkur sem á ekki í stríði við neinn nema sjálfan sig en ákveða að brenna landið að baki sér til að hafa eitthvað að gera eða Vinstri Grænum sem líta á framfarir sem blótsyrði og minna helst á afdala kommúnista.

Alþingi er í besta falli slappur raunveruleikaþáttur. Og í alvöru raunveruleikaþáttum eru það alltaf litríku karakterarnir sem koma best út. Skúrkarnir sem læra um gildi vináttunnar og rísa upp að lokum. Það líkar engum við klára gaurinn sem þykist vita miklu betri en allir aðrir.

Á endanum snýst þetta allt um gráa svæðið. Við Íslendingar elskum gráa svæðið, þar sem góður vinur í opinberri stofnun getur komið umsókninni þinni framar í röðina, ættingi í menningarmálanefnd getur reddað góðum styrk, vinur vinar í ráðuneyti gefið þér góða stöðu.

Þess vegna held ég að árið í ár verði ár Árna Johnsen. Ég held að Róbert Marshall muni sigra. Gunnar Örlygsson og Guðjón Hjörleifsson munu fá metkosningu. Þetta eru þingmenn gráa svæðisins. Þeir koma úr öllum flokkum og kjósendur þeirra eru við, fólkið í landinu.

## 3 HLUTIR SEM SIRKUS VISSI EKKI FYRR EN NÚ



**Síða 8** Björn Hlynur Haraldsson er að taka mótorhjólapróf þessa dagana. Þegar hann er í London er svo fínt að vera á vespu. En það þarf próf á hana.



**Síða 10** Ný stelpubúð Sparkz var að opna í Kringlunni. Stórglæsileg verslun með flott föt.



**Síða 14** Rúnar Freyr og Jóhannes Haukur Jóhannesson leika homma í sýningunni Patrekur 1,5 í Þjóðleikhúsinu.

### BESTI LEIKMAÐUR ÍSLANDSMÓTSINS HRÖKK SEINT Í GANG

# Eldheitt sumar hjá Takefusa

Björgólfur Takefusa var einn besti leikmaður Íslandsmótsins í knattspyrnu í sumar. Strákurinn lék eins og engill með KR-ingum og skoraði 10 mörk á seinni hluta mótsins.

Margir hafa velt fyrir sér hvers vegna Björgólfur hrökk svona seint í gang og þykjast einhverjir vita svarið við þeirri spurningu. Strákurinn sást oftar en ekki með ofurfyrirsætunni Thelmu Þormarsdóttur sem tók sér frí frá módelstörfum í New York, þar sem hún býr og starfar. Fáar helgar liðu án þess að þau sæjust saman og segja kunnugir að þau hafi kynnst í gegnum sameiginlega vini. Björgólfur og Viktor Bjarki Arnarson knattspyrnumaður úr Víkingi eru miklir félagar, en kærasta Viktors er Álfrún Pálsdóttir blaðakona á Fréttablaðinu. Hún er vinkona Thelmu og kynnti þau á Vegamótum í byrjun sumars.

Björgólfur er sannur töffari og er með leyninúmer og leyniheimilisfang hjá símaskránni. Hann vinnur í Landsbanka Íslands og þykir standa sig vel. Thelma hefur um nokkurn tíma starfað sem fyrirsæta í New York eins og fyrr segir og gert það gott.

Thelma og Björgólfur áttuðu sig þó á veruleikanum og treystu ekki á ástina í tveimur löndum. Hún er nú farin út og Björgólfur kominn í bankann. Sumarið var hinsvegar eldheitt hjá Takefusa.



**Thelma Þormarsdóttir** Ofurfyrirsætan frá New York sem tók sumarfrí á Íslandi.



**Björgólfur Takefusa** Var eldheitur í sumar í boltanum ... og á barnum.

## ...Bíddu...heyrðu....hvað þá?

**„Góðan daginn ertu nokkuð með klósett?"**

Ungur háskólanemi pantaði sér pizzu hjá Dominos á dögunum. Fljótlega mætir sendillinn með eina glóðvolga og líter af kóki, dinglar og segir: „Góðan daginn, ertu nokkuð með klósett?" háskólaneminn svarar því að sjálfsögðu játandi. Næstu átta mínúturnar heyrist ekkert í sendlinum sem sat þá í makindum sínum og gerði sitt allra heilagasta. „Ég þorði ekkert að byrja á pizzunni enda var ég ekki búinn að borga," sagði neminn í samtali við Sirkus. Sendillinn kemur síðan út með posann á lofti og segir. „Það eru fimmtán hundruð."



**„Hann býr sko í Danmörku"**

Fjölskylda í vesturbænum var orðin pirruð á bíl sem lagður hafði verið fyrir innkeyrsluna í nokkra daga. Búið var að dingla hjá flestum nágrönnum og kanna hver ætti bílinn. Loks fékk heimilisfaðirinn nóg og lét fletta upp bílnúmerinu. Eldri kona svaraði í símann og sagði son sinn eiga bílinn. „Og ætlar hann ekkert að taka hann frá innkeyrslunni," sagði heimilisfaðirinn en fékk þá „Hann er sko í námi í Danmörku og ætlar að geyma hann þarna á meðan." Það besta við þessa sögu er hinsvegar að sonurinn og móðirin búa á Selfossi.








### ÞETTA HEYRIRÐU EKKI Á HVERJUM DEGI ...

## Sendi tengdó klámmyndir

Hinn 31 árs gamli Michael Baumgartner braust inn í verslunarmiðstöð á dögunum en lögreglan kom að honum við verknaðinn. Náði Michael að stinga lögregluna af en festi giftingarhringinn í járngirðingu sem hann stökk yfir á flóttanum. Var hann á svo mikilli hraðferð að baugfingur varð eftir á girðingunni. Lögreglan var því ekki í neinum vandræðum með að ná í fingrafar og fletti stráknum einfaldlega upp í gagnasafni sínu.



Þegar hann fékk svo fingurinn aftur var of langur tími liðinn til þess að hægt væri að græða puttann aftur á. Það er því nokkuð ljóst að Michael verður að finna nýjan stað fyrir hringinn, svo frú Baumgartner verði ekki trítilóð.


# SIRKUS

**Útgáfufélag:** 365 prentmiðlar
**Útgefandi:** Helgi Hermannsson
**Ritstjórn:** Andri Ólafsson, Breki Logason, Dröfn Ösp Snorradóttir, Helga Ólafsdóttir, Símon Örn Birgisson
**Auglýsingar:** Gréta Karen Grétarsdóttir, 5505865 gretakaren@frett.is

Sirkusblaðið
Skaftahlíð 24
105 Rvk,
Sími 550 5000

Forsíðumyndina tók Hörður Sveinsson af Birni Hlyni Haraldssyni.






# Nýtt frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár nýjar kaffitegundir í hagkvæmum 400 gr. umbúðum, Java Mocca, Colombia Santos og Espresso Roma. Þrjár gæðablöndur, malað og baunir á sama verði.

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemningin

## Ég var að heyra...



Að módelið í plastgallanum, **Elísabet Thorlacius**, væri enn einu sinni á síðum tímaritsins Bleikt og blátt. Stelpan fór víst í myndatöku með **Dr. Mister og Mr. handsome** fyrir skömmu. Var rúntað um bæinn í gula hummernum hans Geira, og skálað í kampavíni / Að **Heiða úr Idolinu** hefði mikið sést með fasteignasalanum og sjarmörnum Andrési Pétri í miðbæ Reykjavíkur upp á síðkastið / Að liðið hefði yfir **Ellý úr Ástarfleyinu** á stórtónleikum **Magna og Dilönu** um síðustu helgi / Að verið væri að vinna í því að fá sjálfan **Borat** til landsins í næsta mánuði / Að von væri á nýrri plötu frá **Helga Rafni** úr Idolinu um miðjan mánuðinn / **Andrési Magnasyni** blaðamanni var víst sagt upp á Blaðinu um síðustu helgi. Var honum sent símskeyti með uppsögninni. Hann mun þó lítið vera að stressa sig yfir þessu öllu saman og ætlar bara að trítla yfir á Moggann eða eitthvað





## ÞETTA HEYRÐIST Í VIKUNNI...



„Það hringdi í mig maður þegar ég lá hálfnakinn á sólarströnd að gera ekki neitt, sem ég er bestur í, og sagði mér að þessi búð væri til sölu".

**Kormákur Geirharðsson um kaupin á nýju herrafataverslunninni í Kastljósinu.**



„Ég get ekki haft áhyggjur af því þegar sætasta stelpan á ballinu vill dansa við mann. Velti ekki fyrir mér af hverju, hvort hún er að gera einhvern afbrýðisaman eða hvað - maður bara dansar."

**Reynir Traustason um eignarhaldið á nýja blaðinu sínu við Fréttablaðið.**



„Köttur út í mýri, setti upp á sig stýri.. Úti, er ævintýri..Eða.. Rétt að byrja..?"

**Unnur Birna Vilhjálmsdóttir á bloggsíðu sinni um árið sem er að enda.**

**INGA LIND KARLSDÓTTIR ER HÆTT Á STÖÐ 2**

# Farin til Boston að versla

Sjónvarpsstjarnan Inga Lind Karlsdóttir er á leiðinni til Boston ásamt góðum vinkonum sínum í verslunarferð. Hún er, eins og alþjóð veit, hætt á Stöð tvö og vill ekkert gefa upp um hvað framtíðin ber í skauti sér. „Nei, akkúrat núna ligg ég undir feldi en ætla samt í smá ferðalag með vinkonum mínum," segir Inga Lind.

**Hættir hægt og hljótt**

Starfslok Ingu Lindar komu flestum á óvart. Sagan segir að eiginmaður hennar, Árni Hauksson, hafi selt öll hlutabréf sín í Dagsbrún þegar eiginkonan hætti í Íslandi í dag. Sjálf vill Inga Lind segja sem minnst. „Ég mun bara hætta hægt og hljótt," segir hún og vitnar í lagið fræga þó hingað til hafi starfslokin verið allt annað en hæg og hljóð.

**Tilbaka í nýjum skóm**

Samkvæmt heimildum Sirkus mun ákvörðunin um ferðina til Boston hafa verið tekin í skyndi enda þekkt húsráð hjá konum að eyða óvissu með góðri verslunarferð. Ætli landsmenn megi svo ekki búast við nýrri og endurnærðri Ingu Lind í nýjum skóm frá Boston.



**Borgin fagra** Boston er fögur borg og Inga Lind finnur örugglega eitthvað á sig í verslunum borgarinnar.





NÝR OG BETRI JÚMBÓ Í NÆSTU VERSLUN

Kársnesbraut 112 | 220 Kópavogi | Sími 554 6999 | Fax 554 6239 | jumbo@jumbo.is | www.jumbo.is


## Róbert Marshall mælir með

**Bók**

**Draumalandið**

„Þetta er bara bók sem allir verða að lesa til þess að skilja hvað er að gerast í landinu."




**Kvikmynd**

**An Inconvenient truth**

„Þessi mynd fær mann til þess að hugsa og langa að gera eitthvað. Eins og til dæmis að fara í prófkjör."





**Tónlist**

**American Idiot með Green Day**

„Fíla þessa plötu í tætlur. Flott rokktónlist sem gott er að hlusta á í bílnum og verður maður þá að hafa þetta til tölulega hátt."



# Álver fyrir konur



Álver Alcoa Fjarðaáls verður góður vinnustaður fyrir konur sem karla. Markmiðið er að kynjahlutfall í fyrirtækinu verði sem jafnast og þess vegna hvetjum við konur til að sækja um störf hjá okkur.

## Fjölbreytni

**Konur eru jafnvígar körlum**

Álver Alcoa Fjarðaáls er hannað með það í huga að öll störf henti konum ekki síður en körlum, tæknivæðing auðveldar vinnuna og verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og krefjast ekki mikilla líkamsburða eða endurtekinna hreyfinga.

## Fjölskylda

**Jafnvægi vinnu og einkalífs**

Fjarðaál verður fjölskylduvænt fyrirtæki, þar sem gætt er jafnvægis milli vinnu og einkalífs starfsmanna, og kynbundinn launamunur er útilokaður.

## Liðsheild

**Samhentur hópur karla og kvenna**

Við viljum við að kynjahlutfall í álverinu verði sem jafnast og aldursdreifing góð svo að vinnustaðurinn verði eðlilegur hluti af öflugu samfélagi.

## Fræðsla

**Tækifæri til að læra og þroskast**

Starf hjá Fjarðaáli á að vera tækifæri fyrir konur og karla til að læra og þroskast saman, í boði verður fjölbreytt fræðsla og starfsmönnum verður gert kleift að stunda skólanám með vinnu í álverinu.

## Kynning

### Kvennadagur 8. október – Konur í álveri

Sunnudaginn 8. október ætlum við hjá Alcoa Fjarðaáli að bjóða öllum austfirskum konum í heimsókn, kynna þeim vinnustaðinn okkar og störf í álverinu og eiga skemmtilega stund saman. Við byrjum á því að koma saman við álverslóðina kl.12:45 og leggjum af stað í skoðunarferð kl. 13:00. Nánari upplýsingar um dagskrá Kvennadagsins og ferðir til og frá álverinu má finna á vefsetri okkar, **www.alcoa.is**

**Hlökkum til að sjá ykkur!**




Elsa Þórisdóttir og Deirdre Anne Kresfelder, starfsmenn AlcoaFjarðaáls.

## 96 framleiðslustörf í boði

Við leitum að framleiðslustarfsmönnum sem eiga að hefja störf 1. mars 2007 eða síðar. Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember.

capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á og hjá og ) hjá Capacent í síma 540 1000.

Einnig er hægt að fá aðstoð við umsóknina hjá Svæðisvinnumiðlun Austurlands.

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ALC 33742 08/2006

Það var nóg að gera í jazzinum um síðustu helgi. Jazzhátíð var haldin í Reykjavík um síðustu helgi og mættu allir helstu listamenn þess geira á klakann. Jazzbandið Dialect fór á kostum á Nasa en einnig vakti söngvarinn Kurt Elling mikla athygli í Austurbæ. Vel var mætt á tónleika hans og virtust músíkunnendur una sér vel í gamla bíóinu. Á móti sól lék ásamt Dilönu á Nasa og kíkti Sirkus við þar.



**Jazzhátíð** Það var mikið stuð hjá jazzbandinu Dialect á Nasa.



**Dialect** Þröstur Þórsson, Addí Roff og Þórir Roff voru að fíla jazzinn.



**Tepokinn** Bjarni Már Ólafsson, Andri Ólafsson, Kristján Martinsson og Jóhannes Þorleiksson, meðlimir jazzkvartettsins Tepokans, mættu á Nasa.



**Jazzgeggjarar** Haraldur Hrafnsson, Hildur Kvaran, Sigurjón Gunnsteinsson og Sólveig Einarsdóttir sáu Kurt Elling.



**Hressir** Fredrick Menzies er danskur jazzlandsliðsmaður, Steini Teague, í íslenska jazzkeppnisliðinu og Snorre Kirk úr danska jazzkeppnisliðinu voru hressir á Kurt.



**Austurbær** Andrés Þór Gunnlaugsson, Andri Ólafsson, Ari Bragi Kárason, og Daníel Friðrik Böðvarsson voru líka mættir í Austurbæ.



**Broadway** Edda Óskarsdóttir og Helgi Helgason sáu Magna og Dilönu á Broadway.



**Kurt Elling** Er einn stærsti jazzsöngvari heims og var í miklu stuði í Austurbæ.



**ÁMS** Matthildur Magnúsdóttir og Dagný Gísladóttir létu Rockstargoðin ekki framhjá sér fara.



# HVE MARGA ÞJÓNA VILT ÞÚ?

Eitt sinn í árdaga rafmagnsins var sagt að not af rafmagni á heimili væri á við marga þjóna. Heimilistækin t.d. þvottavélin, örbylgjuofninn, eldavélin, ljósin og tölvurnar vinna margra manna verk á hverjum degi með hjálp rafmagns. Nú á dögum er þörf fyrir enn fleiri þjóna og þá getum við hjálpað.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
*lifandi afl*

RARIK HF • RAUÐARÁRSTÍG 10 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 528 9000 • WWW.RARIK.IS




LEIKARINN BJÖRN HLYNUR HARALDSSON LEIKUR SIGURÐ ÓLA Í MÝRINNI

# Leiðist þetta stjörnu-kjaftæði á Íslandi

Björn Hlynur Haraldsson er einn athyglisverðasti leikari þjóðarinnar. Hann fer með hlutverk Sigurðar Óla í Mýrinni sem frumsýnd verður 19. október og hefur farið á kostum sem Pétur Gautur í Þjóðleikhúsinu undanfarið. Hann hefur einnig leikið í stórum sýningum í London á móti stórstjörnum en líður best með vinum sínum í Vesturporti. Breki Logason hitti Hlyn á kaffihúsi í miðbænum og ræddi við hann um leikhúsið, framtíðina og skyndilegar vinsældir hans hjá hommunum.

„Þetta var nú eiginlega bara ákveðið svolítið fyrir mig með því að hleypa mér inn í leiklistarskólann. Ég hafði ekkert leikið áður og hélt ég kæmist ekkert inn því ég væri ekki nógu hress. Allt í einu var ég svo lentur í átta manna hópi með fólki sem varð bestu vinir mínir, og er enn í dag," segir Björn Hlynur um leiklistarferilinn.

Vinirnir úr leiklistarskólanum stofnuðu síðan Vesturport og allir þekkja sigra leikhópsins úti um allan heim.

**En afhverju hefur Vestuporti gengið svona vel?**
„Ég held það sé mikið útaf því að við viljum ekki láta neitt frá okkur sem við erum ekki ánægð með. Við erum líka mjög gagnrýnin á hvert annað og þolinmóð. Það er líka í lagi að gefa fólki smá breik, mér finnst oft á tíðum voðaleg offramleiðsla á leikhúsi. Þetta er eitthvað svona tuð sem ég hef lengi verið með en málið er að þetta er ekki bara venjuleg vinna."

**Er leiklistin eitthvað meira?**
„Já, ég held það. Þetta er svolítið eins og kveikiþráður sem brennur smátt og smátt upp ef þú gerir of mikið af hlutum sem þér mislíkar, fyrir peninga eða annarskonar upphefð. Þetta brennur þá upp þangað til grunnáhuginn á starfinu er farinn og ég held það sé erfitt að ná í hann aftur."

Björn Hlynur er úr Reykjavík, ólst upp í Vogahverfinu og fór í MS. „Ég fæddist reyndar í Garði á Suðurnesjum og bjó þar fyrstu fjögur ár ævi minnar. Pabbi var sveitarstjóri þar."

**Alltaf verið svona mikill töffari?**
„Þegar ég var unglingur var ég svona íþróttalúði í jogging-galla, þangað til það var orðið hálf kjánalegt. Ég ólst upp beint fyrir framan Þróttaravöllinn og þar átti mín framtíð að vera. Síðan fór ég að vinna í malbiki og á trésmíðaverkstæði á Keflavíkurflugvelli fjórtán ára gamall, og þurfti að hætta í boltanum. Þetta herti mann og kom mér úr jogging-gallanum."

Björn Hlynur hefur leikið bæði á sviði og í kvikmyndum. Hann segir þetta tvennt ólíkt og fílar mjög vel að skipta á milli. „Ég er mjög heppinn að hafa lent í starfi sem er svona fjölbreytt. Ég hef til dæmis legið í drullupolli í Norðurmýrinni og staðið á sviði í Þjóðleikhúsinu á sama klukkutímanum."

Hann er mjög vel metinn innan leikhúsgeirans og hefur lítið verið að markaðssetja sig sem einhverja ákveðna týpu. Oft virðist löngunin til þess að gera eitthvað sem hann er sáttur með vera sterkari en frægð og peningar.

**Satt?**
„Ég held það sé þannig með mig og vini mína í Vesturporti að við þurftum að taka netta bílskúrspælingu á þetta fyrst, eins og við værum hljómsveit. Við fórum bara inn í bílskúr og æfðum okkur. Vorum ekkert boyband sem var sett saman af Einari Bárðarsyni, heldur þurftum að gera fullt af mistökum til þess að ná markmiðum okkar.
Ég held hinsvegar að þetta samfélag sem við búum í þurfi engar ímyndarpælingar. Það er enginn leikari eða leikstjóri sem selur hér eins og í Bandaríkjunum, og ég er mjög feginn því. Ég hef það bara fyrir reglu að gera aldrei neitt sem ég vil ekki gera."

Björn Hlynur lék í sýningu í London síðasta vetur sem hét Bloodwedding og fékk mikla athygli þar í borg. „Þá fattaði ég bara hvað það er gott að vinna með hópnum mínum og það voru milljón hlutir sem mig vantaði. Ég komst samt að því að leikhúslíf í London er ekki eitthvað sem ég ætla að eyða hálfri ævinni í að eltast við."

**En ætlarðu þá ekkert meira út?**
„Ég þarf kannski bara að gefa þessu meira rými og tíma til þess að gera þetta almennilega. Ég er með umboðsmann úti og það er alltaf eitthvað að koma upp. Ég hef farið í prufur en ekki fengið tilboð sem ég hef þurft að hafna."

19. október verður kvikmyndin Mýrin frumsýnd og fer Björn Hlynur með hlutverk Sigurðar Óla, aðstoðarmanns Erlendar.

„Það sem er skemmtilegast við þessa mynd er að það hefur ekki gerst í hálfa öld að meirihluti þjóðarinnar hefur lesið sömu bókina. Og fólk virðist vera að missa vitið yfir því hver eigi að leika hvaða hlutverk. Flestum er nokk sama hver leikur Hamlet í Þjóðleikhúsinu en um leið og það er komið að því að velja einhvern löggugæja í krimma verða allir brjálaðir, en þetta er bara spennandi."

**Spennandi saga?**
„Já, sagan er náttúrlega frábær. En manni datt aldrei í hug að íslenskir krimmar gætu virkað þegar þessir gæjar byrjuðu. Hvað þá að búa til löggumynd á Íslandi. Maður finnur eftirvæntinguna og Þjóðverjarnir eru mjög spenntir líka, enda hefur Arnaldur selt einhver milljón eintök þar í landi."

Björn Hlynur segir karakterinn sinn vera meiri vælukjóa í myndinni en í bókinni en hann hafi þurft að skapa hann út frá hinum í myndinni. „Hvorki ég, Ingvar, Ólafía Hrönn eða nokkur annar getur hermt eftir því sem hver einasti íslendingur hefur í hausnum á




Af hálfu Samfylkingarinnar er niðurstaða samningsins afar slæm en svo komst formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, að orði í sinni tölu. Samkvæmt breyttum samningi um varnarmál milli íslenskra og bandarískra yfirvalda verða varnir landsins áfram tryggðar ásamt því að lítil þjóð fær sér til handa verðmætar eignir sem án efa munu hafa jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf svo um munar. Hér er vert að staldra örlítið við. Hefur Samfylking kynnt að einhverju leyti sínar töfralausnir í því ferli sem hefur átt sér stað? Að mati greinarhöfundar hefur eina innlegg Samfylkingar í málinu verið kjökur yfir því að hafa ekki fengið nógu miklar upplýsingar á meðan hið viðkvæma og sögulega samningaferli átti sér stað. Niðurstaðan eða útkoman fyrir íslenska þjóð er eins og best verður á kosið miðað við þá erfiðu stöðu sem bandarísk stjórnvöld settu okkur Íslendinga í. Það sem stendur að mínu mati upp úr er sú spenna að sjá hvernig dugleg og metnaðarfull þjóð mun spila úr þeim frábæru tækifærum sem nú bíða okkar á næstu misserum.



GUNNAR ÖRN ÖRLYGSSON

## Viðbrögð Suðurnesjamanna

Viðbrögð heimamanna hafa verið lofsverð. Þorri íslenskra starfsmanna varnarliðsins hefur nú þegar komist í ný störf. Forsvarsmenn í sveitarfélögum tóku af skarið og hvöttu sitt fólk til hreyfingar um leið og ákvörðun varnarliðsins lá endanlega fyrir. Afturhaldsmenn í pólitík hefðu hugsanlega ráðlagt hinum sömu að bíða til loka samnings með sín atvinnumál og á endanum hefði glundroði og erfiðleikar einkennt stöðu mála.

*Að mati greinarhöfundar hefur eina innlegg Samfylkingar í málinu verið kjökur yfir því að hafa ekki fengið nógu miklar upplýsingar á meðan hið viðkvæma og sögulega samningaferli átti sér stað.*

## Staða Suðurnesjamanna

Ég hvet landsmenn til að hunsa sleggjudóma stjórnarandstöðunnar og þá tækifærismennsku sem einkennt hefur allan þeirra málflutning í þessu máli á undanförnum misserum. Að sama skapi verðum við að tryggja í framhaldinu að nýting og búnaður á varnarliðssvæðinu taki tillit til skipulagsmála og þeirrar framtíðarsýnar sem sveitarfélög á Suðurnesjum hafa sett sér. Annað væri fullkomlega óeðlilegt og ekki til farnaðar. Þekking á búnaði og staðháttum er mikil á meðal heimamanna og jafnframt verður einnig að minna á þann raunveruleika að þjónustufyrirtæki á Suðurnesjum hafa nú misst spón úr aski sínum í formi minni tekna eftir brotthvarf varnarliðsins. Sveitarfélög á Suðurnesjum verða því að fá virka þátttöku við mótun á atvinnuháttum sem að ákveðnu leyti mun fylla upp í það verkefnaskarð sem sömu fyrirtæki hafa orðið fyrir.

Umfram allt verður nýting svæðisins að mótast af góðum og gegnum viðskiptalegum forsendum. Að slíkri stefnumótun er greinilega ekki hægt að treysta á Samfylkinguna. A.m.k. ekki, ef tekið er tillit til þeirrar framsetningar á málinu til þessa. Hingað til hefur okkar fulltrúi í samningaferlinu, Geir H. Haarde forsætisráðherra, staðið vaktina með myndarbrag fyrir land og þjóð.

## Starfsmenn án atvinnu

Eftir brotthvarf varnarliðsins hafa ótal viðskiptahugmyndir nú þegar skilað sér til yfirvalda og forsvarsmanna sveitarfélaga á Suðurnesjum. Úr þeim verður skipulega unnið og að sjálfsögðu á viðskiptalegum forsendum til framtíðar. Einnig er vert að líta til verkefna þar sem stórar ríkisstofnanir eiga nú möguleika á aðstöðu til sinna starfa. Nefni ég í því sambandi ríkisstofnanir sem heyra til löggæslu- og öryggismála.

Að svo komnu eru rúmlega 100 starfsmenn án atvinnu eftir brotthvarf varnarliðsins. Greinarhöfundur hyggst beita sér fyrir úrlausn þeirra mála og vonast eftir góðri niðurstöðu á næstu misserum.

Þakka þeim sem lásu.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Brottrekstur Hilmars Arnar

**Umræðan**
Sigríður Guðnadóttir skrifar um Skálholt

Hilmar Örn Agnarsson dómorganisti í Skálholti hefur stjórnað Kammerkór Suðurlands frá stofnun hans. Heimilisfang Kammerkórs Suðurlands er í Skálholti og flest þau verk sem kórinn hefur æft hafa verið flutt þar. Félagar kórsins eru harmi slegnir yfir uppsögn Hilmars Arnar úr starfi organista í Skálholti og eru undrandi, sárir og reiðir yfir þessu miskunnarleysi, yfirgangi og niðurlægingu í garð Hilmars Arnar í skjóli endurskipulags tónlistarstarfs. Hugmyndin að stofnum Kammerkórs Suðurlands kviknaði þegar hópur söngvara kom saman til að syngja á Skálholtshátíð sumarið 1997. Í kórnum voru þá söngvarar allt frá Akranesi til Hornafjarðar sem allir voru virkir tónlistarmenn í sinni heimabyggð. Síðan hefur fastur kjarni söngvara af Suðurlandi sungið í kórnum. Hann hefur æft í Skálholti oftar en annars staðar og haldið þar tónleika, eins og áður hefur komið fram, við ýmis tækifæri s.s. á Skálholtshátíð, Sumartónleikum og jafnframt sungið í messum.

Hugmyndaauðgi og jákvæðni Hilmars Arnar hefur hrint af stað mörgum spennandi verkefnum sem hafa vakið athygli og fengið lofsamlega dóma eins og efnisskrárnar Ég byrja reisu mín og Íslensk kirkjutónlist í 1000 ár sem kórinn flutti á sínum tíma í Skálholti og voru hljóðritaðar á hljómdiskinn Ég byrja reisu mín.

Það má teljast til tíðinda þegar Hilmar Örn og þáverandi stjórn kórsins komst í samband við hið virta breska tónskáld Sir John Tavener sem leiddi til þess að hann varð staðartónskáld Sumartónleikanna í Skálholti 2004. Á þeim tónleikum flutti Kammerkór Suðurlands í fyrsta skipti hér á landi samfellda dagskrá með verkum eingöngu eftir Tavener. Tónskáldið samdi eitt verkið Shoun hymninn fyrir kórinn sem hann frumflutti á tónleikunum. Því miður komst Tavener ekki á tónleikana í Skálholti vegna veikinda en kona hans og tvær dætur komu í hans stað. Frú Tavener flutti skáldinu frábæra dóma um frammistöðu kórsins undir stjórn Hilmars Arnar.

Hilmar Örn hefur hannað söngdagskrár þar sem kammerkórinn hefur brugðið á leik í tali og tónum. Hilmar er nefnilega með eindæmum skemmtilegur og gefandi stjórnandi.

Félagar kórsins eru harmi slegnir yfir uppsögn Hilmars Arnar úr starfi organista í Skálholti og eru undrandi, sárir og reiðir yfir þessu miskunnarleysi, yfirgangi og niðurlægingu í garð Hilmars Arnar í skjóli endurskipulags tónlistarstarfs.

Í huga Hilmars er öll tónlist jafnmerkileg hvort sem hún er eftir breska tónskáldið Sir John Tavener eða bóndasoninn frá Hvoli í Ölfusi Guðmund Gottskálksson, en kammerkórinn söng inn á geisladiska verk eftir þá báða á síðasta ári. Hljómdiskurinn Á hugarhimni mínum sem kom út í vor hefur að geyma lög eftir Guðmund en diskur með verkum eftir Tavener er væntanlegur á næsta ári.

Það er ótrúlegt hvað Hilmar Örn hefur áorkað miklu með kammerkórnum ásamt öllum hinum tónlistarhópunum sem hann hefur haft á sinni könnu. Barna- og kammerkór Biskupstungna undir hans stjórn hefur hlotið verðskuldaða athygli og var boðið að koma og syngja á heimssýningunni í Japan fyrir ári. Þá eru ótaldir allir þeir tónlistarmenn sem hann hefur æft með og fengið til að koma fram í Skálholti til að fá aukna breidd í tónlistarflutninginn þar, tólistarunnendum til mikillar ánægju.

Þrátt fyrir mikla vinnu sem felst í því að stjórna kór eins og Kammerkór Suðurlands sem leitast við að flytja metnaðarfulla söngdagskrá hefur hann unnið þetta starf eingöngu áhugans og ánægjunnar vegna.

Við félagarnir í Kammerkór Suðurlands teljum það forréttindi að syngja undir stjórn Hilmars Arnar. Hann er mikill músíkant sem fer með okkur í einhverjar aðrar víddir í túlkun sinni á tónlistinni. Hilmar Örn er í okkar huga samofinn Skálholtsstað. Skálholtsstaður verður ekki samur án Hilmars Arnar.

Okkur félögunum í Kammerkór Suðurlands finnst engin rökstudd ástæða fyrir uppsögn Hilmars Arnar Agnarssonar úr starfi organista í ljósi öflugs tónlistarstarfs sem hann hefur unnið í Skálholtskirkju. Með brottrekstri Hilmars Arnar finnst okkur ekki bara vegið að honum heldur öllu því starfi sem Kammerkór Suðurlands hefur unnið í Skálholti undir stjórn Hilmars Arnar. Við skorum því á stjórn Skálholts að draga uppsögn Hilmars Arnar til baka svo hið blómlega tónlistarlíf í Skálholti megi halda áfram að blómstra í framtíðinni undir hans stjórn og Kammerkór Suðurlands geti áfram tekið þátt í því.

*Höfundur er formaður Kammerkórs Suðurlands.*




JÓLAHLAÐBORÐ Í GYLLTA SALNUM Á HÓTEL BORG HEFST 23. NÓVEMBER. PANTAÐU NÚNA.

FORRÉTTIR
Mareneruð síld með reyktum og létt sýrðum tómötum / Karrý síld með kartöflubitum og eplum / Mareneruð síld í rauðbeðu og rjómaosts kremi / Einiberja og dill grafinn lax með estragon kremi / Reyktur lax með piparrótar sýrðum rjóma / Kremuð villisúpa, bragðbætt með íslenskri villibráð / Hörpuskeljar- og rækjusalat í kryddjurtaolíu / Grísalæri að norðan, verkuð á spænska vísu og framreitt á okkar máta / Hreindýrapylsur innbakaðar í jólabakstrinum „einiber, negull, kanill“ / Heit lifrakæfa með sveppum og beikoni / Hreindýrabollur í einiberja kryddaðri villiberjsósu / Langtíma elduð andalæri, lauksulta og appelsínugljái.

AÐALRÉTTIR
Hangikjöt að norðan með uppstúf og kartöflum / Hamborgarhryggur, brúnsósa sem og kartöflur kenndar við sama lit / Léttreyktir og steiktir saltfisksbitar með fennel, lauksultu og hvítlauks kryddjurta mauki / Ofnbakaður lax mareneraður með „súrsuðum radísum með chilli og wasabi soy“ bakaður í bananalaufi / Purusteik, kalkúnn (fylling), dádýr, kengúra, nautavöðvi, létt reykt önd.

MEÐLÆTI
Flatbrauð „kryddað“ / Nýbökuð brauð og smjör / Rúgbrauð / Rauðkál með jólakryddum og rauðvíni / Eplasalat / Heimalöguð sulta / Sæt kartöflumús með eplum og koriander.

EFTIRRÉTTIR
Ris à la mandle / Jólaglögg !!! / Volg eplakaka með kanil / Panna cotta með jarðaberjum, lime og vanilli olíu / Súkkulaðidrumbur bragðbættur með stjörnuanis / Villiberjasósa.



PIPAR • SÍA • 60335

GYLLTI SALUR
Sími 578 2009 / www.hbveitingar.is

THOR HEYERDAL (1914-2002)

*Við köllum það þróun þegar manninum tekst að flækja hið einfalda.*

***Norski mannfræðingurinn og landkönnuðurinn er líklega þekktastur fyrir Kon Tiki leiðangurinn.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. OKTÓBER 1979

## Páfinn í Hvíta húsinu

Á þessum degi árið 1979 varð Jóhannes Páll páfi II fyrstur páfa til að stíga fæti inn í Hvíta húsið í Washington. Fundur hins 39. forseta og 264. rómverska páfa vakti nokkra athygli en í tvö hundruð ára sögu Bandaríkjanna höfðu fáir stjórnmálamenn viljað láta bendla sig við kaþólsku kirkjuna opinberlega.

Um fjórutíu þúsund manns komu saman til að berja páfann augum þegar hann hélt messu fyrir um þúsund presta við dómkirkju St. Matthews áður en hann hélt til Hvíta hússins þar sem hann dvaldi síðasta daginn af ferðalagi sínu um sex bandarískar borgir.



JÓHANNES PÁLL PÁFI II OG JIMMY CARTER

Carter forseti ávarpaði páfann á móðurmáli hans, pólsku. Þá biðluðu þeir til heimsins um kjarnorkuafvopnun og aukna hjálp til þróunarlanda. Athöfnin fór friðsamlega fram en hálfum tíma fyrir heimsókn páfa var maður handtekinn sem hafði í fórum sínum þrjár byssur og hníf.

Páfinn hitti Carter forseta á ný ári síðar og það ár bauð hann Elísabetu Englandsdrottningu velkomna í Vatíkanið. Árið 1998 hafði Jóhannes Páll páfi annar heimsótt yfir hundrað lönd og farið hringinn í kringum hnöttinn 27 sinnum. Páfinn lést 2. apríl árið 2005.

## MERKISATBURÐIR

**1659** Hollenskt kaupskip sekkur við Flatey á Breiðafirði.

**1847** Bókin Jane Eyre eftir Charlotte Brontë er gefin út.

**1895** Samkomuhús Hjálpræðishersins er vígt. Það var gamli spítalinn við Aðalstræti í Reykjavík.

**1961** Háskólabíó er vígt á hátíðarsamkomu vegna hálfrar aldar afmælis Háskóla Íslands.

**1981** Egypski forsetinn Anwar Sadat er ráðinn af dögum.

**1993** Flogið er í fyrsta sinn í gegnum gatið á Dyrhólaey, Flugstjóri var Arngrímur Jóhannsson en Árni Johnsen var með í för.

**2000** Slobodan Milosevic foreti Júgóslavíu segir af sér.



†

*Frændi minn,*

**Ólafur Eyjólfsson,**

Bólstaðarhlíð 9, Reykjavík,

verður jarðsunginn í dag föstudaginn 6. okt. kl. 15.00 frá Fossvogskapellu.

**Sigríður Alexanders.**



†

*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir*

**Sigríður Gissurardóttir**

frá Drangshlíð undir Eyjafjöllum

lést að Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 28. september sl. Útför hennar fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu fimmtudaginn 5. október sl.

Fyrir hönd aðstandenda,

| | |
|---|---|
| **Haukur Filippusson** | **Ragnheiður Kristín Benediktsson** |
| **Hrefna Filippusdóttir** | **Árni Gunnarsson** |
| **Hörður Filippusson** | **Margrét Oddsdóttir** |



†

*Elskuleg móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Hulda Pétursdóttir**

sem lést þann 21. september á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 7. október kl. 11.00.

| | |
|---|---|
| **Trausti Bertelsson** | **Erla Hjálmarsdóttir** |
| **Ólafur Bertelsson** | |
| **Valgarð Bertelsson** | **Branddís Benediktsdóttir** |
| **Jóhanna Bertelsdóttir** | **Haukur Brynjólfsson** |
| **Heiðdís Andradóttir** | **Guðjón Sveinsson** |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Soffía Guðmundsdóttir**

verður jarðsungin frá Laugarneskirkju föstudaginn 6. október kl. 15. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Sjálfsbjargarheimilisins, Hátúni 12, sími 550 0300.

| | |
|---|---|
| **Jón Oddur Kristófersson** | **Marín E. Samúelsdóttir** |
| **Guðmundur J. Kristófersson** | **Inga Jóhannsson** |

**barnabörn og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000**.

LAGNAFÉLAG ÍSLANDS: Á 20 ÁRA AFMÆLI Á ÁRINU

# Fagna afmælinu með stórsýningu í Smáralind

Lagnafélag Íslands fagnar tuttugu ára afmæli í ár. Í tilefni afmælisins heldur félagið stórsýningu í Vetrargarði Smáralindar um þessa helgi. Fréttablaðið talaði við Kristján Ottósson, en hann er framkvæmdastjóri félagsins og hafði frumkvæði að stofnun þess.

„Ég fór að vinna í að gengið yrði frá lagnakerfum svo hæglegt væri að reka þau þegar ég hóf störf hjá byggingardeild Borgarverkfræðings árið 1975," sagði Kristján. Ýmsu var ábótavant á þeim tíma. „Það vantaði upp á hönnun og frágang stjórnkerfanna. Iðnaðarmenn settu tækin upp og tengdu eftir ófullkomnum teikningum, svo virkuðu tækin ekki og enginn vissi neitt." Til að ráða bót á vandanum var vinnunefnd sett á laggirnar á vegum Borgarverkfræðings. „Sú vinna sem þar var unnin er enn í fullu gildi. Nú á til dæmis handbók að fylgja öllum lagnakerfum."

Með tilkomu Lagnafélagsins segir Kristján ástandið hafa batnað enn frekar. „Áður en félagið var stofnað töluðu hönnuðir og iðnaðarmenn hreinlega ekki saman," sagði Kristján, en honum er mikið í mun að fólk eigi auðvelt með að stilla og skilja lagnakerfi sín. „Það kemur oft fyrir að handbókum sé ekki skilað. Mér finnst að lokaúttekt á húsi eigi ekki að geta farið fram nema handbók fylgi kerfunum, allt annað er móðgun við eiganda hússins," sagði Kristján. „Ef þú kaupir hárþurrku úti í búð færðu leiðbeiningabækling með. Af hverju ekki þegar um er að ræða margar gerðir af tækjum sem vinna saman í húsinu þínu?"



**KRISTJÁN OTTÓSSON** Vinnur ötullega að því að frágangur lagnakerfa geri mönnum kleift að stilla tæki í húsum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Orkuveitan er eitt fyrirtækjanna sem taka þátt í sýningunni í Smáralind. „Fólk getur fengið upplýsingar um eyðsluna í húsi sínu, hvort það sé að borga meira en vera skal," útskýrði Kristján. „Þegar Lagnafélagið varð tíu ára var Orkuveitan með þessa þjónustu í fyrsta skipti. Ég þekki mann sem komst að því að hann borgaði þrefalt meira í hitaveitu en hann átti að gera, allt einhverjum ofni í bílskúrnum að kenna. Ef menn bara vita af þessu getur fagmaður stillt og lagað lagnakerfið," sagði Kristján og hvetur fólk til að mæta á sýninguna til að fá svör við spurningum sem varða heimili þeirra.

Til að bæta ástandið enn frekar vill Kristján að komið sé á laggirnar eftirlitsnefnd með iðnaðinum. „Við þurfum smá utanaðkomandi aðhald, sérstaklega núna þegar hraðinn er svona mikill. Þetta má ekki gera hroðvirknislega," sagði hann. **sunna@frettabladid.is**

# Ungliðar heiðra Alfreð fyrir störf sín

Félag ungra Framsóknarmanna í Reykjavík suður hefur tekið sér nafnið Alfreð í höfuðið á Alfreð Þorsteinssyni, fyrrum borgarfulltrúa og stjórnarformanni Orkuveitunnar. Tillagan var samþykkt á fundi 24. september síðastliðinn. „Þetta var bara tillaga sem kom upp og fólki leist vel á. Alfreð hefur unnið mjög gott starf fyrir þetta kjördæmi á undanförnum árum," sagði Ingvar Mar Jónsson, nýkjörinn formaður félagsins. „Svo er þetta líka töluvert skemmtilegra og fallegra nafn en FUF RS," bætti hann við.

Alfreð kvaðst vera ánægður með nafngiftina er Fréttablaðið spurðist fyrir um viðbrögð hans. „Félagið sendi mér einmitt skjal um daginn þar sem það lýsti yfir mikilli ánægju með störf mín fyrir borgarbúa og Framsóknarflokkinn og taldi að störf mín væru til fyrirmyndar. Ég er eðlilega ánægður með það," sagði Alfreð. Hann sagðist þó ekki vera einn um heiðurinn, því Félag ungra Framsóknarmanna á Austurlandi heitir í höfuðið á Eysteini Jónssyni, sem var formaður Framsóknarflokksins á árunum 1962-1968. Alfreð tók undir það að nafnið væri þjálla og hljómfegurra en fyrra nafn félagsins. „Jú, ætli það ekki. Mér líst bara vel á þetta," sagði hann.

**- sun**



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON** Fyrirmynd ungra framsóknarmanna í Reykjavík suður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


5.090 kr. á mánuði til 5. desember
AFMÆLISTILBOÐ!
Stöð 2 Bíó fylgir frítt með!
20
1986-2006
515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN





## STUÐ MILLI STRÍÐA Ekkert væl hér takk

**TRYGGVI GUNNARSSON** VILL HAFA STUÐ Í SINNI JARÐARFÖR



Nei, ég er hvorki dauðvona né í sjálfsmorðshugleiðingum. Mig dreymdi bara mína eigin jarðarför og að hún hefði verið drepleiðinleg. Svo leiðinleg að gestirnir fóru í miðri ræðu prestsins. Þess vegna hef ég ákveðið að mín jarðarför verði stuð og partí og ég vil að fólk hlæi að og með mér og hugsi: „Hann var vitleysingur þegar hann lifði og hann er enn sami vitleysingurinn í kistunni.“

Í fyrsta lagi vil ég láta brenna mig og setja öskuna í fjarsjóðskistu sem bara er hægt að opna með stórum ryðguðum lykli. Í öðru lagi vil ég engan formlegan svartan klæðnað en í stað hans eiga allir að mæta í grímubúningum. Það er bara eitthvað við tilhugsunina um fulla kirkju af trúðum, sjóræningjum, kúrekum og Línu langsokkum sem heillar mig. Svo verður að vera einn Batman.

Ég vil halda eigin minningaræðu af teipi sem felst í því að ég syng „If you don‘t know me by know“ við undirleik básúnu. Þegar fjarsjóðskistan er borin út úr kirkjunni vil ég hafa reykvél og um leið og dyrnar opnast fer Final Countdown í gang. Fyrir utan bíður lúðrasveit sem fer fyrir skrúðgöngu og spilar útfararsálma að hætti New Orleans-búa á meðan skálað er í kampavíni. Við skulum ekki gráta dauða góðra vina, heldur fagna því að þeir hafi verið samferða oss.

Erfðadrykkjan skal vera sjóræningjapartí með harmonikkuleikara og kertum í rommflöskum. Þegar veislan er virkilega komin í gang fara allir í karókí sem endar á „Allways Look at the Bright Side of Life,“ „Sunny Side of the Street,“ og „Bridge Over Trouble Water“ nema í íslenskri þýðingu Ómars Ragnarssonar, „Brú yfir boðaföllin.“ Þá geri ég fastlega ráð fyrir því að partíið, rétt eins og ég, sé steindautt.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 - 18.30 | 10.00 - 21.00 | 10.00 - 19.00 | 10.00 - 18.00 | 13.00 - 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

**KL. 19**

*Caput tónlistarhópurinn heldur tónleika í Salnum í Kópavogi. Stjórnandi er Guðni Franzson og Marta Halldórsdóttir syngur einsöng. Á efnisskrá eru verk eftir tónskáld á borð við Laurie Radford, Seppo Pohjola og Ana Sokolovic. Tónleikarnir eru hluti af Norrænum músíkdögum sem standa núna yfir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fádæma vinsældir, fræðsla og fjör



Í Landnámssetrið í Borgarnesi sækir fólk á öllum aldri sér fræðslu og skemmtun af ýmsum toga. Langvinsælust er þó leiksýningin Mr. Skallagrímsson eftir Benedikt Erlingsson. Uppselt er á allar sýningar í október og lýkur þeim þá á þessu ári, þar sem Benedikt hverfur til annarra verkefna. Hann vinnur nú sem leikstjóri í Borgarleikhúsinu og að kvikmynd eftir eigin handriti.
Sýningin verður tekin upp á ný á næstu vormánuðum og er þegar farið að selja miða á sýningar í apríl.
Fastasýningar Landnámssetursins, um landnám Íslands og um Egilsögu, hafa einnig vakið athygli gesta en farið er í gegnum sýningarrými með hljóðleiðsögn sem tekur um hálftíma í flutningi. Einnig er boðið upp á sérstaka leiðsögn fyrir börn sem hefur mælst einkar vel fyrir.
Gestum býðst einnig að rölta um söguslóðir í nágrenninu í fylgd Kjartans Ragnarssonar sem hefur skipulagt ævintýralegan ratleik í fótspor Þorgerðar Brákar og Skalla-Gríms sem öll fjölskyldan getur tekið þátt í og látið reyna á glámskyggni sína og minni.
Sýningarnar eru opnar virka daga frá kl. 11-17 og 11-20 um helgar. Nánari upplýsingar er að finna á www.landnamssetur.is



**> Dustaðu rykið af...**

...ljóðunum í skúffunni. Hver veit nema kveðskapurinn sé dýrari en þig minnti, myndmálið litríkara og togstreitan dýpri? Leiði upprifjunin hins vegar hið gagnstæða í ljós er kannski eins gott að farga leirburðinum sem allra fyrst.



**MEÐ Á NÓTUNUM**

**Árni Heimir Ingólfsson skrifar um klassíska tónlist**

## Hver nennir að hlusta?

Það verður varla um það deilt að klassísk tónlist á í vök að verjast um þessar mundir. Ekki bara á Íslandi, heldur um allan heim. Titillinn á nýlegri bók gagnrýnandans Normans Lebrecht, Who Killed Classical Music?, segir allt sem segja þarf. Klassísk tónlist er ekki bara í dauðateygjunum heldur liðið lík og ekkert eftir nema að finna sökudólginn. En er ástandið í alvöru svona slæmt?

**Vanmetin klassík**

Einn helsti vandinn sem klassísk tónlist stendur frammi fyrir nú til dags er að þeir sem stjórna menningarumræðunni – m.a. fjölmiðlar, markaðsfræðingar og auglýsingastofur – vanmeta stórlega áhrif og vinsældir klassískrar tónlistar. Nýlega var greint frá könnun á vegum Gatwick Express um hvaða tónlist farþegarnir vildu helst heyra meðan á lestarferðinni stóð. Markaðsfulltrúi fyrirtækisins viðurkenndi að niðurstöðurnar hefðu komið sér í opna skjöldu: Holiday með Madonnu og Árstíðir Vivaldis voru jöfn í efsta sæti, og þegar tónlistarsmekkur fólks var kannaður nánar kom í ljós að 29% farþega vildu heyra popptónlist, 28% klassík og 23% rokk. Annað dæmi: Í júní 2005 kynnti BBC vefsíðuna „The Beethoven Experience,“ þar sem hlustendur gátu halað niður sinfóníum Beethovens án endurgjalds. Á einni viku voru 1.369.893 eintök sótt á síðuna, margfalt fleiri en búist hafði verið við.

Er hægt að draga einhvern lærdóm af þessu? Einhver óvæntasti smellur norrænnar samvinnu var sjónvarpsþátturinn Kontrapunktur sem samanstóð af sex tónlistarspekingum sem reyndu að bera kennsl á mörg hundruð ára gömul tónverk. Hvað gerði það að verkum að ótrúlegur fjöldi fólks af öllum þjóðfélagshópum horfði á þennan þátt? Var það „keppnin“ sem skipti máli? Ísland: 5, Danmörk: 3? Ég held raunar ekki. En þeir sem stjórna fjölmiðlaumræðunni virðast hafa ákveðið að það sé bara „fréttnæmt“ ef einhver er fyrstur eða fljótastur, eins og sömu lögmál gildi í tónlistinni og í fótbolta eða skriðsundi. Fyrirsagnirnar gætu raunar orðið býsna skondnar: „Nýtt heimsmet: Ashkenazy spilar mínútuvalsinn eftir Chopin á 46 sekúndum!“ Nei, magn og hraði eru ekki grundvallarviðmið í klassískri tónlist og þess vegna verður hún útundan í allri umræðu. Gæði eru ekki fréttnæm.

**Píanókeppnir og raunveruleikasjónvarp**

En vilji menn taka þennan pólinn í hæðina er nóg af keppnum í klassíska geiranum þótt það fari lítið fyrir þeim hér á landi. Eurovisionsamstarfið snýst til að mynda ekki bara um söngvakeppnina sem allir þekkja. Evrópskar sjónvarpsstöðvar halda líka viðamikla keppni fyrir unga hljóðfæraleikara á tveggja ára fresti. Hún hefur meira að segja stundum verið sýnd í Sjónvarpinu, en þá yfirleitt seint á kvöldin og fær litla umfjöllun. Og af hverju er aldrei sýnt frá Van Cliburn keppninni – einni frægustu píanókeppni heims, þar sem sumir keppendur sýna ógleymanlega stjörnutakta á meðan aðrir láta bugast af álaginu? Það þarf stáltaugar til að taka þátt og útsendingar frá keppnum á borð við Van Cliburn eru bæði æsispennandi og bráðskemmtilegar. Nú þarf bara einhver íslenskur dagskrárstjóri að átta sig á því að klassísk tónlist er eitt besta raunveruleikasjónvarp sem til er.

Auðvitað liggur vandinn ekki bara hjá fjölmiðlum. Miðaverð á klassíska tónleika er til dæmis allt of hátt, ekki síst fyrir námsmenn og ungt fólk sem er hlustendahópur framtíðarinnar – eða ekki. Tónleikahaldarar um allan heim keppast nú við að finna leiðir til að laða til sín yngri hlustendur. Metropolitan-óperan í New York ætlar að senda út í kvikmyndahúsum og opnunarsýning starfsársins, Madame Butterfly, var nýlega sýnd beint á risaskjá á Times Square. Það kostar jafnmikið fyrir nemendur í Berlín að fara í bíó og að sjá bestu söngvara heims syngja í Staatsoper. Það verður spennandi að sjá hvort sambærilegar tilraunir verða gerðar á Íslandi næstu misserin. Í það minnsta virðist sem það sé fullt af fólki sem nennir að hlusta á klassíska tónlist. Það bíður bara eftir rétta tækifærinu.



**ÚR ÞJÓÐARSÁLINNI** Alls taka 50 manns úr ýmsum stéttum þátt í sýningunni, sem er risastór í smíðum.

# Þjóðarsálin í reiðhöllinni

**Leikarar, fimleikafólk og kraftajötnar leiða saman hesta sína, í bókstaflegum skilningi, í reiðhöll Gusts á sunnudag þegar hin risavaxna karnivalsýning, Þjóðarsálin, verður frumsýnd.**

„Þetta er spunaleiksýning sem byggir á háþróaðri leikhúshönnun og flottri hestasýningu,“ segir Sigrún Sól Ólafsdóttir, leikstjóri verksins og helsti hugmyndasmiður þess. „Undanfarin ár hef ég sett upp nokkrar spunasýningar þar sem ég hef búið til handritið ásamt leikurunum. Við höfum tekið fyrir ákveðin mál sem brenna okkur á hjarta og í þetta sinn varð íslenska þjóðarsálin fyrir valinu. Þetta er frasi sem er oft notaður á tyllidögum en við vildum rýna í hvað þetta er og hvort það sé raunverulega ein þjóðarsál á Íslandi.“

Fimm leikarar leika fulltrúa ólíkra þjóðfélagshópa og í gegnum karnívalið, skrautsýningar, hestasýningar og mikið drama, er reynt að bregða ljósi á hvort þessar manneskjur eiga eitthvað sameiginlegt og hvað bindur þær saman. „Mannlífið í allri sinni mynd kemur fram í karnívalinu, bæði fallegu hliðarnar og þær ljótu. Þetta er heilmikil ádeila en áhorfendum er látið eftir að draga sínar ályktanir í lok sýningar,“ segir Sigrún Sól.



**SIGRÚN SÓL** Í karnívalinu birtist mannlífið í allri sinni mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Þetta er sannkölluð risasýning og á sér vart fordæmi hér á landi. Alls taka um 50 manns þátt í sýningunni; fyrir utan leikarana kemur fimleikafólk og kvennakór við sögu auk þess sem atvinnuknapar lána hesta og skipuleggja hestasýninguna. Þau hafa verið við stífar æfingar síðastliðnar fimm vikur en hugmyndavinnan hefur staðið frá því í vor. Sýningin er einkaframtak og Sigrún Sól segir að það hefði verið ógjörningur að setja hana upp án sjálfboðavinnu, styrkja og bakhjarla. „Margir lögðu til vinnu sína listarinnar vegna, sem er ómetanlegt. Þá fengum við myndarlegan styrk frá menntamálaráðuneytinu, Kópavogsbær og hestamannafélagið Gustur lögðu til reiðhöllina og Landsbankinn er bakhjarl sýningarinnar. Án stuðnings þeirra allra hefði þessi sýning ekki orðið að veruleika.“

Árni Pétur Guðjónsson, Harpa Arnardóttir, Jóhann G. Jóhannsson, Sara Dögg Ásgeirsdóttir og Árni Salómonsson fara með aðalhlutverkin og Sigrún Sól er alsæl með leikhópinn. „Þetta er ótrúlegt fólk. Margir hefðu spyrnt við fótum þegar þeir heyrðu að það væri ekkert handrit og þeir þyrftu að búa til persónurnar frá grunni. En þau, eins og aðrir í sýningunni, lögðust á eitt svo boltinn hélt áfram að hlaða utan á sig. Ég held að ég geti að minnsta kosti lofað því að það fer enginn ósnortinn af þessari sýningu.“

Þjóðarsálin verður sýnd í reiðhöll Gusts í október og fram í nóvember og Sigrún Sól bendir á að það sé betra að hafa vaðið fyrir neðan sig. „Ég held að fólk ætti að reyna að tryggja sér miða strax því salan hefur þegar farið vel af stað og það er orðið uppselt á nokkrar sýningar.“

Nánari upplýsingar um sýninguna og miðapantanir má finna á vefsíðunni einleikhusid.is.

bergsteinn@frettabladid.is

**VERKSMIÐJUÚTSALA Á POTTUM OG PÖNNUM**

Vegna flutnings verður rýmingarsala á pottum og pönnum í verksmiðju okkar að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Opið alla daga vikunnar frá kl. 13.00 – 19.00 til 15. október. **Ótrúleg verð – allt að 50% afslættur** á öllum pottum og pönnum.

**Alpan hf.**

# Fyrsta Sequences-hátíðin

Fyrsta Sequences-myndlistarhátíðin verður haldin í Reykjavík dagana 13. til 28. október. Yfir 140 listamenn frá tuttugu þjóðum taka þátt í þessari miklu hátíð.

Sequences er alþjóðleg hátíð þar sem sjónum er beint að líðandi stund, myndlist sem líður í tíma, eins og vídeólist og hljóðlist.

Á hátíðinni verður myndlist sett í samhengi við aðra miðla, einkum hljóð og gjörningalist. Hátíðin fer fram víða í miðborg Reykjavíkur, ekki einungis í söfnum og galleríum, heldur verða viðburðir hátíðarinnar einnig utandyra og á óhefðbundnum sýningarstöðum.

Stór hópur alþjóðlegra og íslenskra listamanna tekur þátt í þessari einstöku hátíð. Verndari hátíðarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú.



**DORRIT MOUSSAIEFF** Forsetafrúin er verndari alþjóðlegu myndlistarhátíðarinnar Sequences. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Flottur Færeyingur

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Færeyski tónlistarmaðurinn Högni Lisberg hefur vakið töluverða athygli fyrir þessa fyrstu plötu sína, sem kom út í föðurlandi hans á síðasta ári. Var hún meðal annars valin plata ársins á færeysku Planet-tónlistarhátíðinni.

Högni hélt tónleika hér á landi á færeyskum dögum fyrr á árinu og síðar í þessum mánuði treður hann upp á Iceland Airwaves-hátíðinni.

Morning Dew er ljúf plata þar sem Högni er aðallega í rólegheita gírnum, svipuðum þeim sem náungar á borð við Jeff Buckley, Damien Rice og Jack Johnson eru þekktir fyrir. Högni tekur hér einnig sína útgáfu af lagi Dylans, All Along the Watchtower, sem hann skilar alveg hreint prýðilega frá sér. Lagið byrjar rólega en fer síðan í góðan rokkgír, þar sem Högni er ekki síður á heimavelli eins og sannast í fleiri lögum, til dæmis Léla.

Það er greinilegt á þessari plötu að Högni er glimrandi góður og fjölhæfur tónlistarmaður sem gæti náð langt í framtíðinni. Þessi fyrsta plata er flott byrjun hjá þessum unga Færeyingi.

**Freyr Bjarnason**



**HÖGNI LISBERG: MORNING DEW**

NIÐURSTAÐA:

**Fín** plata frá Færeyingnum Högna Lisberg. Virðist vera jafnvígur á rólegheitapopp og hressandi rokk og ról.

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið



**ROLLING STONES** Leikstjórinn Martin Scorsese er að gera heimildarmynd um The Rolling Stones.

# Scorsese við stjórnvölinn

Leikstjórinn Martin Scorsese er að vinna að heimildarmynd um hljómsveitina The Rolling Stones.

Mun hann meðal annars kvikmynda tvenna tónleika sveitarinnar í New York undir lok þessa mánaðar. Ekki er vitað hvort myndin fjallar um allan feril Stones eða bara nýjustu tónleikaferð sveitarinnar, A Bigger Bang.

Scorsese gerði síðast heimildarmynd um Bob Dylan sem bar heitið No Direction Home og fékk hún mjög góðar viðtökur.




# Síðasta skáldverk Brautigans

Skáldsagan Ógæfusama konan eftir bandaríska rithöfundinn Richard Brautigan er komin út í íslenskri þýðingu Gyrðis Elíassonar. Þetta er síðasta skáldverk Brautigans sem samdi tíu skáldsögur, sendi frá sér níu ljóðasöfn og eitt smásagnasafn áður en hann batt enda á líf sitt, 49 ára gamall árið 1984. Ógæfukonan er skráð sem dagbók ferðalangs og hefur öll höfundareinkenni Brautigans, frumlegan stíl og ísmeygilegan húmor. Þetta er fjórða skáldsagan eftir Brautigan sem kemur út á Íslandi í þýðingu Gyrðis. Bókaforlagið Uppheimar gefur bókina út.




HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:
SÝNT ER ÚT OKTÓBER
GUNNLAÐAR SAGA
eftir Svövu Jakobsdóttur
í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur
8. sýning föstudaginn 6. okt.
9. sýning laugardaginn 14. okt.
10. sýning sunnudaginn 15. okt
MÁLÞING
Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sýning hefst kl: 20:00
Miðasala í síma 555-2222 | www.hhh.is | www.midi.is

Brottnámið úr kvennabúrinu
W. A. Mozart
ATH! Aðeins sýnt í október
BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – NOKKUR SÆTI LAUS - 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20 - 5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20
6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20 - 7.sýn. fös.20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - 9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20
10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING - Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15
HÁDEGISTÓNLEIKAR - LJÓÐ; ROBERT SCHUMANN
Þriðjudaginn 10. október kl. 12.15
Finnur Bjarnason, tenór, og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 8/10 kl. 14 Sun 15/10 kl. 14
Sun 22/10 kl. 14 Sun 29/10 kl. 14
VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fös 13/10 kl. 20
Sun 15/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20
FOOTLOOSE
Lau 7/10 kl. 20 UPPS. Sun 8/10 kl. 20
Fim 12/10 kl Lau 14/10 kl. 20
HVÍT KANÍNA
Nemendaleikhúsið sýnir nýtt verk eftir hópinn.
Í kvöld kl. 20 Lau 7/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20 Fim 12/10 kl. 20
Fös 13/10 kl. 20
BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.
Síðustu sýningar.
MEIN KAMPF
Lau 7/10 kl. 20 Sun 8/10 kl. 20
Lau 14/10 kl. 20 Lau 21/10 kl. 20
Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
LEIKHÚSSPJALL
Leikhúsumræður á Borgarbókasafninu í Kringlunni. Rætt veður um leikverkið Mein Kampf.
Fim 12/10 kl. 20 Allir velkomnir.
AMADEUS
Lau 21/10 kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort.
Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning
VIÐ ERUM KOMIN-Íd
Októbersýning Íd, 2 ný verk:
Við erum komin e. Ólöfu Ingólfsdóttur og Hver um sig e. Vaðal.
Fim 12/10 kl. 20 frumsýning UPPS.
Fös 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
Fim 19/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur. Lau. 7/10 örfá sæti laus, fös. 13/10, lau. 14/10, fös. 20/10. Allra síðustu sýningar!
FAGNAÐUR eftir Harold Pinter. Sun. 8/10 kl. 21:00, sun. 15/10 kl. 21:00. Allra síðustu sýningar!
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER
Fyrirlestur um verk Nóbelsskáldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksýningarinnar kl. 19:00, upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson. Fös. 6/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 7/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 8/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 21/10 kl. 14:00, sun. 22/10 kl. 14:00, sun. 29/10 örfá sæti laus.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. Fim. 5/10 uppselt, lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10 kl. 17:00 uppselt, mið. 11/10 uppselt, fim. 12/10 uppselt, fös. 13/10 uppselt, lau. 14/10 uppselt, sun. 15/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, fim. 19/10 uppselt, fös. 20/10 uppselt, lau. 21/10 uppselt, sun. 22/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11, fim. 9/11, fös. 10/11.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00
SUMARDAGUR eftir Jon Fosse. Sun. 8/10 kl. 17:00, sun. 15/10 kl. 17:00.
LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00
SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur. Frumsýning lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10 uppselt, lau. 14/10 örfá sæti laus, sun. 15/10 uppselt, lau. 21/10, sun. 22/10.
Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október
PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker
Frumsýning í Fjölbrautaskóla Suðurlands þri. 10/10 kl .13:00, forsýning kl. 10:00. Sýning í Menntaskólanum að Laugarvatni mið. 11/10 kl. 20:00.


# Tekur upp Brynjólfsmessu

Brynjólfsmessa, sem er tónverk eftir Gunnar Þórðarson, verður tekið upp í Grafarvogskirkju dagana 17. og 18. október og síðan gefin út á plötu í nóvember.

Gunnar segist vera spenntur fyrir verkefninu en vill sérstaklega taka fram að Jóhannes í Bónus hafi gert þessar upptökur mögulegar. „Ástæðan fyrir því að þetta er tekið upp er út af Jóhannesi í Bónus. Hann styrkir þetta og ég er honum ævinlega þakklátur fyrir,“ segir Gunnar. „Það er dýrt að taka þetta upp þannig að ég hringdi bara í hann. Hann brást vel við og gerði þetta mögulegt.“

Brynjólfsmessa er helguð minningu Brynjólfs biskups Sveinssonar, en í fyrra voru liðin 400 ár frá fæðingu hans. Um er að ræða latneska messu fyrir einsöngvara, kór, barnakór og hljómsveit. Að flutningi verksins hafa komið rúmlega hundrað manns úr kórum Keflavíkur-, Skálholts- og Grafarvogskirkna, auk barnakóra kirknanna og einsöngvara úr fremstu röð, þeirra Sigrúnar Hjálmtýsdóttur sópransöngkonu og Jóhanns Friðgeirs Valdimarssonar tenórs. Kammersveitin Jón Leifs Cammerata annast undirleik.

- fb



GUNNAR ÞÓRÐARSON Tónlistarmaðurinn Gunnar Þórðarson tekur á næstunni upp verk sitt Brynjólfsmessu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Deilt á réttarkerfið með konfekti og kærleika

Rithöfundurinn og athafnamaðurinn Ármann Reynisson sendir frá sér sína sjöttu vinjettubók um þessar mundir. Vinjettur eru örstuttar, myndrænar frásagnir og spruttu upp sem bókmenntaform í Frakklandi á 17. öld.

Ármann hefur rutt þessari gömlu bókmenntagrein braut í íslenskum bókmenntum og undirtektir lesenda hafa verið það góðar að hann kynnir nú til sögunnar vinjettu munaðarvörulínu sem hann tengir beint við skáldverk sín.

„Fólki sem les bækurnar mínar finnst upplagt að fá sér kaffi og konfekt í leiðinni og þaðan kom hugmyndin um þennan munaðarvarning,“ segir Ármann sem býður nú áskrifendum bóka sinna að kaupa handgert konfekt, sérblandað kaffi og silfur mokka- og desertskeiðar.

„Mér finnst allt vera orðið svo venjulegt og langaði að koma með eitthvað sérstakt á markaðinn. Ég leitaði til færustu íslensku framleiðenda á hverju sviði og vann svo að hugmyndinni í samvinnu við þá. Hugmyndin er svo að bæta við vöruflokkinn á hverju ári. Ég hef þegar fengið góð viðbrögð við þessu og ef vel gengur gæti verið gaman að fylgja þessu eftir erlendis.“

Ármann er þegar farinn að sækja á erlendan markað og hann segir tvítyngda vinjettubók sem hann gaf út í Þýskalandi nýlega vera farna að spyrjast ágætlega út. „Ég er bjartsýnismaður og set hlutina af stað og læt svo lífið um að ráða því hvað gerist.“

Ármann byggir oftar en ekki ekki á eigin reynslu í vinjettum sínum og í nýju bókinni gefur hann íslensku réttarfari gaum en hann fékk sjálfur að kynnast því þegar hann stóð í málaferlum tengdum fjármálafyrirtækinu Ávöxtun. „Nokkrar sögurnar fjalla um þetta en Baugsmálið rak mig beinlínis út í að skrifa um fólkið sem starfar í réttarkerfinu. Embættisfólkið gerir jafnvel mistök eins og við hin en það er aldrei kallað til ábyrgðar og látið svara fyrir þau. Ég hvet fólk til að kynna sér þetta nánar og veita þessu fólki aðhald enda er ómögulegt að segja hvar þetta endar ef aðhaldið er ekkert. Ég fékk gott tækifæri til þess að kryfja þessar persónur í Ávöxtunarmálinu og það nýtist mér nú. Flestir þeir sem ég kynntist þá eru enn í fullu fjöri en þeir kváðu mig ekki í kútinn þar sem ég lifnaði tvíefldur við og fór að skrifa um þetta fólk. Ég nýti reynsluna til þess að opna augu fólks fyrir umhverfinu og er alltaf að glíma við fjölbreytileika tilverunnar.“



ÁRMANN REYNISSON Deilir á réttarkerfið í væntanlegri vinjettubók og að hætti sannra fagurkera býður hann nú lesendum sínum að kaupa handgert vinjettukonfekt og sérblandað kaffi með bókunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ármann ætlar að fagna útkomu nýju bókarinnar og vinjettuvarningnum með vinjettudegi í Iðu við Lækjargötu á laugardaginn. „Ég tók upp á því að halda vinjettudag í fyrra en þá fæ ég þekkta borgara til að koma og lesa upp vinjettur á hálftíma fresti. Hver les tvær sögur og er innan við tíu mínútur að því. Á milli upplestra gefst fólki kostur á að tala saman og njóta veitinga. Ég hugsa þetta sem nútíma sagnaskemmtun og það það skapast skemmtileg baðstofustemning þegar þessi háttur er hafður á.“

Ármann hefur sjálfur lesturinn klukkan 13 en útvarpskonan Andrea Jónsdóttir tekur við af honum. Síðan kemur hver upplesarinn á fætur öðrum fram eftir degi en Árni Johnsen, fyrrverandi alþingismaður, rekur lestina og les tvær vinjettur þegar degi fer að halla.

- þþ

# Meðlimur Daft Punk þeytir skífum

Thomas Bangalter úr frönsku hljómsveitinni Daft Punk kemur fram á Nasa á laugardagskvöld, ásamt Jack Schidt og DJ Lazer.

Guy-Manuel de Homem Christo, hinn helmingur hljómsveitarinnar, kemur einnig til landsins og svarar spurningum áhorfenda á frumsýningu kvikmyndarinnar Electroma í kvöld. „Þetta er einstakur viðburður. Hann hefur ekki komið fram sem plötusnúður í um tíu ár og Daft Punk er náttúrulega frábært band,“ segir Atli Bollason hjá Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, sem stendur fyrir tónleikunum. Hann segir ekki útilokað að Guy-Manuel, hinn meðlimur Daft Punk, troði upp með honum. „Hann hefur ekki komið fram með Thomasi sem plötusnúður en við lokum ekki á það og hann grípi í plötuspilarann.“



DAFT PUNK Dúettinn Daft Punk sló rækilega í gegn með laginu Around the World.

Daft Punk hefur verið ein vinsælasta danshljómsveit í heimi um nokkurra ára skeið. Nægir að nefna smelli á borð við Around the World, Da Funk, One More Time, Harder, Better, Faster, Stronger, Digital Love, Technologic, og Robot Rock.

Myndbönd þeirra hafa líka vakið mikla athygli, en leikstjórar á borð við Spike Jonze og Michel Gondry hafa gert myndbönd við lög þeirra. Þá mynduðu myndböndin af Discovery, annarri plötu sveitarinnar, samfellda teiknimynd í anime-stíl.

Thomas Bangalter hefur einnig gert tónlist einn síns liðs og lagið Music Sounds Better With You undir nafninu Stardust er líklega þekktast þeirra.

Miðasala á tónleikana á Nasa er hafin á www.midi.is, www.filmfest.is og á Thorvaldsen bar. Miðaverð í forsölu er 1000 krónur.

# Heilbrigt fólk þarf ekki á listinni að halda

**Rússneski kvikmyndaleikstjórinn Aleksandr Sokurov á að baki ófá meistaraverkin en hann hóf feril sinn fyrir margt löngu í gömlu Sovétríkjunum. Hann er einn gesta á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík og notar heimsóknina meðal annars til að skoða sig um á Íslandi og leita að tökustöðum.**



**ALEKSANDR SOKUROV** Gerði tíu myndir á tímum gamla Sovét sem komust ekki í gegnum ritskoðun og því ekki fyrir augu almennings. Hann missti þó aldrei móðinn. „Það er erfitt að útskýra þetta fyrir einhverjum sem upplifði þetta ekki en það voru alltaf einhverjir innan kerfisins sem sýndu kvikmyndum áhuga og fengu þær til dæmis sýndar á hátíðum þó þær kæmsut ekki til almennings. Fólk verður líka að skilja að alræðisþjóðfélag hefur þörf fyrir listir en lýðræðisþjóðfélag ekki. Ráðamenn vissu þetta og lögðu því heilmikið fé í menningu og listir.“

„Ég hef áhuga á að taka mynd á Íslandi og mun skoða mig um hérna með það í huga,“ segir Sokurov. „Mér skilst samt að Ísland sé eitt dýrasta land í heimi og það sé jafn dýrt að vera hér og í Tókýó eða New York þannig að ég hef sennilega ekkert efni á því að gera mynd hérna. Ég skoða samt landið með opnum hug enda vil ég þukla á öllu hvar sem ég kem og finna lyktina af grasinu.“

**Stóðst ekki freistinguna**

Þrjár mynda Sokurovs, Rússneska örkin, Sólin og Lífsins harmaljóð, eru sýndar á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík og leikstjórinn er handhafi heiðursverðlauna hátíðarinnar fyrir ævistarf sitt í þágu kvikmyndalistarinnar. Það var þó fyrir hálfgerða tilviljun sem Sokurov endaði í kvikmyndagerð.

„Ég ætlaði að verða leikstjóri í leikhúsi og þá ekki síst útvarpsleikhúsi og hafði því engin áform um að læra hinar sjónrænu listir. Ég taldi útvarpsleikhúsið geta verið brú á milli almennings og alvöru bókmennta.“

Sokurov segist þó fyrst hafa viljað afla sér almennrar menntunar áður en hann færi að sérhæfa sig í einhverri listgrein þar sem listin á í hans huga að vera alþýðleg. „Ég fór því í sögudeildina í háskólanum en til þess að hafa einhverja aura í vasanum fór ég að vinna sem aðstoðarmaður leikstjóra í sjónvarpi samhliða náminu. Sjónvarpið varð því fyrir mér þetta Adamsepli sem ég beit í, freistingin sem ég fékk ekki staðist. Í framhaldinu fór ég svo í kvikmyndanám. Þetta var einhver leið sem ekki var hægt að víkja út af eða snúa til baka.“

**Sagði frá því sem fyrir augu bar**

Sokurov var 18 ára þegar hann gerði sín fyrstu verk á 8mm filmur en hann hóf feril sinn sem kvikmyndagerðarmaður á heimildarmyndum. „Ég fjallaði um venjulegt fólk og sagði frá lífinu í kringum mig. Fyrstu heimildarmyndirnar mínar voru um verkamenn í bílaverksmiðju, konur sem ræktuðu hör á samyrkjubúi og uppgjafahermenn úr stríðinu. Þetta voru portrett af einstaklingum. Þetta var það sem ég hafði mestan áhuga á.“

Sokurov hefur verið nefndur arftaki landa síns Andreis Tarkovskí en með þeim tókst góð vinátta þó þeir hafi aldrei unnið saman. „Ég fann ekki fyrir neinum sérstökum áhrifum frá þekktum kvikmyndagerðarmönnum þegar ég var að byrja. Ég bjó í lítilli borg og maður sá ekki mikið af myndum nema kannski helst eftir Tarkovskí og Ingmar Bergman. Maður mallaði bara í eigin sósu. Þetta var gott fyrir mig vegna þess að þegar ég fór svo að gera eitthvað sjálfur fyrir alvöru þá fann ég ekki áhrif neinna hvíla þungt á herðum mér. Fyrir utan stóra rithöfunda eins og Thomas Mann, Tolstoj, Zola og Dickens. Þeir höfðu frábær áhrif á mig og eiginlega má segja að allir mínir lærifeður hafi komið úr bókmenntunum.“

**Lækningamáttur listarinnar**

Sokurov segist ekki gera greinarmun á heimildarmyndum og leiknum myndum og segir þar fyrir utan að fall Sovétríkjanna hafi ekki breytt neinu um efnistök sín. „Kjarninn í sköpunarverkinu er alltaf sá sami og það er enginn sérstakur munur á leikinni mynd og heimildarmynd. Málið er að búa til eitthvað sem stendur undir kröfum listarinnar. Ég trúi ekki á pólitískar myndir eða heimildarmyndir sem gerðar eru eftir uppskriftum blaðamennsku. Ég held að þar sé lítinn sannleik að finna. Ef við berum þetta saman við lænavísindin þá er heimildarmynd eins og samtalsmeðferð en leikin mynd eins og skurðaðgerð. En hvort sem maður kýs þá verður höfundurinn alltaf að setja sér eitthvert listrænt markmið. Kjarninn í sköpunarverkinu er svo alltaf sá sami þó byggingin sé breytileg.“

Læknisfræðilíking Sokurovs er ekki gripin úr lausu lofti þar sem hann segist líta á listina sem lækningatæki. „Listin er eitt af því sem við höfum til að lækna manninn. Heilbrigður maður hefur lítið við list að gera en þegar eitthvað amar að þá þurfum við á listinni að halda.“

thorarinn@frettabladid.is

# Týndur strákur frá Súdan

Von er á nýrri bók eftir bandaríska rithöfundinn Dave Eggers sem byggir á lífi ungs flóttamanns frá Súdan. Bókin ber heitið What is the What en aðalpersóna hennar, Valentino Achak Deng, tók þátt í ritun hennar með því að veita höfundinum innsýn í baráttu sína og ferðalag frá stríðshrjáðu heimalandi til Bandaríkjanna.

Valentino Achak Deng er einn hinna svokölluðu „týndu stráka frá Súdan“, hóps ungra munaðarlausra flóttamanna sem flúðu frá Súdan í kjölfar borgarastyrjaldar þar árið 1987. Um tuttugu þúsund drengir flúðu frá fjölskyldum sínum í Suður-Súdan, sumir ekki eldri en sex ára til þess að komast undan herskyldu og þrældómi. Ferðalagið tók þá mörg ár en meira en helmingur þeirra lést áður en þeir komust í flóttamannabúðir í Kenía.



**DAVE EGGERS** Vakti mikla athygli fyrir bók sína A Heartbreaking Work of a Staggering Genius.

Árið 2001 fluttust fjögur þúsund þeirra til Bandaríkjanna, þar á meðal Valentino Achak Deng sem nú segir sögu sína af von og örvæntingu, baráttunni við hungur, árásir vígamanna og villidýra sem og bjartsýninni sem hélt drengjunum á lífi.

Gagnrýnendur hafa líkt bókinni við áhrifamikla heimildamynd en Eggers segir hana skáldsögu byggða á raunverulegum atburðum. Valentino Achak Deng kveðst vonast til þess að bókin varpi ljósi á aðstæður í föðurlandi sínu, sér í lagi á líf fólksins í Darfur-héraði þar sem liðlega tvær milljónir manna hafa flúið heimili sín vegna stríðsátaka og hundruð þúsunda hafa látist á síðustu tveimur árum.

What is the What kemur út hjá forlaginu McSweeney's í Bandaríkjunum.

## DAGSKRÁ ALÞJÓÐLEGU KVIKMYNDAHÁTÍÐARINNAR

**Í DAG**

**Tjarnarbíó**
14.00 Bless Falkenberg
16.00 Shortbus
18.00 Harabati hótelið
20.00 Reiði guðanna
22.00 Sherry, elskan

**Háskólabíó**
18.00 Frosin borg
18.00 Hálft tungl
18.00 Claire Dolan
20.00 Electroma
20.00 Hreinn, rakaður
20.00 Draumur á Þorláksmessunótt
20.15 Með dauðann á hendi
22.00 Gasolin
22.00 Keane
22.15 Zidane

**Iðnó**
21.00 Norðurljós: Ungt hæfileikafólk

**Á MORGUN**

**Tjarnarbíó**
14.00 Ferskt loft
16.00 Reiði guðanna
18.00 Lím
20.00 Lífsins harmljóð
22.00 Leiðin til Guantanamo

**Háskólabíó**
15.45 Hálft tungl
16.00 Keane
18.00 Lokamynd - Forstjóri heila klabbsins
18.00 Claire Dolan
18.20 Gasolin
20.00 Frosin borg
20.00 Krákur
20.00 Skjaldbökur geta flogið
20.20 Draumurinn
22.00 Lífið í lykkjum
22.00 Ekkert
22.30 Paradís núna

**Iðnó**
14.00 Þegar börn leika sér á himnum
16.00 Vertu eðlilegur
18.00 Daganna á milli
20.00 Florence afhjúpuð
22.00 Kettirnir hans Mirikitani













DIRTY PRETTY THINGS


MATES OF STATE

### Í SPILARANUM

Beck - The Information
Jenny Wilson - Love and Youth
Dirty Pretty Things - Waterloo to Anywhere
Mates of State - Bring it Back
Asobi Seksu - Citrus

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## *Óður til ástarinnar*

Hljómsveitin Skakkamanage hefur gefið út sína fyrstu plötu. Nefnist hún Lab of Love og kemur út á vegum Smekkleysu.

Skakkamanage hefur áður gefið út sjö tommu vínylplötu með tveimur lögum sem kom út fyrir um það bil ári. „Við höfum verið að vinna í þessari plötu alveg síðan þá," segir Svavar Pétur Eysteinsson. „Þessi plata er bæði hress og dramatísk og róleg og allt þar á milli. Þetta er óður til ástarinnar og daglega lífsins," segir Svavar.

Skakkamanage var stofnuð í ársbyrjun 2004 af Svavari, Berglindi Hässler og Þormóði Dagssyni. „Þegar við fórum að taka upp plötuna ákváðum við að það væri gaman að þétta bandið og fengum fólk til að spila með okkur," segir Svavar. Þeir sem hafa bæst við sveitina, sem nú er orðin sex manna, eru Örvar úr múm, Björn Kristjánsson og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson úr Flís.

Næstu tónleikar Skakkamanage verða í Smekkleysubúðinni klukkan 17 í dag. Á morgun spilar sveitin síðan í Máli og menningu. Útgáfutónleikar verða haldnir 14. október. - fb


**SKAKKAMANAGE** Fyrsta plata sveitarinnar er komin út. Nefnist hún Lab of Love.

MYND/HÖRÐUR SVEINSSON



### > Plata vikunnar

Brain Police - Beyond the Waistland

„Fjórða plata Brain Police veldur töluverðum vonbrigðum. Ekkert nýtt er á ferðinni, enginn slagari og sömu gítarlykkjur og áður." FB



## TÓNNINN GEFINN
### Steinþór Helgi Arnsteinsson

## *Ósk um umræðu*



Í kjölfar tveggja kvikmyndahátíða sem haldnar hafa verið hér á höfuðborgarsvæðinu hefur skapast mikil og góð umræða um fjárstyrki stjórnvalda til kvikmyndabransans á Íslandi. Ýmsir aðilar hafa komið að máli og lofað beinum og óbeinum styrkjum til að laða erlenda kvikmyndajöfra hingað til lands og eins til að styrkja íslenskt kvikmyndagerðarfólk. Umræða þessi er að sjálfsögðu öll góð og blessuð og hljóta allir að fagna henni. Eftir innan við tvær vikur hefst hins vegar tónlistarhátíðin Iceland Airwaves en hún hefur verið einn af helstu burðarásum íslensks tónlistarlífs undanfarin ár.

Að svipuð umræða fari af stað og hefur verið í kringum kvikmyndahátíðarnar ætti því að vera afar rökrétt skref. Íslenskt tónlistarlíf hefur gróið vel að undanförnu en betur má ef duga skal. Íslensk stjórnvöld eiga alveg að geta stutt betur við bakið á íslensku tónlistarfólki og öðrum sem starfa í þeim geira, líkt og á að gera fyrir íslenska kvikmyndageirann. Helsti styrktaraðili íslenskra tónlistarmanna á ekki að vera Icelandair, eins og maður fær oft á tilfinninguna, heldur ríkið og sveitarfélög landsins. Það ætti einnig að vera hagur stjórnvalda að laða hingað erlenda tónlistarmenn til þess að bæði taka upp plötur og halda tónleika. Sveitarfélög gætu til dæmis lækkað álögur fyrir tónleikahaldara, sem myndi auðvelda þeim innflutning á vinsælum listamönnum. Smábærinn Horsens í Danmörku hefur sem dæmi gert slíkt og í síðasta mánuði spiluðu þar bæði Madonna og Rolling Stones.

Styrkir þurfa ekki endilega að hljóða upp á fæði, uppihald, tækjakaup eða annað slíkt heldur má líka reyna að hanna umhverfi hérlendis þannig að tónlistarlífið geti blómstrað enn frekar. Hér er ekki verið að halda því fram að stjórnvöld styrki ekki íslenskt tónlistarlíf, þvert á móti. Frekari umræða þarf samt sem áður að skapast og ætti komandi Airwaves-hátíð að vera kjörinn vettvangur til þess.






# Upp á yfirborðið

**Aðgangur að nýrri tónlist hefur aldrei verið greiðari heldur en nú. Hún flæðir yfir mann á MySpace og tónlistarfjölmiðlar keppast við að hampa nýjum hetjum árið um kring. Framboðið er mikið og þess vegna stundum erfitt að átta sig. Trausti Júlíusson staldraði við þrjár sveitir sem eru ólíkar, en eiga það sameiginlegt að standa upp úr fjöldanum.**


**BAND OF HORSES** Seattle-sveit sem slegið hefur í gegn með fyrstu plötu sinni.

Skráðir tónlistarmenn á MySpace skipta milljónum og stór hluti þeirra eru nýliðar í leit að athygli. Tónlistarbloggsíður og vefmiðlar bjóða gjarnan upp á sýnishorn af nýrri tónlist og það er varla gefið út tónlistarblað lengur nema diskur, oft með kynningu á nýjum nöfnum í bransanum, fylgi með. Framboðið er gríðarlegt og engin leið að fylgjast með öllu sem er í gangi. En það er auðvitað ekki ástæða til þess að hætta að reyna.

Hér á eftir kemur stutt kynning á þremur hljómsveitum sem hafa vakið athygli að undanförnu. Margar aðrar nýjar sveitir hefðu getað ratað í grein af þessu tagi, en þessar þrjár, Peter, Björn and John, The Pipettes og Band of Horses eiga það sameiginlegt að hafa nýverið gefið út fínar plötur sem eru fáanlegar í íslenskum plötubúðum.

**Sænsk eðaltríó**

Sænsk tónlist hefur verið í mikilli sókn undanfarin ár. Peter Björn and John er tríó frá Stokkhólmi sem var að senda frá sér sína þriðju plötu, Writer's Block, en hún er jafnframt sú fyrsta sem fær dreifingu utan Svíþjóðar. Hljómsveitin var stofnuð af þeim Peter Morén, Björn Yttling og John Eriksson árið 1999. Þeir eiga allir feril að baki með öðrum sveitum. Björn, sem er aðallagasmiðurinn, er að auki eftirsóttur upptökustjóri og meðlimur í djassbandinu Yttling Jazz.

Farmiði Peter Björn and John inn í sviðsljósið er smáskífan Young Folks og ótrúlega grípandi og flottur smellur sem manni finnst að ætti að hljóma látlaust á öllum útvarpsstöðvum. Í því lagi syngur Victoria Bergsman með sveitinni, en hún var áður í hinni efnilegu The Concretes, sem Björn tók m.a. upp. Writer's Block er ein af skemmtilegri plötum ársins. Fersk, fjölbreytt og mátulega poppuð.


**THE PIPETTES** Skemmtilegt stelpupopp.


**PETER BJÖRN & JOHN** Sænsk eðalsveit sem nú heyrist í fyrsta skipti utan Svíþjóðar. Smellurinn Young Folks er frábært lag.

**Stelpupopp í nýju samhengi**

Stelpusveitin The Pipettes var stofnuð í Brighton á Englandi fyrir tveimur árum að frumkvæði umbans Monster Bobby. Í sveitinni eru þrjár söngkonur, Becki, Rose og Gwenno. Hugmyndin með The Pipettes var að taka tónlist stelpusveita sjöunda áratugarins og uppfæra hana og matreiða fyrir 21. öldina. Eftir þrjár smáskífur sem vöktu athygli árið 2005 gerði The Pipettes samning við Memphis Industries, plötufyrirtækið sem sló í gegn með The Go! Team-plötunni Thunder, Lightning, Strike fyrir tveimur árum.

Fyrsta plata The Pipettes, We are the Pipettes, sem kom út fyrir stuttu er full af grípandi indie-lituðu stelpupoppi sem minnir mikið á sveitir eins og The Ronettes, The Shirelles of The Supremes þó að sykurhúðin sé ekki alveg jafn þykk. Til að gera þetta enn meira sannfærandi klæðast stelpurnar gjarnan doppóttum kjólum. Textarnir eru samt svolítið öðruvísi eins og sést á laganöfnum eins og Your Kisses are Wasted on Me. Ekki nógu frumleg sveit til að komast ofarlega á árslista, en skemmtileg engu að síður.

**Allt alltaf ...**

Rúsínan í pylsuendanum er svo Seattle-sveitin Band of Horses. Hún var stofnuð af þeim Ben Bridwell og Matthew Brooke fyrir tveimur árum á rústum hljómsveitarinnar Carissa's Wierd. Hún vakti athygli á South by Southwest hátíðinni í vor og nú er fyrsta platan hennar, Everything All the Time, nýkomin út hjá Sub-Pop útgáfunni. Heilsteypt plata sem er full af flottum lagasmíðum og áhrifamiklum flutningi. Söngur Bens minnir bæði á Wayne Coyne söngara Flaming Lips og Brian Wilson.

Everything All the Time hefur fengið frábærar viðtökur gagnrýnenda. Bæði Pitchforkmedia og Stylus hampa sveitinni mikið og nú er bara að sjá hvort velgengni hennar verður jafn afgerandi og Arcade Fire fyrir tveimur árum og Wolf Parade í fyrra.

## FYRST OG SÍÐAST DANÍEL HJALTASON

**STEVIE WONDER - SONGS IN THE KEY OF LIFE**



Þetta er plata sem ég ólst upp við. Pabbi var mikill Stevie-aðdáandi og blastaði hann rosalega. Þessi plata festist mest í mér af plötunum Stevie Wonder. Ég er til dæmis að spila hann í bílnum mínum akkúrat þessa dagana. Það er greinilegt að uppeldið hefur skilað sér.

Það er til dæmis Love's in the Need of Love Today, fyrsta lagið á plötunni. Og svo As, sem ég uppgötvaði einhvern tímann að væri uppáhaldslagið hennar Opruh Winfrey!

**AÐRAR GÓÐAR:** Það eru bara fleiri plötur með Stevie Wonder. Og svo gamla efnið með Tom Waits.

**JOHN MAYER - CONTINUUM**



Þetta er amerískur gaur sem er ansi skemmtilegur. Ég veit eiginlega ekki af hverju ég byrjaði að hlusta á hann, því ekki er hann mjög þekktur hér á landi. Tónlistin sem hann spilar er svona amerískt popprokk, ekki ósvipað Dave Matthews Band. Ég sá einhvern tímann myndband í sjónvarpinu og svo heyrði ég eitt lag þegar ég var að spila uppi á Skaga og ákvað í kjölfarið að kíkja á hann. En hann er mjög vinsæll úti í Bandaríkjunum. Egill Atla félagi minn komst að því þegar hann var úti í skóla að það þyrftu allir að kannast við John Mayer.

**UPPÁHALDSLÖG:** Slow Dancing in a Burning Room og Waiting on the World to Change.

**AÐRAR GÓÐAR:** Pharrell-platan, In my Mind.


**DANÍEL HJALTASON** Fótboltamaðurinn og þjónustufulltrúinn býr vel að tónlistaruppeldi pabba síns.

# Sign fær góða dóma

Rokkhljómsveitin Sign fær góða dóma fyrir tónleika sína í Birmingham í nýjasta tölublaði tónlistartímaritsins virta Kerrang!

Blaðamaður telur Sign vera á hraðferð upp frægðarstigann í rokkheiminum og telur líklegt að hljómsveitin muni sjálf fylla stærri tónleikastaði á næstunni. Líkir hann Sign við hljómsveitina Vain en segir hljóminn vera nútímalegri og þyngri. „Sign virðast hafa allt á tæru með söngvarann Zolberg með sírenuröddina í fararbroddi, sem er stjarna tilbúin að feta í fótspor Valos,“ segir blaðamaðurinn og á þar við söngvara hljómsveitarinnar Him.

Sign lýkur þriggja vikna tónleikaferð sinni um Evrópu á Mean Fiddler í London á fimmtudagskvöld. Sveitin hefur verið að hita upp fyrir Wednesday 13 sem er hljómsveit fyrrverandi söngvara Muderdolls.

Sign spilar á Íslandi á fimm tónleikum í næstu viku. Þeir fyrstu hefjast á Akranesi 13. október og þeir síðustu verða á NASA á Kerrang!-kvöldi Iceland Airwaves 20. október.



**SIGN** Hljómsveitin Sign er að gera góða hluti um þessar mundir.

## Í BÚNINGSHERBERGINU BLOODHOUND GANG



Sykur
Tíu jógúrtdósir
Hnetusmjör
Brauðrist
Bakki með kjötáleggi
Sinnep, majónes og smjör
Kartöfluflögur
6 Frankfurter-pylsur
Kassi af kók
Kassi af Dr. Pepper
6 Gatorade
Þrír kassar af bjór
1 lítri af Absolut vodka
1 lítri af Jägermeister
1 flaska af púrtvíni, flaska af góðu rauðvíni
Stór poki af Skittles, vinsamlegast flokkið molana eftir lit
Þrír vindlar
Beinagrind af apa (eini hluturinn á listanum sem er grín!)
Fjórir sígarettupakkar
Eitt segulstál til að festa á ísskáp



## > Lög vikunnar

**Bonnie „Prince“ Billy - Strange Form of Life** Frábært lag af frábærri plötu meistarans.

**The Killers - Sam's Town** Upphafslag nýju plötunnar sem vinnur vel á við frekari hlustun.





**Razorlight - America** Ný smáskífa frá einu vinsælasta breska bandinu.

**Jens Lekman - Pocketful of Money** Með því betra sem komið hefur frá Svíþjóð síðustu árin.

**Beck - Nausea** Það er ekki hægt að kvarta yfir fyrsta laginu af nýju plötunni.



## NÝJAR PLÖTUR




**TOGGI**
**Puppy**
„Puppy er óvenju vönduð og vel unnin frumsmíð. Toggi er greinilega mjög hæfileikaríkur tónlistarmaður þó að hann eigi enn eftir að skapa sér sérstöðu.“ TJ

**SPANK ROCK**
**Yoyoyoyoyo...**
„Ein frumlegasta hiphop-plata sem komið hefur út í langan tíma, þótt hún sé langt frá því að vera sú besta.“ SHA

**BEYONCÉ**
**B'Day**
„Fyrir þremur árum hefði Beyoncé getað unnið forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Með þessu áframhaldi kæmist hún ekki einu sinni í ritarastöðu í Hvíta húsinu. Önnur breiðskífa hennar er arfaslöpp.“ BÖS

**BASEMENT JAXX**
**Crazy Itch Radio**
„Crazy Itch Radio er ólík fyrri plötum Basement Jaxx. Ágæt plata sem sýnir að þeir Simon Ratcliffe og Felix Buxton eru ekkert að verða uppiskroppa með hugmyndir.“ TJ

**BONNIE „PRINCE“ BILLY**
**The Letting Go**
„Oldham (Bonnie) hefur sjaldan verið eins bjartur og notalegur þar sem hann leikur sér við að framkalla hinar ýmsu tilfinningar. Án efa ein af plötum ársins.“ SHA

**REGINA SPEKTOR**
**Begin to Hope**
„Með Begin to Hope hefur Reginu Spektor tekist að búa til plötu sem er poppuð og léttleikandi, en líka sérviskuleg og áhugaverð.“ TJ

**JUSTIN TIMBERLAKE**
**FuturSex/LoveSounds**
„Justin Timberlake festir sig hér í sessi sem helsti popptónlistarmaður fyrsta áratugarins. Skilar af sér betri plötu en síðast og mun bráðum taka yfir heiminn.“ BÖS

**THE ROOTS**
**Game Theory**
„Game Theory er kraftmikil og sannfærandi plata frá einni af forystusveitum hiphop-heimsins.“ TJ

**NEW YORK DOLLS**
**One Day It Will Please us To Remember Even This**
„Endurkomuplata þessarar goðsagnakenndu sukksveitar verður að teljast ágætlega heppnuð. Það fara fáar sveitir betur með skítugt pönkskotið Stones-rokk en New York Dolls.“ TJ





INNKAUPAKORT VISA




- **Innkaupakort VISA** er ókeypis kreditkort.
- Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
- Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
- Lengri greiðslufrestur.

Úttektartímabil **Innkaupakorts** er almanaksmánuður og gjalddagi reiknings 25. næsta mánaðar.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.
Nánari upplýsingar í síma 525-2280

Nýr dagur – ný tækifæri VISA




REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR SEGIR AÐ ÞEGAR STÓRT SÉ SPURT GÆTI ORÐIÐ MARGT UM SVÖR!

# *Leiðarvísir að toppnum*

Einu sinni þótti það dónalegt þegar minnst var á kynlíf. Þá sérstaklega þegar konur minntust á kynlíf. Það sem var enn fráleitara var að þær voguðu sér að hafa skoðun á því og hugmyndir um það. Þetta þykir mér ein skemmtilegasta þróun sem átt hefur sér stað á síðustu öldum! Í dag má fólk ekki bara tala um kynlíf, hafa skoðanir og tillögur um það, heldur þykir það fullkomlega heilbrigt og eðlilegt. Þeir sem hafa það ekki eru sennilega bældir og ekki í sambandi við tilfinningar sínar.

Ég átti skemmtilegt spjall við stelpurnar í vinnunni um daginn um það hvað teldist vera gott kynlíf. Og eins og við öll vitum er það þannig að þegar stórt er spurt verður fátt um svör, nema í þessu tilfelli. Við höfðum allar ótrúlega margt að segja og miklar og merkilegar skoðanir á umfjöllunarefninu. Einni fannst skipta mestu að hafa rómantíska stemningu í kringum sig, annarri fannst mikilvægt að það væri jafnvægi milli frumkvæðis hennar og kærastans, enn annarri fannst fjölbreytileiki ómissandi og játaði að henni leiddist reglulega ef ekki kæmu nýjungar með mjög reglulegu millibili. Svörin voru reyndar fjölmörg en eitt er ljóst: það er einfaldlega ekki hægt að skilgreina hver er lykillinn að góðu kynlífi. Hins vegar er klárt mál að hægt er að skilgreina þá tilfinningu sem hver og einn upplifir þegar þessi mál eru í góðu jafnvægi. Hver og einn, og á sinn hátt með sínum maka, verður að finna það út hvað sé gott kynlíf. Leiðirnar til að komast að leyndarmálinu eru sennilega jafnmargar og pörin. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að sama hvernig sem leiðin að



toppnum liggur þá er útsýnið þaðan eins eða mjög svipað hjá öllum.

Út frá þessum umræðum leiddumst við yfir í aðrar. Þær snerust um það hvort það væri í lagi að færa fram sínar skoðanir í svefnherberginu. Allar vorum við sammála um ágæti þess að koma með þenar ábendingar um hvað væri á óskalistanum svo hægt sé að fullkomna listina en á sama tíma vorum við líka allar sammála um það að ekki eru allar ábendingar af hinu góða. Það er að sjálfsögðu líka viðkvæmt að fá tilsögn á þessum vettvangi.

Það verður auðvitað að taka tillit til félagans og gæta þess að segja ekki of mikið. Það getur haft algerlega öfug áhrif og skilað engu nema óhamingju og leiðindum. Það er eins með þessi mál og önnur að hófsemin og meðalvegurinn eru málið!

# Tóku sig vel út

Debenhams hélt sitt árlega fjáröflunar- og konukvöld á miðvikudagskvöldið. Kvöldið var til styrktar baráttu Krabbameinsfélagsins gegn brjóstakrabbameini og af því tilefni var þema kvöldsins bleikt. Hápunktur kvöldins var síðan þegar þjóðþekktir einstaklingar tóku snúning á tískupallinum og sýndu nýjustu hausttískuna frá Debenhams. Mat gesta var að flestir tóku sig með eindæmum vel út og að ekki væri að sjá að þetta væru þeirra fyrstu spor á pallinum. Fjáröflunin gekk með eindæmum vel og fjölmörg fyrirtæki tóku þátt og söfnuðust 2,6 milljónir til handa Krabbameinsfélaginu. - áp



**ÁNÆGÐAR** Sigríður Klingenberg með skemmtilega greiðslu og Bryndís Schram í bakgrunni hressar í lok sýningar.



**GUÐRÚN HELGADÓTTIR** Rithöfundurinn kunni tók sig vel út.



**BROSTI SÍNU BREIÐASTA** Birgitta Haukdal vissi nákvæmlega hvað hún var að gera þegar hún gekk út pallinn.



**Í NÝJUSTU TÍSKU** Þorsteinn Pálsson ritstjóri skartaði sínu fegursta í nýjustu haustlitunum.



**SNÚNINGUR** Sjónvarpsstjarnan Eva María Jónsdóttir var með allar hreyfingar á tæru á tískupallinum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




# Slegin í andlitið í afbrýðiskasti

Hótelerfinginn Paris Hilton á ekki sjö dagana sæla þessa stundina. Á miðvikudaginn var hún slegin í andlitið af fyrrverandi eiginkonu trommarans Travis Barker en sögusagnir hafa verið uppi um að Hilton og Barker eigi í ástarsambandi. Fyrrverandi eiginkona Barkers heitir Shanna Moakler og er Playboy-fyrirsæta og fyrrverandi fegurðardrottning. Hjónakornin voru í raunveruleikaþættinum „Meet the Barkers“ á MTV þar sem þau leyfðu áhorfendum að skyggnast inn í líf sitt.

Moakler réðst á Hilton fyrir utan skemmtistað í Los Angeles og hrópaði að henni ókvæðisorð með þeim afleiðingum að Moakler var fjarlægð af staðnum og Hilton þurfti að stinga af. Moakler mun vera öfundsjúk út í Hilton vegna sambands hennar og Travis. Samkvæmt talsmanni Hilton ætlar hún að kæra atvikið til lögreglu.



**MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Shann Moakler og Travis Barker sjást hér fyrir skilnaðinn. Shanna er greinilega ekki nógu ánægð með að Travis sé farinn að hitta aðrar konur.

**PARIS HILTON** Lenti illa í því að skemmtistað þegar Shanna réðst á hana vegna meints ástarsambands hennar og Travsi Barker.

# Vandræðalegt slys

Keith Richards, gítarleikari The Rolling Stones, segist einungis hafa setið á trjábol en ekki verið að klifra upp í pálmatré þegar hann datt á hausinn í fríi á Fijieyjum í apríl. Þurfti hann að gangast undir heilaaðgerð í framhaldinu og fyrir vikið þurfti að fresta tónleikaferð Stones um Evrópu í sumar.

„Mér finnst þetta dálítið vandræðalegt,“ sagði Richards í viðtalið við tímaritið Rolling Stone. „Ég sat á þessum trjábol um þremur metrum ofar jörðinni. Ég hafði verið að synda og var blautur. Ég lenti illa, hausinn á mér fór í trjábolinn og þannig var nú það,“ sagði Richards. „Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég daðra við dauðann. Ætli ég hafi ekki lært það af þessu að maður á ekki að sitja á trjám.“

Rolling Stones hafa hafið seinni tónleikaferð sína um Norður Ameríku. Í þetta sinn mun sveitin ferðast til hinna minni borga.



**KEITH RICHARDS** Gítarleikari Stones er búinn að jafna sig eftir heilaskurðaðgerð.


TEKINN.
9 OKT. KL. NÍU
SIRKUS 06/07
Apple á Íslandi
Egils
APPELSIN
SIRKUS TV







Frábær mynd frá verðlaunaleikstjóranum Stephen Frears sem var valin opnunarmyndin á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum og Reykjavík.

| | | |
|---|---|---|
| THE QUEEN | kl. 6 - 8 - 10:10 | Leyfð |




| | | |
|---|---|---|
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |




| | |
|---|---|
| FROSIN BORG | 18:00 |
| HÁLFT TUNGL | 18:00 |
| CLAIRE DOLAN | 18:00 |
| HREINN, RAKAÐUR | 20:00 |
| DRAUMUR Á ÞORLÁKSMESSUNÓTT | 20:00 |
| ELECTROMA | 20:00 |
| MEÐ DAUÐANN Á HENDI | 20:15 |
| KEANE | 22:00 |
| GASOLIN' | 22:00 |
| ZIDANE, 21. ALDAR PORTRETTMYND | 22:15 |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:50 - 8 - 10:40 | B.i. 12 | THE WILD M/- ensku tal | kl. 4 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER VIP | kl. 4 - 8 - 10:40 | | BÖRN | kl. 8:30 | B.i.12 |
| BEERFEST | kl. 5:50 - 8 - 10:15 | B.i. 12 | STEP UP | kl.3:45-5:50-8-10:15 | B.i. 7 |
| HARSH TIMES | kl. 8 - 10:40 | B.i. 16 | MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 3:45 | Leyfð |
| NACHO LIBRE | kl. 3:45 - 5:50 | B.i. 7 | THE PROPOSITION | kl. 10:40 | B.i. 16 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:30 - 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| BEERFEST | kl. 5:45 - 8 - 10:40 | B.i. 12 |
| HARSH TIMES | kl. 10:15 | B.i. 16 |
| BÖRN | kl. 3:50 - 8 | B.i.12 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| UNITED 93 | kl. 5:45 | B.i.14 |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEERFEST | kl. 5:45 - 8 - 10:15 | B.i. 12 |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 10 | |
| NACHO LIBRE | kl. 8 | B.i. 7 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i. 12 |
| THE WILD M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| THE ALIBI | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |

Munið afsláttinn

www.sambioin.is (575 8900
www.sambioin.is




**MADONNA** Söngkonan Madonna ætlar ekki að ættleiða barn frá Afríkuríkinu Malaví.

# Ætlar ekki að ættleiða

Talsmaður söngkonunnar Madonnu segir ekkert hæft í þeim orðrómi að hún ætli að ættleiða eins árs gamlan dreng frá Malaví í Afríku.

Samt sem áður er hún ekkert pirruð yfir fréttunum því þær veki athygli á vandamál barna í þessu fátæka ríki.

Madonna er stödd í Malaví þar sem hún sinnir mannúðarstörfum. Talið er að þar í landi sé um ein milljón barna munaðarlaus. Þjást mörg þeirra af alnæmi.



**MAGGIE GYLLENHAAL** Eignaðist sitt fyrsta barn í vikunni. Stúlkubarnið ber nafnið Ramona. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Eignaðist stelpu

Leikkonan unga Maggie Gyllenhaal eignaðist sitt fyrsta barn á dögunum rúmum tveimur vikum fyrir tímann. Barnið var stelpa og heitir hún Ramona. Barnsfaðir Gyllenhaal er leikarinn Peter Saarsgard en þau opinberuðu trúlofun sína í apríl.

Maggie Gyllenhaal er best þekkt fyrir leik sinn í myndunum „Mona Lisa´s Smile“ og „Secretary“ en einnig er hún þekkt fyrir að vera systir leikarans Jakes Gyllenhaal.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fótboltafrúin og fyrrverandi kryddstúlkan **Victoria Beckham** hefur nú boðið unnustu **Toms Cruise, Katie Holmes,** með sér til Parísar í tveggja daga stelpuferð. Beckham og Holmes eru orðnar mjög góðar vinkonur og tala saman á hverjum degi í síma. Beckham segir Holmes þurfi á fríi á halda en hún eignaðist sitt fyrsta barn fyrr í sumar. Þess má geta að stöllurnar verða saman í fremstu röð á helstu tískusýningum en tískuvika stendur nú yfir í Paris.



Leikkonan **Jennifer Aniston** ætlar að reyna fyrir sér á Broadway. Aniston mun vera að íhuga að taka þátt í söngleik sem nefnist „Since yesterday“. Stjarnan hefur ekki áður komið fram á Broadway og þetta því frumraun hennar en gagnrýnendur telja að þetta væri gott fyrir Aniston þar sem hún mundi þróast sem leikkona. Aniston skaust upp á stjörnuhimininn í sjónvarpsþáttunum „Friends“.




### > Birgir Leifur lék vel á fyrsta degi



Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson er þessa dagana að keppa á áskorandamóti í Toulouse í Frakklandi. Fyrsti keppnisdagurinn var í gær og Birgir Leifur lék hringinn á 70 höggum, tveimur höggum undir pari. Birgir Leifur fékk fjóra fugla, paraði fjórtán holur og fékk tvo skolla. Birgir Leifur er sem stendur í 22. til 38. sæti á mótinu eftir fyrsta dag en efstu menn léku fyrsta hringinn á fimm höggum undir pari vallarins. Birgir Leifur heldur áfram keppni á morgun og ef hann kemst í gegnum niðurskurðinn á morgun tryggir hann sér þátttökurétt á öðru stigi úrtökumótsins sem fram fer á Spáni í byrjun nóvember.

**sport**

sport@frettabladid.is

KRISTJÁN ANDRÉSSON: Á VIÐ HNÉMEIÐSLI AÐ STRÍÐA OG SPILAR EKKERT Í SVÍÞJÓÐ Í VETUR

# Gæti þurft að leggja skóna á hilluna



Kristján Andrésson, fyrrum landsliðsmaður í handbolta, mun ekkert geta spilað með liði sínu, IF Guif, í sænsku úrvalsdeildinni í vetur. Hann á við þrálát meiðsli að stríða í hné og þarf sennilega að leggja skóna endanlega á hilluna þrátt fyrir að vera einungis 25 ára gamall. Hann hefur þess í stað gerst þjálfari liðsins í samstarfi við annan mann.

„Ég er ábyggilega búinn að leggja skóna á hilluna," sagði Kristján í samtali við Fréttablaðið í gær. „Læknirinn minn vill að ég hætti að spila í handbolta og helst ekki að ég fari í aðra aðgerð á hnénu." Kristján segist vera með of lítið brjósk í hnénu og við það álag sem fylgir að æfa og spila handbolta bólgni það auðveldlega og fyllist af vatni. „Honum finnst einfaldlega að hnéð sé of skaddað til að laga það."

Hann segir að sem stendur ætli hann að taka sér frí frá handboltaiðkun í vetur og reyna að þjálfa líkamann af fremsta magni og sjá hvernig málin standa í lok tímabilsins. „Ég veit ekki hvort ég hafi löngunina til að byrja að spila aftur enda hef ég verið meira og minna meiddur síðustu fimm tímabil og nú þegar ég er hættur líður mér mun betur. Mér líkar einnig vel við þjálfunina og hef haft mjög gaman af þeirri hlið handboltans."

Giuf er í Eskilstuna í Svíþjóð þar sem fjölskylda Kristjáns býr og hann hefur alið manninn nánast alla sína tíð. Faðir hans fór upphaflega til Svíþjóðar til að gerast atvinnumaður í handbolta og hefur fjölskyldan ílengst þar. Landsliðsferill Kristjáns afmarkast nánast eingöngu af þátttöku hans á Ólympíuleikunum í Aþenu árið 2004 og segir hann að það standi upp úr á sínum ferli. „Það er ekkert sem toppar það. Það var frábært að vera með þessum góðu handboltamönnum og vera viðstaddur ólympíuleikana þótt ég hafi ekki spilað mikið. Ég reyni af fremsta megni að fylgjast með okkar mönnum í Þýskalandi og Danmörku og landsliðinu líka. Ég sá þá til dæmis vinna Svíana í Globen og fagnaði mikið með þeim."

Yngri bróðir Kristjáns, Haukur, er á nítjánda aldursári og að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki Guif.



**RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR** Keppir

Ragnhildur Sigurðardóttir:

## Úr leik í Bandaríkjunum

**GOLF** Ragnhildur Sigurðardóttir, kylfingur úr GR, er úr leik á úrtökumóti í Flórída fyrir bandarísku kvennamótaröðina í golfi. Var hún ellefu höggum frá því að komast í gegnum niðurskurðinn eftir fyrstu tvo keppnisdagana. Þetta var önnur tilraun hennar á úrtökumóti í Bandaríkjunum en hún mun reyna við 1. stig úrtökumóts evrópsku mótaraðarinnar í golfi.

Þar hefur Ólöf María Jónsdóttir keppt undanfarið og þarf hún ekki að ganga í gegnum úrtökuferlið fyrir næsta keppnistímabil.

# Lettar eru erfiðir heim að sækja

**Það verður við ramman reip að draga hjá íslenska knattspyrnulandsliðinu í Ríga á laugardag er það mætir Lettum, sem eru geysilega erfiðir heim að sækja eins og mörg lið hafa komist að á síðustu árum.**

**FÓTBOLTI** Lettland komst á fótboltakortið á eftirminnilegan hátt árið 2004 þegar það vann sér þátttökurétt í lokakeppni EM í Portúgal með sigri á Tyrkjum í umspili. Liðið gerði engar rósir í úrslitakeppninni en markalaust jafntefli gegn Þjóðverjum var nóg til þess að gleðja knattspyrnuunnendur þar í landi. Liðið náði reyndar forystu í sínum fyrsta leik gegn Tékkum en það dugði ekki til því Tékkar unnu 2-1. Í lokaleik sínum í riðlinum lágu Lettar fyrir Hollendingum, 3-0.

Miklar væntingar voru gerðar til liðsins í kjölfarið er það tók þátt í undankeppni HM en það hentaði liðinu illa að leika undir pressu því liðið olli miklum vonbrigðum og var aldrei í baráttu um að komast í lokakeppni HM.

Liðið er búið að leika einn leik í undankeppni Evrópumótsins og það var heimaleikur gegn Svíum. Frændur vorir Svíar lentu í verulegum vandræðum á Skonto-vellinum og þóttu heppnir að sleppa með 1-0 sigur þar sem Kim Källström skoraði markið.

Lettneska liðið er ekki ósvipað því íslenska að því leyti að það er erfitt heim að sækja og þá sérstaklega gegn sterkari þjóðum, þegar það getur legið til baka og sótt síðan hratt. Rétt eins og íslenska liðið á Lettland oft erfitt með að stýra leikjum gegn veikari þjóðum og möguleikar Íslands á að ná hagstæðum úrslitum verða að teljast ágætir þar sem Lettar verða að koma úr skotgröfunum á heimavelli sínum á meðan Ísland getur leikið eins og hentar liðinu best. Margir hafa líkt þessum leik við frægan leik gegn Litháum í Kaunas fyrir nokkrum árum þar sem Ísland vann frækinn sigur.

Þjálfari liðsins, Jurijs Andrejevs, valdi tvo nýliða í 22 manna hóp sinn fyrir leikinn gegn Íslendingum og Norður-Írum en fyrir utan Andrejs Rubins mæta Lettar til leiks með sitt sterkasta lið. Framherjinn Marian Pahars, sem lék í ensku úrvalsdeildinni, er klár í slaginn eftir meiðsli og hann verður væntanlega í framlínunni með hinum baneitraða framherja Dynamo Kiev, Maris Verpakovskis, sem Íslendingar verða að hafa mjög góðar gætur á.

Jurijs Andrejevs þjálfari er undir nokkurri pressu þar sem gengið í síðustu undankeppni var ekki nógu gott og Lettar eru farnir að gera kröfur til síns liðs eftir árangurinn frábæra árið 2004. Andrejevs tók við starfinu af þjóðhetjunni Aleksandrs Starkovs sem kom liðinu í úrslitakeppni EM og það er klárlega ekki auðvelt verk að feta í hans fótspor.

Andrejevs var hluti af þjálfarateymi Starkovs og hefur haldið áfram á sömu braut og forveri sinn. Rétt eins og Starkovs þjálfaði Andrejevs einnig félagslið ásamt landsliðinu en hann hætti því þegar fór að halla undan fæti hjá félagsliðinu.

Einn helsti styrkleiki liðsins er klárlega sá að margir leikmanna liðsins leika með sama félagsliðinu. Sjö leikmenn koma frá FHK Liepajas Metalurgs en fjórir frá Skonto FC. Þrír leikmenn koma síðan frá félögunum FK Ventspils og FK Jurmala.



**FLJÓTUR OG STÓRHÆTTULEGUR** Íslenska landsliðið verður að hafa góðar gætur á framherjanum Maris Verpakovskis, leikmanni Dynamo Kiev, í leiknum á laugardag.



LETTLAND - ÍSLAND
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá Ríga í Lettlandi.*
henry@frettabladid.is




Ný stjórn knattspyrnudeildar Stjörnunnar hyggst gera breytingar:

# Jörundur Áki hættur þjálfun Stjörnunnar í Garðabænum

**FÓTBOLTI** Jörundur Áki Sveinsson er hættur að þjálfa 1. deildarlið Stjörnunnar í knattspyrnu. Þetta staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær. Bjarni Benediktsson, formaður knattspyrnudeildar Stjörnunnar, er að láta af störfum og er líklegast að Valgeir Baldursson taki við af honum. Valgeir hefur stýrt viðræðum við þjálfara en enn er óvíst hver tekur við starfi Jörundar.

Logi Ólafsson hefur einna helst verið orðaður við starfið en hann sagði við Fréttablaðið í gær að hann ætlaði að taka sér frí frá þjálfun og það myndi ekki breytast, sama hversu gott tilboð bærist til hans. Meðal þeirra þjálfara sem eru nú á lausu eru Sigurður Jónsson, Bjarni Jóhannsson, Atli Eðvaldsson, Gústaf Adolf Björnsson og Njáll Eiðsson. Talið er að þeir tveir fyrstnefndu séu efstir á óskalista Stjörnumanna. Þá þykir heldur ekki útilokað að Valdimar Tryggvi Kristófersson, leikmaður liðsins og fyrrum þjálfari þess, taki aftur við þjálfun liðsins. Hann lagði skóna á hilluna að tímabilinu loknu í haust.



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON**

Heimildir Fréttablaðsins herma að Guðjón Þórðarson hafi verið afar nálægt því að taka við Stjörnunni og að samkomulag við hann þess efnis hafi verið í höfn. Ef Gísli Gíslason hefði ekki tekið við forystu í rekstrarstjórn knattspyrnudeildar ÍA er ljóst að Guðjón hefði ekki verið ráðinn þangað og hann hefði farið til Stjörnunnar.



**JÖRUNDUR ÁKI** Skiptir Dóru Maríu Lárusdóttur inn á í leik Íslands og Portúgal. Hann þjálfaði Stjörnuna samhliða landsliðsþjálfarastarfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Jörundur sagði að eins og málin litu út nú væri hann á leiðinni í frí frá þjálfun en hann neitaði því ekki að hafa rætt við önnur félög undanfarna daga. **- esá**

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Síminn



KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ NÖRD

# 7000 MANNS MÆTTU Á LEIK NÖRDANNA

**KF Nörd þakkar stuðning landsmanna...**

Í tilefni þess verða 6 fyrstu þættirnir endursýndir á Sýn, á sunnudaginn frá kl 16:45. Knattspyrnuævintýri KF Nörd er þó aðeins rétt að hefjast, en þættirnir eru vikulega á Sýn til 7. desember.

**KF Nörd alla fimmtudaga kl. 21:15**
Endursýndir á fös. kl. 21:15 og mán. kl. 22:30

sýn
*besta sætið*

Leikmannamál Fylkis:

## Baldur Bett á leið til Fylkis?

**FÓTBOLTI Hörður Antonsson, formaður meistaraflokksráðs Fylkis, neitaði því ekki í samtali við Fréttablaðið í gær að félagið hefði áhuga á að klófesta Baldur Bett. Fréttablaðið greindi frá því fyrr í vikunni að Baldur ætli ekki að framlengja samning sinn við FH þar sem hann hefur verið undanfarin ár.**

**Hörður sagði þó að félagið hefði ekki rætt við hann enda er Baldur samningsbundinn FH til loka ársins og má samkvæmt reglum KSÍ ekki ræða við önnur félög fyrr en 15. október næstkomandi.**

**Baldur varð þrefaldur Íslandsmeistari með FH.** - esá

Fréttir á Englandi herma að Reading ætli að verðlauna Ívar með nýjum samningi fyrir góða spilamennsku:

# Þetta hefur gengið framar vonum hjá okkur

**FÓTBOLTI** Enskir netmiðlar sögðu frá því í gær að Reading, lið þeirra Ívars Ingimarssonar og Brynjars B. Gunnarssonar, ætli sér að verðlauna Ívar og þrjá aðra leikmenn liðsins fyrir góða spilamennsku það sem af er leiktíðinni með nýjum samningstilboðum. Ívar hefur spilað hverja einustu mínútu fyrir Reading í deildinni á tímabilinu og fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína. Hann hefur m.a.s. skorað eitt mark en það var sigurmark liðsins í sigri á Manchester City, 1-0. Leikmennirnir sem sagðir eru eiga von á nýjum samningi á næstu dögum eða vikum eru Graeme Murty, Marcus Hahnemann, Glen Little og Ívar.

Fréttablaðið náði tali af Ívari í gær en hann sagði að Reading væri ekki búið að bjóða sér nýjan samning. „Þeir hafa ekki boðið mér neitt ennþá en það er hugsanlegt að viðræður fari af stað eftir einhverjar vikur en meira hefur ekki verið ákveðið,“ sagði Ívar en núverandi samningur hans við Reading rennur út árið 2008. „Samningurinn minn er ekkert að renna út en þetta er bara eins og gengur og gerist, ef hlutirnir ganga vel að þá er eðlilegt að menn ræði saman. Þetta hefur ekkert verið rætt en það kæmi mér ekkert á óvart ef viðræður færu í gang á næstu vikum.“



**ÍVAR INGIMARSSON** Má eiga von á nýju samningstilboði á næstu vikum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fyrir tímabilið var búist við að Reading yrði í fallbaráttunni á þessari leiktíð en eins og stendur er liðið í sjöunda sæti, þremur stigum frá toppliðunum, Manchester United og Chelsea. „Þetta hefur eiginlega gengið framar vonum hjá okkur, þó að við höfðum alltaf á tilfinningunni að við gætum staðið okkur vel. Þetta hefur gengið bara eins og í sögu og við erum með mjög samstillt lið og einnig með marga góða leikmenn í liðinu sem hafa verið að standa sig mjög vel. Það er bara vonandi að við náum að halda öllum heilum og halda áfram að spila svona,“ sagði Ívar og bætti því við að sjálfstraustið kæmi samhliða góðu gengi. „Ég held að það hafi verið mjög mikilvægt hjá okkur að vinna fyrsta leikinn gegn Middlesbrough. Eftir þann sigur fór fólk að hafa trú á okkur og sem betur fer höfum við bara náð að byggja á því.“ - dsd








**MARK GEGN BILBAO** Eiður Smári Guðjohnsen hleypur frá marki Athletic Bilbao eftir að hafa skorað annað mark Barcelona í 3-1 sigri liðsins um síðustu helgi. NORDIC PHOTOS/AFP

Johan Cruyff og Jorge Valdano:

# Frammistaða Eiðs Smára ótrúlega góð

**FÓTBOLTI** Johan Cruyff, sem áður gerði garðinn frægan hjá Barcelona og hollenska landsliðinu, sagði að hann hefði mikla trú á Eiði Smára en hann myndi hins vegar láta Javier Saviola lönd og leið. „Eiður spilar fyrir liðið en Saviola er meiri einstaklingshyggjumaður,“ sagði Cruyff, sem er vanur að tjá sig umbúðalaust um gang mála hjá Barcelona og sitt sýnist hverjum um skoðanir hans. Flestir hlusta þó þegar gamla kempan talar.

Jorge Valdano, fyrrum leikmaður Real Madrid og argentínska landsliðsins, sagði í íþróttablaðinu Sport að frammistaða Eiðs Smára til þessa væri ótrúlega góð. Hann hefði leikið í um 100 mínútur, skorað tvö mörk og lagt annað upp. „Í fyrstu lítur hann þó út fyrir að vera hálf klaufalegur í samanburði við félaga sína sem leika á meiri hraða en það á eftir að breytast,“ bætir Valdano við, sem nú er innanbúðar hjá Real Madrid, erkifjendum Barcelona. - jse

Nicolas Anelka í náðinni hjá Raymond Domenech:

## Anelka aftur í franska landsliðið

**FÓTBOLTI** Nicolas Anelka, leikmaður Bolton, hefur verið kallaður inn í franska landsliðið. Raymond Domenech, landsliðsþjálfari Frakka, ákvað að bæta Anelka í hópinn vegna meiðsla sem Louis Saha og Sidney Govou eiga við að glíma þessa dagana en þó er ekki útilokað að Saha og Govou geti leikið með Frökkum annaðhvort gegn Skotum á morgun eða gegn Færeyjum á miðvikudaginn.

„Það kemur í ljós á laugardaginn hvort þeir geta spilað en annars erum við með lausn á því vandamáli,“ sagði Domenech. Anelka lék síðast fyrir landsliðið í mars á þessu ári og hefur skorað sjö mörk í 31 landsleik. - dsd



**NICOLAS ANELKA** Er kominn í franska landsliðið að nýju. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**SANCHEZ** Átti erfitt eftir tapið gegn Íslandi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Lawrie Sanchez:

## Fjögur stig í næstu leikjum

**FÓTBOLTI Lawrie Sanchez, landsliðsþjálfari Norður-Íra, hefur sett liðinu markmið úr næstu tveimur leikjum liðsins en liðið mætir Dönum í Kaupmannahöfn á morgun og svo Lettum í næstu viku. Íslendingar mæta Lettum á morgun. Segir Sanchez að viðunandi árangur úr þessum leikjum sé fjögur stig.**

**„Ef við náum jafntefli gegn Dönum getum við unnið Letta í næstu viku. Það gera fjögur stig í viðbót,“ sagði Sanchez en hans menn töpuðu sínum fyrsta leik gegn Íslandi en unnu svo Spánverja heldur óvænt. „Við vorum úr leik eftir fyrsta leikinn, svo eftir annan leikinn vorum við aftur með. Hvar verðum við eftir þriðja leikinn?“**

**Fyrir Spánarleikinn var orðrómur á kreiki um að hann myndi segja af sér en hann segist sannarlega klár í slaginn nú. „Fólk er aftur orðið stolt af landsliðinu,“ sagði hann.** - esá

Þjálfaramál HK skýrast:

## Gunnar áfram í Kópavoginum

**FÓTBOLTI** Gunnar Guðmundsson skrifaði í fyrradag undir nýjan tveggja ára samning við knattspyrnudeild HK. Hann hefur þjálfað meistaraflokk liðsins undanfarin þrjú ár með góðum árangri en í haust tryggði liðið sér þátttökurétt í Landsbankadeild karla að ári.

Gunnar er 37 ára og skrifaði undir tveggja ára samning. **- esá**



**SVEN-GÖRAN** Á leið til Portúgals á ný? NORDIC PHOTOS/GETTY

Sven-Göran Eriksson:

## Gæti tekið við Benfica á ný

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að sænski þjálfarinn Sven-Göran Eriksson væri á leið til Benfica í Portúgal og þá í þriðja skiptið á sínum ferli. Viðskiptamaður að nafni Carlos Alberto Quaresma er í framboði til forseta félagsins og hefur lofað því að verði hann kjörinn muni Eriksson taka við þjálfun liðsins.

Svíinn tók fyrst við Benfica árið 1982 og vann portúgalska titilinn á sínu fyrsta ári og fór með liðið í úrslit UEFA-bikarkeppninnar. Hann hætti árið 1984, tók aftur við 1989 og stýrði liðinu í þrjú ár. **- esá**

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**OKTÓBER**

3 4 5 **6** 7 8 9

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- 19.00 **Haukar-ÍS** í undanúrslitum Powerade-bikarsins í körfubolta kv.
- 19.00 **Keflavík-Grindavík** í undanúrslitum Powerade-bikarsins í körfubolta kvenna.

Viktor Bjarki Arnarsson og tveir leikmenn Stjörnunnar hjá Lilleström:

# Dvölin í Noregi framlengd um eina viku

**FÓTBOLTI** Víkingurinn Viktor Bjarki Arnarsson hefur undanfarna viku verið til reynslu hjá norska úrvalsdeildarliðinu Lilleström. Liðið kom hingað til lands í sumar og lék gegn Keflavík í Intertoto-keppninni. Með honum í för eru Stjörnumennirnir Guðjón Baldvinsson og Andrés Logason.

Allir eiga þeir að leika æfingaleik sem liðið leikur gegn Vålerenga á þriðjudaginn kemur en eins og annars staðar í Evrópu er norska deildin í landsleikjahléi. Af þeim sökum hafa þeir félagar ekki æft eins mikið með liðinu og þeir annars myndu gera.

„Ég hef svo sem lítil viðbrögð fengið önnur en þau að ég var beðinn um að vera hér í viku í viðbót og spila þennan leik,“ sagði Viktor við Fréttablaðið í gær. Við komum hingað á sunnudag og höfum aðeins æft tvisvar með liðinu.“

Lilleström er í toppbaráttunni í norsku deildinni og hafa margir Íslendingar leikið með því í gegnum tíðina, nú síðast Gylfi Einarsson sem er nú á mála hjá Leeds í Englandi. „Þetta er stórt og flott félag og mér líst líka afar vel á þjálfarann, hann er austur-þýskur hörkunagli,“ sagði Viktor um Uwe Rösler, þjálfara Lilleström.

Viktor hefur verið í atvinnumennsku erlendis en hann lék þá í Hollandi sem unglingur. „Ég hef svo sem ekki verið að sækjast í það að komast aftur út en mér gekk vel í sumar og þá vill oft kallið koma. En ég er spenntur fyrir þessu.“

Forráðamenn Lyn hafa einnig hug á að skoða Viktor og segir hann ekki útilokað að hann fari á æfingar með því liði síðar í mánuðinu. „Þeir munu þó sjálfsagt fylgjast með þessum leik á þriðjudag.“

Guðjón hefur verið fastamaður í U-21 landsliði Íslands og með markahæstu mönnum Stjörnunnar undanfarin ár. **- esá**



**VIKTOR BJARKI** Hér í leik gegn KR og er í baráttu við Viktor Jósepsson, leikmann KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Ný tónlist!

Toggi - Puppy kominn í Skífuna




EINRÓMA LOF GAGNRÝNENDA!

"Óvenju vönduð og vel unnin frumsmíð. Toggi er greinilega mjög hæfileikaríkur tónlistarmaður..." T.J. Fréttablaðið

"Puppy er góð popp plata sem verður örugglega ein af vinsælli jólagjöfum ársins. Frábær frumraun" Á.B. Reykjavík Mag

"Puppy er áhugaverð plata sem kemur þægilega á óvart, nánast við hverja hlustun." XFM Plata vikunnar

"Platan alger snilld. 8 stjörnur af 5 mögulegum." Siffi Dagskrárstjóri KissFM

Plata vikunnar Rás 2

Toggi kemur fram á Airwaves í Þjóðleikhúskjallaranum laugardaginn 21. október kl. 22:00

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

SKÍFAN skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is



**OTTO BARIC** Er ekki fyrir samkynhneigða og hefur nú verið sektaður fyrir ummæli sín. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Landsliðsþjálfari Albaníu:

## Sektaður fyrir ummæli

**FÓTBOLTI** Otto Baric, landsliðsþjálfari Albaníu, hefur verið sektaður fyrir niðrandi ummæli sem hann lét falla um samkynhneigða fyrir tveimur árum síðan. „Ég myndi aldrei nota samkynhneigðan leikmann í mínu liði né hafa samkynhneigðan mann í mínu þjálfarateymi,“ sagði Baric og hann var ekki hættur. „Ég get ekki treyst á samkynhneigða menn vegna þess að þeir eru veikburða og sjúkir.“ - dsd

Meistaradeildin í handbolta:

## Annar sigur Gummersbach

**HANDBOLTI Gummersbach vann sinn annan sigur í Meistaradeildinni í handbolta í gær með því að leggja norsku meistarana í Sandefjord að velli, 36-25. Tveir íslenskir leikmenn komust á blað í leiknum, Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 7 mörk í 12 skotum og Róbert Gunnarsson sem skoraði 4 mörk í 5 skotum. Sverre Jakobsson lék ekki með Gummersbach vegna meiðsla. Bæði þessi lið eru í riðli með Fram**. - dsd

# Samdi við ToPo í Finnlandi

**Logi Gunnarsson körfuboltakappi er á leið í finnsku úrvalsdeildina í körfubolta. Hann samdi í gær við liðið ToPo frá Helsinki sem er með betri liðum deildarinnar.**

**KÖRFUBOLTI** Logi Gunnarsson, landsliðsmaður í körfubolta frá Njarðvík, hefur samþykkt að ganga til liðs við finnska úrvalsdeildarliðið ToPo frá Helsinki. Hann skrifaði undir samning í gær sem gildir út tímabilið og hélt utan í morgun. „Það er leikur hjá liðinu á laugardaginn og ég þarf að vera mættur á æfingu á morgun,“ sagði Logi við Fréttablaðið í gær. „Ég er mjög ánægður með þetta, þetta er góður samningur og finnska deildin er sterk.“

Logi hefur undanfarin fjögur ár leikið í Þýskalandi, með Bayreuth og Giessen, en ákvað að söðla um og hefur verið í viðræðum við nokkur önnur lið, til að mynda í Ungverjalandi og Kýpur. „Ungverska liðið bauð mér þriggja mánaða samning með möguleika á að framlengja út tímabilið en það er mikil óvissa sem fylgir því. Í gær vissi ég ekki alveg í hvorn fótinn ég ætti að stíga en þá hækkuðu Finnarnir sitt tilboð og létu mig fá allt sem ég þurfti. Ég ákvað því að taka tilboði þeirra umsvifalaust.“

Aðalþjálfari ToPo er einnig aðstoðarlandsliðsþjálfari Finna og sá því mikið til Loga í sumar, bæði á Norðurlandamótinu í Finnlandi sem og í landsleik Íslands og Finnlands í B-deild Evrópumótsins í körfubolta sem síðarnefnda liðið vann. „Þeir vita því upp á hár að hverju þeir ganga þegar þeir fá mig. Það er einnig til mikils ætlast af mér en þá vantar bakvörð sem getur skorað mikið.“



**LOGI GUNNARSSON** Á leið til ToPo í Helsinki sem leikur í finnsku úrvalsdeildinni. Hér er hann á fullri ferð í leik Íslands gegn Finnlandi fyrr í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Logi segir að liðið eigi að vera sterkara nú en það var á síðasta keppnistímabili. „Þetta er eitt af toppliðunum í Finnlandi. Í fyrra duttu þeir út í úrslitakeppninni fyrir verðandi meisturunum. Það er líka gott að vita að ég fæ að spila mikið og spilaði það stórt hlutverk í þessari ákvörðun minni.“

ToPo er eina liðið í höfuðborginni Helsinki og er því áhugi fyrir liðinu mikill. „Það mætir alltaf mikill fjöldi á leikina og Finnar eru mikil körfuboltaþjóð. Þeir hafa alltaf verið A-þjóð en duttu nú síðast í B-deildina þar sem þeir lentu í riðli með okkur. Þeir eiga marga góða körfuboltamenn, bæði heima og erlendis í sterkum deildum. Í ToPo eru einnig tveir finnskir landsliðsmenn og þrír bandarískir leikmenn.“

Loga líkaði dvölin vel í Þýskalandi og hann er spenntur fyrir því að búa í Finnlandi. „Mér líst mjög vel á þetta og hlakka mikið til.“ eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**RENAULT-FÉLAGARNIR** Alonso mun keppa fyrir McLaren á næsta ári en Fisichella verður áfram hjá Renault. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Fernando Alonso:

## Ekki sáttur við Fisichella

**FORMÚLA 1** Fernando Alonso er allt annað en sáttur við félaga sinn hjá Renault, Giancarlo Fisichella, og einnig starfsmenn liðsins. Félagarnir háðu mikla keppni um síðustu helgi sem endaði með því að Alonso náði öðru sætinu á eftir Schumacher sem sigraði. Fisichella tók fram úr Alonso og það virðist hafa farið í taugarnar á Alonso.

„Þessi samkeppni okkar á milli er mjög áhættusöm nú þegar þrjár keppnir eru eftir. Fisichella tók fram úr mér og það var engin samvinna í liðinu. Ég lenti líka í vandræðum með bílinn og mér fannst ég vera einn, fékk enga aðstoð. Ég átti mjög erfitt með að skilja þetta,“ sagði Alonso sem mun keppa fyrir hönd McLaren á næsta tímabili.

Alonso segir samt sem áður að Renault liðið sé samstíga í baráttunni um titilinn. „Liðið er að gera allt sem það getur til að vinna. Bíllinn er frábær og sigurinn í fyrra er gott merki um samstöðuna í liðinu,“ sagði Alonso, ríkjandi heimsmeistari.

Næsta keppni er í Japan um næstu helgi og ljóst er þar verður hart barist en Schumacher og Alonso eru jafnir að stigum þegar tvær keppnir eru eftir. - dsd


Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn:

NÝ HUGSUN Í GEÐHEILBRIGÐISMÁLUM

Ráðstefna 10. október 2006 kl. 8-16 á Grand hóteli Reykjavík

Lýðheilsustöð í samvinnu við Landlæknisembættið, Landspítala – háskólasjúkrahús, Heilsugæsluna í Reykjavík og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík, stendur fyrir ráðstefnu á alþjóða geðheilbrigðisdeginum sem í ár ber yfirskriftina:

*Vaxandi vitund – aukin von. Saman eflum við geðheilsu og drögum úr sjálfsvígum.*

Á undanförnum árum hefur gagnrýni á hefðbundna meðferð geðröskunar aukist. Þessi gagnrýni beinist annars vegar að of mikilli áherslu á lyfjagjöf í meðferð og hins vegar að of lítilli áherslu á þætti, sem auðvelda fólki með geðröskun að lifa svokölluðu eðlilegu lífi í samfélaginu. Tímabært er að opna þessar umræður og leiða fram gagnstæð sjónarmið, vega þau og meta.

Opnun ráðstefnu: Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Ávarp: Eydís K. Sveinbjarnardóttir, svíðsstjóri á geðsviði LSH,

Fyrirlesarar: Héðinn Unnsteinsson, sérfræðingur WHO EURO, Halldóra Ólafsdóttir, geðlæknir, Halldór Júlíusson, sálfræðingur, Elín Ebba Ásmundsdóttir, iðjuþjálfi, Ellý Þorsteinsdóttir, félagsráðgjafi, Guðný Anna Arnþórsdóttir, geðhjúkrunarfræðingur, Elísabet Jökulsdóttir, fulltrúi notenda, Erna Indriðadóttir, fulltrúi aðstandenda, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, alþingismaður, Jón Kristjánsson, alþingismaður og fyrrverandi ráðherra.

Pallborðsumræður: Stjórnandi Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar og ÖBÍ.

Lokaorð: Kristófer Þorleifsson, formaður Geðlæknafélags Íslands.

Ráðstefnuslit: Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar.

Ráðstefnustjóri: Egill Helgason



Þátttakendur skrái sig á ráðstefnuna fyrir 8. október 2006 á vef Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is, eða í síma 5 800 900. Einnig verður skráning við innganginn.

Ráðstefnugjald 3000 kr. og 1500 kr. fyrir námsmenn og öryrkja.

LÝÐHEILSUSTÖÐ Landlæknisembættið LANDSPÍTALI HEILSUGÆSLAN SSR




**HART BARIST** HK rúllaði yfir Stjörnuna á miðvikudaginn en þessi lið mætast í bikarnum síðar í þessum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dregið í SS-bikar karla og kvenna í handbolta:

## HK og Stjarnan mætast bæði hjá konum og körlum

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í 32 liða úrslit hjá körlum og 16 liða úrslit hjá konum í SS-bikarkeppninni í handbolta. Framarar sitja hjá í fyrstu umferðinni hjá körlunum en Haukar, Valur, ÍBV og Stjarnan 2 sitja hjá í fyrstu umferðinni hjá konunum. Stórleikur umferðarinnar hjá körlunum er án efa leikur HK og Stjörnunnar en þessi lið mættust í deildinni á miðvikudaginn og þar valtaði HK yfir Stjörnuna. Þessi félög mætast einnig í kvennaflokki en sá leikur er á heimavelli Stjörnunnar. Leikirnir fara fram 17. og 18. október hjá körlunum en 24. og 25. hjá konunum.

Leikur Stjörnunnar og HK á miðvikudaginn í DHL-deild karla náði aldrei að verða spennandi og Stjörnumenn vilja eflaust koma fram hefndum í bikarleiknum. Patrekur Jóhannesson lét m.a. stór orð falla eftir leikinn.

Aðrar athyglisverðar viðureignir í karlaflokki má nefna leik Hauka gegn Haukum 2 en það er ekki á hverjum degi sem aðallið félags mætir varaliðinu. Hjá konunum verður stórleikur á Seltjarnarnesi þar sem Grótta tekur á móti Fram. Grótta hefur unnið alla sína leiki til þessa í deildinni og Fram hefur komið skemmtilega á óvart og sigraði m.a. Hauka í síðustu umferð. - dsd

### SS-BIKARINN

*32. liða úrslit karla*

| |
|---|
| ÍBV - GRÓTTA |
| FH 2 - NJARÐVÍK |
| ÍR 2 - VÍKINGUR/FJÖLNIR |
| HAUKAR 2 - HAUKAR |
| AFTURELDING - FYLKIR |
| ÞRÓTTUR VOGUM - LEIKNIR |
| SELFOSS - AKUREYRI |
| HK 2 - VALUR |
| LEIKNIR 2 - VALUR 2 |
| KR - HAUKAR U |
| FYLKIR 2 - ÍR |
| SELFOSS 2 - STJARNAN 2 |
| AFTURELDING 2 - HÖTTUR |
| KV - FH |
| HK - STJARNAN |

* Fram situr hjá í þessari umferð.

*16. liða úrslit kvenna*

| |
|---|
| STJARNAN - HK |
| HAUKAR 2 - FJÖLNIR |
| GRÓTTA - FRAM |
| FH - AKUREYRI |

* **Haukar, Valur, ÍBV og Stjarnan 2** sitja hjá í þessari umferð.



**CHRISTIANSEN** Hér í leik gegn Val fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Christian Christiansen:

## Áfram í Árbænum næsta árið

**FÓTBOLTI** Danski sóknarmaðurinn Christian Christiansen hefur skrifað undir nýjan eins árs samning við Fylki sem hann hefur leikið með undanfarin tvö ár. Hörður Antonsson, formaður meistaraflokksráðs Fylkis, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Þetta eru góðar fréttir fyrir Fylki enda erum við ánægðir með hann,“ sagði Hörður.

Peter Gravesen á eitt ár eftir af samningi sínum með Fylki og verður að óbreyttu áfram í Árbænum. - esá

Körfuboltalið Njarðvíkur:

## Beljanski til liðs við Njarðvík

**FÓTBOLTI Serbneski miðherjinn Igor Beljanski er genginn í raðir Íslandsmeistara Njarðvíkur, en Beljanski lék með Snæfelli síðasta vetur. Beljanski lék 21 leik fyrir Snæfell á síðasta tímabili, skoraði 17 stig og tók 10 fráköst að meðaltali í leik.**

**Beljanski verður löglegur með Njarðvík 4. nóvember og mun líklega leika sinn fyrsta leik fyrir félagið gegn sínum gömlu félögum í Snæfell 5. nóvember.** - dsd

Peter Crouch segir ímynd sína breytta hjá ensku þjóðinni:

# Fólk hrósar mér úti á götu

**FÓTBOLTI** Peter Crouch segir að mörk hans fyrir enska landsliðið á árinu hafi breytt ímynd sinni hjá ensku þjóðinni. Á árinu til þessa hefur hann skorað ellefu mörk og verður vitanlega í byrjunarliði Englands gegn Makedóníu á Old Trafford á morgun.

Stuðningsmenn enska landsliðsins púuðu á Crouch í fyrstu landsleikjum hans og voru ósáttir að þessi 201 cm hái sóknarmaður skyldi yfirhöfuð hafa verið valinn í enska landsliðið. Margir stuðningsmenn Liverpool voru einnig furðu lostnir þegar Rafael Benitez keypti kappann frá Southampton á sínum tíma fyrir sjö milljónir punda.

Crouch hefur þó staðið af sér alla þessa gagnrýni og svarað henni inni á vellinum. „Fólk hefur séð meira til mín og séð að ég kann að spila ágætlega. Hér áður fyrr dæmdi fólk mig án þess að hafa séð mig spila,“ sagði Crouch á blaðamannafundi enska landsliðsins í gær. „Fólk sem ég hitti úti á götu hrósar mér mikið og ég virðist hafa náð að snúa fólki á mitt band.“

Hann skoraði ekki í sínum fyrstu átján leikjum með Liverpool en síðan hann fór frá Southampton hefur hann skorað 27 mörk í 48 leikjum fyrir félag sitt og landslið. Hann segir að með því að spila með stórliði eins og Liverpool fái hann tækifæri til að sýna sig og sanna, bæði í deild og Meistaradeildinni, sem og með enska landsliðinu.

„Mér hefur gengið þokkalega og vonandi heldur það áfram á sömu braut. Stundum finnst mér eins og ég þurfi að gera meira en aðrir til að sanna mig en ég verð bara að búa við það. Svo lengi sem ég held áfram að skora mörk hefur fólk varla efni á því að gagnrýna mig.“

Crouch vann sér inn mörg prik hjá ensku þjóðinni fyrir HM í sumar er hann fagnaði mörkum sínum með enska landsliðinu með því að taka hið svokallaða „vélmennadansspor“. Vakti hann mikla kátínu meðal Englendinga en hefur þó lagt „fagnið“ góða á hilluna. - esá



**201 CM** Hann er hávaxinn, hann Peter Crouch. NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikmenn Coritiba í Brasilíu:

## Slógust við stuðningsmenn

**FÓTBOLTI** Leikmenn og stuðningsmenn brasilíska liðsins Coritiba lentu í slagsmálum á miðvikudaginn eftir að stuðningsmenn liðsins ákváðu að taka á móti leikmönnum liðsins á flugvellinum eftir tapleik á útivelli. Um fimmtíu stuðningsmenn voru mættir á flugvöllinn til að sýna liðinu í tvo heimana. Sjónarvottar segja að nokkrir leikmenn og öryggisverðir liðsins hafi skipst á höggum við stuðningsmennina auk þess sem aðskotahlutum var kastað á milli hópanna.

Coritiba hefur fordæmt hegðun stuðningsmannanna. „Stuðningsmenn okkar hafa fullan rétt á því að gagnrýna okkur á friðsamlegan hátt en við getum ekki sætt okkur við ofbeldisfulla hegðun í því sambandi,“ sagði talsmaður félagsins sem er í sjötta sæti 2. deildarinnar í Brasilíu. - dsd

Heimir Hallgrímsson:

## Vill halda áfram með ÍBV

**FÓTBOLTI Heimir Hallgrímsson hefur áhuga á því að halda áfram þjálfun ÍBV sem í haust féll í 1. deild. Það staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær. Heimir tók við af Guðlaugi Baldurssyni um mitt tímabil en tókst ekki að afstýra falli.**

**Heimir hefur átt í viðræðum við stjórn knattspyrnudeildar ÍBV undanfarna daga og býst við því að málið verði klárað fyrir helgina. Hann vildi þó ekkert segja um hvort hann yrði áfram í starfi eða ekki.** - esá



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„I got Madonna's big dick comin' outta my left ear, and Toby the Jap... I don't know what comin' outta my right."**

Svar: Mr. White (Harvey Keitel) úr myndinni Reservoir Dogs frá 1992.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON FÆR ENDURNÝJAÐA TRÚ Á RÚV

# *Öruggt upplýsingastreymi*

Ríkisútvarpið er stofnun og því undrast margir að það skuli brjótast um eins og ölvað bjarndýr á barnaskólalóð á fjölmiðlamarkaði. Þetta brölt kemur fyrst og fremst spánskt fyrir sjónir þar sem reynslan hefur sýnt að það fer fyrirtækjum iðulega betur en stofnananbáknum að reka fjölmiðla.

Sjálfum finnst mér þeir sem hamast mest gegn RÚV fara offari og horfa til dæmis fram hjá því mikla öryggi sem fólgið er í því að hafa heila ríkisstofnun á öldum ljósvakans.

Sjónvarpið minnti með áþreifanlegum hætti á öryggishlutverk sitt með beinni sjónvarpsútsendingu frá stefnuræðu forsætisráðherra og umræðum um hana í vikunni.



**UMRÆÐUR Á ALÞINGI** Mikilvægt og vanmetið sjónvarpsefni sem fólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara.

Engin sjónvarpsstöð sem er rekin samkvæmt lögmálum markaðarins myndi leggja dagskrá sína undir jafn samfélagslega mikilvægan dagskrárlið og ég get því þakkað RÚV það að nú veit ég upp á hár hvar ég stend gagnvart nýjum forsætisráðherra, nýjum formanni Framsóknarflokksins og stjórnarandstöðunni.

Það er mikilvægt fyrir þjóðaröryggi að þegnarnir séu upplýstir og þar stendur RÚV vaktina með sóma. Það kom mér þó óþægilega á óvart þegar ég mætti til vinnu daginn eftir útsendinguna og ætlaði að ræða landsins gagn og nauðsynjar, matarverð og varnarmál, við vinnufélaga mína þá komu allir af fjöllum og enginn hafði horft á þetta.

Ég hef nú ekki nennt að fletta því upp hvað aðrar sjónvarpsstöðvar buðu upp á á meðan þingheimur fór yfir mál sem varða okkur öll en leyfi mér að efast um að frjálsu stöðvarnar hafi með góðu móti trompað RÚV þetta kvöldið.



▶ 20.10 *Tónleikar*

MANSTU GAMLA DAGA?



▶ 20.05 *gaman*

THE SIMPSONS



▶ 23.00 *Drama*

SMALLVILLE



▶ 21.50 *Spenna*

LAW AND ORDER



▶ 19.50 *Motorsport*

HM Í SÚPERCROSS

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Snillingarnir (4:18)

**18.30 Ungar ofurhetjur (24:26)** (Teen Titans II)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.10 Manstu gamla daga?** Eivör Pálsdóttir og Ragnheiður Gröndal syngja lög íslenskra höfunda í útsetningum Hrafnkels Orra Egilssonar á tónleikum sem haldnir voru í Háskólabíói í apríl. Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur undir stjórn Benjamins Pope.
**21.20 Montalbano lögreglufulltrúi – Rödd fiðlunnar** (Il Commissario Montalbano: La voce del violino)Ítölsk sakamálamynd frá 1999 byggð á sögu eftir Andrea Camilleri um Montalbano lögreglufulltrúa á Sikiley sem hér reynir að upplýsa snúið mál.

**23.05** Á hálum ís (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **1.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok **4.50** Formúla 1

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (105:145) **10.20** The Comeback (1:13) **10.50** Það var lagið **12.00** Hádegisfréttir

**12.40** Neighbours **13.05** Í fínu formi 2005 **13.20** Home Improvement (20:28) **13.45** My Sweet Fat Valentina **15.15** Extreme Makeover: Home Edition (11:25) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.05** Engie Benjy **17.15** Simpsons **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður .**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **20.05 The Simpsons (16:22)** (Simpsons-fjölskyldan) (16:22).
**20.30 Freddie (3:22)** (Halloween) (4:22)
**20.55 Balls of Steel (3:7)** (Fífldirfska) Ótrúlega frískir og fjörlegir skemmtiþættir þar sem allt gengur út á fífldirfskuna. Bönnuð börnum.
**21.30 Entourage (6:14)** (Viðhengi) (6:14) Félagarnir eru orðnir óþægilega blankir og þurfa að grípa til nokkurra óþægilegra örþrifaráða. Ari samþykkir að leika í erlendri auglýsingu og Turtle tekur þátt í tölvuleikjamóti. Bönnuð börnum.
**22.00 Garage Days** (Bílskúrsdagar)

**23.40** Gangs of New York (Stranglega bönnuð börnum) **2.20** Killing Me Softly (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Balls of Steel (3:7) (Bönnuð börnum) **4.40** The Simpsons **5.00** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.00** Entertainment Tonight (e)
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Rock School 1 (e)**
**20.00 Wildfire** Hin 18 ára Kris Furillo er vandræðaunglingur sem fær annað tækifæri í lífinu. Eftir að hafa verið á vandræðaheimili fyrir unglinga fær hún vinnu á búgarði hjá Ritter fjölskyldunni eftir að hæfileikar hennar með hesta koma fram.
**21.00 8th and Ocean (e)**
**21.30 The Newlyweds (e)** Þriðja serían af hjónakornunum fyrrverandi og sambandi þeirra.
**22.00 Blowin/ Up (e)** Grínistinn
**22.30 South Park (e)**

**23.00** Chappelle/s Show (e) ▶ **23.30** Smallville (e) **0.15** X-Files (e) **1.00** Hell's Kitchen (e) **1.50** Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Sigtið (e)

**15.00** The King of Queens (e) **15.30** Queer Eye for the Straight Guy (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 Everybody Hates Chris (e)**
**20.10 Trailer Park Boys .**
**20.35 Parental Control – NÝTT!** Kærasti hinnar 19 ára gömlu Karenar er skuggalegur, húðflúraður náungi að nafni Mitch. Foreldrar hennar eru ekki ánægðir með gæjann svo þau ákveða tvö stefnumót fyrir hana. Mamman velur plötusnúðinn Jim og pabbinn velur John sem er í miklu dálæti hjá honum því þeir hafa sama áhugamál, að veiða.
**21.00 The Biggest Loser** Fitubollurnar berjast enn við mittismálið og nú eru liðin kynjaskipt.
▶ **21.50 Law & Order: Criminal Intent**
**22.40 C.S.I: Miami (e)**

**23.35** Conviction (e) **0.25** C.S.I: New York (e) **1.15** Beverly Hills 90210 (e) **2.00** Melrose Place (e) **2.45** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.15** Óstöðvandi tónlist

### SÝN
*besta sætið*

**18.30 US PGA í nærmynd** (US
**18.55 Gillette Sportpakkinn**
**19.25 Íþróttahetjur** Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt. Skák, skylmingar og borðtennis eru aðeins nokkrar íþróttagreinar sem koma við sögu.
▶ **19.50 HM í Súpercross GP**
**20.45 Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur**
**21.15 KF Nörd (6:15)** Allsherjar útlitsbreytingar verða gerðar á strákunum enda er nauðsynlegt að knattspyrnumenn líti vel út. Strákarnir verða teknir í gegn af fagfólki á öllum sviðum tískunnar.
**22.00 Heimsmótaröðin í Póker** (Aruba Poker Classic)

**23.30** Pro bull riding

### SKJÁR SPORT

**7.00** Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt (e) (e) **14.00** Sheff. Utd.- Middlesbrough (e) Frá 30.09 **16.00** Tottenham – Portsmouth (e) Frá 01.10 **18.00** Upphitun
**18.30 Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt**
**19.30 Ítölsku mörkin (e)**
**20.30 Charlton – Arsenal (e) Frá 30.09**
**22.30 Bolton – Liverpool (e) Frá 30.09**
**0.30** Dagskrárlok

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**17.00** Nýtt í vikunni **18.00** Spánareignir
**19.00 Fjölbýli og hæðir (e)**
**20.00 Nýtt í vikunni**
**21.00 Einbýlishús**
**22.00 Fjölbýli og hæðir**
**23.00** Nýtt í vikunni (e) **0.00** SMS eignir

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **14.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **15.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **16.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **17.00** Sexiest Celebrity Hook-Ups **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Hip Hop Wives THS **20.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Naked Wild On **22.30** Naked Wild On **23.00** Sexiest Supermodels **0.00** Hip Hop Wives THS **1.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **2.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion!

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15.


RENAULT

Vertu á öruggasta bílnum*
Vertu á flottum bíl
Veldu Renault

Með bílinn handa þér

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalán
kr. 20.961 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is



Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, álfelgur

**Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.**

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**STÖÐ 2 KL. 20.30**
### Freddie



Í kvöld er þriðji hátturinn um kvensama meistarakokkinn sem Freddie Prinze Jr. leikur. Freddie er nýkominn úr sambandi og hlakkar til þess að lifa piparsveinalífinu til hins ýtrasta. Örlögin haga því svo að Freddie neyðist til að leyfa systur sinni, mágkonu, þrettán ára frænku og ömmu að flytja til sín en líf hans breytist óneitanlega við það. Það getur verið erfitt að vera ungur leitandi maður með fullt hús af kvenfólki. Í þættinum í kvöld reynir Freddie að vera svali frændinn þegar hann býður Zoey frænku sinni á gleðimyndina Rocky Horror Picture Show. En bíóferðin fer öðruvísi en á horfði þegar Zoey ákveður að bjóða vinum sínum líka með og besta vini Freddies, Chris, sem mætir á svæðið í klæðskiptingsfötum.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 9 | 4 | |
| | | | | 4 | | 2 | | 7 |
| | | | 9 | | | 5 | | 1 |
| 4 | | | | | 3 | | 6 | |
| | | 8 | | | | 3 | | |
| | 9 | | 7 | | | | | 5 |
| 9 | | 5 | | | 7 | | | |
| 1 | | 7 | | 8 | | | | |
| | 4 | 3 | | 6 | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 7 | 6 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 7 | 9 | 3 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 2 |
| 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 | 1 | 9 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 9 | 4 | 5 | 2 | 1 | 3 | 7 | 8 | 6 |
| 2 | 5 | 4 | 1 | 9 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 1 | 7 | 3 | 2 | 6 | 4 | 9 | 5 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 |



▶ 22.00

*Spenna*

ASSAULT ON PRECINCT 13

## 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Foyle's War 3 (Bönnuð börnum) **8.00** Lísa litla á fína hótelinu **10.00** Juwanna Mann

**12.00** MEDICINE MAN (e) **14.00** Lísa litla á fína hótelinu **16.00** Juwanna Mann **18.00** MEDICINE MAN (e)

**20.00** **Foyle's War 3** (Stríðsvöllur Foyle's 3) Sakamálamynd. Christopher Foyle er rannsóknarlögreglumaður í Hastings á Suður-Englandi í seinni heimsstyrjöldinni. Hann vildi ólmur ganga í herinn en yfirmenn hans settu honum stólinn fyrir dyrnar. Það er kannski eins gott því enginn er eins snjall við úrlausn sakamála og hinn þrautseigi Foyle.

▶ **22.00** **Assault On Precinct 13**

**0.00** Dream Lover (e) **2.00** Open Range (Bönnuð börnum) **4.15** Assault On Precinct 13 (Stranglega bönnuð börnum)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn

**19.00** Lög unga fólksins **19.30** Af bókmenntum ársins 1956 **20.10** Okkar strákur í Króatíu **21.05** Út um víðan völl: Brúðkaupsferð **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **22.10** Næturvaktin **2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




# Góðæri er öllum í hag

Sumir rugla saman þenslu og góðæri. En góðæri er ekki vertíð og hagfræðilögmálin eru ekki algild. Við hjá SPV trúum því að samtímis sé hægt að slá á þenslu og viðhalda góðæri. Góðæri er góð tíð sem birtist meðal annars í því að almenningur geti viðhaldið verðmætum sínum og aukið við þau. Hvort sem það er heilsan, heimilið, sumarbústaðurinn, bíllinn eða tölvan og allt sem henni fylgir. Rýrnun verðmæta er engum í hag. Komdu í SPV í dag.

- Við lánum svo þú getir aukið verðmæti eigna þinna.
- Það er góð hagfræði.
- Góðæri er góð tíð. Framlengjum góðærið saman.

Komdu til okkar í SPV.

spv

**Vertu með SPV og ánægðustu viðskiptavinunum**
Borgartúni 18 – Síðumúla 1 – Hraunbæ 119 – www.spv.is
Þjónustuver, sími 575 4100 – Skiptiborð, sími 575 4000

1.sæti í Ánægjuvoginni sjöunda árið í röð!

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

HRÓSIÐ ...



*...fær Ingunn Snædal fyrir að hafa hlotið ljóðabókarverðlaun Tómasar Guðmundssonar en verðlaunin fékk hún fyrir handritið Guðlausir menn – Hugleiðingar um jökulvatn og ást.*

# Allir í startholunum fyrir Slóð fiðrildanna

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu fyrir nokkru frestuðust tökur á stórmyndinni A Journey Home vegna handritavandamála en myndin er byggð á skáldsögu Ólafs Jóhanns Ólafssonar. Þær sögur gengu fjöllum hærra að aðalleikkona myndarinnar, Óskarsverðlaunahafinn Jennifer Connelly, væri ósátt við handritið en það segir Kristinn Þórðarson hjá Saga Film, sem framleiðir myndina, vera fjarri sanni. „Því er hins vegar ekki að neita að það þurfti að vinna aðeins í handritinu og laga ákveðna hluti,“ útskýrir Kristinn. „Connelly setti ekki fram neinar athugasemdir en það voru skiptar skoðanir á milli leikstjórans Liv Ullmann og framleiðenda myndarinnar. Hins vegar voru allir sammála um að vinna aðeins betur í handritinu og því var ákveðið að vera ekki að ana neinu,“ bætir Kristinn við. Upphaflega skrifaði Ólafur Jóhann handrit að myndinni en síðan tók Liv Ullmann við því og er handritið því nokkurs konar samstarfsverkefni þeirra á milli.

Samkvæmt upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir tökur hæfust nú í október en þeim hefur verið frestað fram á næsta ár. Ástæðan fyrir þessari miklu töf er ákaflega einföld að sögn Kristins en A Journey Home gerist að sumri til og því var ekki hægt að fara í tökur nú þegar vetur konungur er á næsta leiti. „Við bíðum bara í startholunum og förum aftur af stað í mars eða apríl og byrjum að ráða til okkar leikara í önnur hlutverk,“ segir Kristinn en eins og kunnugt er mun eiginmaður Connelly, breski gæðaleikarinn Paul Bettany, leika á móti spúsu sinni. - fgg



**LIV ULLMANN** Leikstýrir A Journey Home en Saga Film er einn framleiðenda myndarinnar.



**ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON** Skrifaði uppkast að handriti sem leikstjórinn Liv Ullmann tók síðan við. Aðstandendur myndarinnar vildu ekki taka neina áhættu og var myndinni frestað um hálft ár.



**JENNIFER CONNELLY** Leikur á móti eiginmanni sínum í kvikmyndinni A Journey Home sem verður að hluta til tekin upp á Íslandi.



**LÁRÉTT**
**2** þó **6** tveir eins **8** magur **9** traust **11** peninga **12** heiti **14** liðamót **16** tveir eins **17** regla **18** for **20** frá **21** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1** fjör **3** rykkorn **4** skordýr **5** viður **7** pirraður **10** erlendis **13** svelgur **15** glufa **16** þunnur vökvi **19** holskrúfa.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2** samt, **6** úú, **8** rýr, **9** trú, **11** fé, **12** titil, **14** liður, **16** ll, **17** agi, **18** aur, **20** af, **21** próf.
**LÓÐRÉTT:** **1** fútt, **3** ar, **4** mýfluga, **5** tré, **7** úrillur, **10** útt, **13** iða, **15** rifa, **16** lap, **19** ró.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. George Bush Bandaríkjaforseti.
2. Take That.
3. 11-5 fyrir FH.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparinn **Halldór Halldórsson, Dóri DNA,** gerði stuttan stans á tímaritaútgáfunni Birtingi í vikunni. Dóri hafði ráðið sig í vinnu sem blaðamaður og var falið að skrifa í vikuritið Séð og heyrt. Hann hóf störf á mánudaginn en síðdegis sama dag sagði hann upp störfum. Mun barnabarn nóbelsskáldsins **Halldórs Laxness** ekki hafa verið hrifið af því að skrifa fréttir af hjónaskilnuðum og ástamálum frægra fólksins.



KRISTJÁN ÞORVALDSSON: STENDUR Á TÍMAMÓTUM

# Verður faðir á ný

Fjölmiðlamaðurinn góðkunni Kristján Þorvaldsson verður bráðum stoltur faðir á ný eftir 23 ára hlé ef svo má að orði komast. Kristján er sem kunnugt er pabbi leikarans Þorvaldar Davíðs. Barnsmóðirin heitir Árdís Sigurðardóttir og á hún von á sér um miðjan nóvember en hún starfar sem blaðafulltrúi hjá breska sendiráðinu og er þetta hennar fyrsta barn.

Þegar Fréttablaðið hafði uppi á Kristjáni sat hann í makindum á skrifstofu sinni hjá hinu nýja útgáfufélagi Birtingi þar sem hann ritstýrir Mannlífi, tímariti sem Kristján þekkir nokkuð vel enda starfaði hann þar í tvö ár áður en hann skipti yfir á Séð og heyrt. „Mér líst bara vel á þetta,“ svaraði Kristján þegar hann var inntur eftir því hvernig honum litist á að verða pabbi aftur. Mikil frjósemi er hjá starfsmönnum Birtings því ekki er langt síðan yfirritstjórinn Mikael Torfason eignaðist sitt þriðja barn, strákinn Jóel Torfa, með konu sinni Maríu Unu.

Kristján sagðist vera ánægður með að vera kominn aftur í hringiðu fjölmiðlanna en hann hætti sem kunnugt er hjá Séð og heyrt í mars síðastliðnum eftir tíu ára starf og kom það mörgum í opna skjöldu. Fróði gaf þá tímaritið út en mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. Fróði hefur verið tekinn til gjaldþrotaskipta og nýtt útgáfufélag verið stofnað með Sigurð G. Guðjónsson fremstan í flokki. „Já, það var virkilega gott að snúa aftur. Ég var kominn að ákveðnum endapunkti hjá Séð og heyrt, fór í þriggja mánaða leyfi og sneri aftur endurnærður,“ sagði Kristján. „Þetta er ekki sama fyrirtækið og ég vann hjá undir það síðasta. Hér eru metnaðarfullir eigendur, breytt vinnubrögð og það er horft til framtíðar.“

freyrgigja@frettabladid.is



**PABBI Á NÝ** Kristján Þorvaldsson á von á nýjum erfingja um miðjan nóvember.



**ÁRDÍS SIGURÐARDÓTTIR** Starfar sem blaðafulltrúi hjá breska sendiráðinu.



**MIKAEL TORFASON** Frjósemin er allsráðandi hjá hinu nýja útgáfufélagi Birtingi en Mikael eignaðist sem kunnugt er nýjan erfingja fyrir skömmu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Slúðursíðan Orðið á götunni hefur farið mikinn við að spá fyrir um hverjir ætli að bjóða sig fram í næstu alþingiskosningum. Á síðunni í gær voru tveir landskunnir menn orðaðir við framboð, þeir eru vissulega þekktir fyrir afskipti sín af stjórnmálum en hafa jafnframt getið sér gott orð fyrir hljómborðsleik. Þetta eru þeir **Guðmundur Steingrímsson,** hljómborðsleikari Ske, og **Jakob Frímann Magnússon** sem gegnir sömu stöðu hjá Stuðmönnum. Þeir félagar eiga ýmislegt annað sameiginlegt því þeir eru báðir sagðir ætla bjóða sig fram í Suðvesturkjördæmi, eru báðir búsettir í Reykjavík og hafa báðir sterk tengsl við Hafnarfjörð. Jakob bjó þar um stundarsakir en kærasta Guðmundar, leikkonan **Alexía Björg Jóhannesdóttir,** er rótgróinn Hafnfirðingur.



Íslenskir íþróttafréttamenn lentu í hremmingum í gær á leið sinni til móts við íslenska knattspyrnulandsliðið í Lettlandi. **Hörður Magnússon** og kollegar hans nokkrir tóku daginn eldsnemma, vöknuðu um fjögurleytið að morgni og brunuðu út í Leifsstöð. Þegar þar var komið kom hins vegar í ljós bilun í vél Iceland Express sem átti að flytja þá til Kaupmannahafnar, en þaðan átti að fljúga með SAS til Riga. Hörður og félagar þurftu því að dúsa á Keflavíkurflugvelli í meira en ellefu tíma í gærdag.

-fgg/hdm



# Úr Rottweiler í Chihuahua

Sést hefur til Erps Eyvindarsonar, sem oft er kenndur við Rottweiler hundana, á rölti um götur borgarinnar með chihuahua-hund upp á arminn. Sá orðstír fer af rottweiler-hundum að þeir séu einna grimmastir hunda og árásargjarnir með eindæmum. Chihuahuahundarnir hafa hins vegar unnið sér það helst til frægðar að fara vel í kvenmannsveski. Þegar Fréttablaðið spurði Erp út í viðbrigðin sagðist hann bara vera helgarpabbi tíkarinnar sem ber nafnið Mía.

„Kærastan mín á hana og ég gekk henni bara í föðurstað. Þetta er ekta lítill latínóhundur frá Mexíkó sem rífur kjaft við allt og alla, líka miklu stærri hunda. Hún er samt allt annað en hugrökk ef eitthvað gerist,“ sagði Erpur, og bætti því við að heimahagar Míu virðist vera henni í fersku minni. „Hún étur bókstaflega allt. Allt sem maður missir á gólfið líka, alveg eins og hún sé ennþá á götunni í einhverju ógeðslegu, mexíkósku slömmi,“ sagði Erpur. „Þetta er æðislegur hundur,“ bætti hann við og sagðist hafa fulla trú á því að hún væri jafn skemmtileg sem Rottweiler.

Erpur segir Míu hafa marga kosti fram yfir rottweilerhundana. „Það er til dæmis miklu betra að eiga chihuahua þegar maður þarf að þrífa skítinn eftir hann. Það er ekkert smá sem kemur úr rottweilerunum,“ sagði Erpur, en honum finnst einnig þægilegt að ferðast með dýrið.

Mía gefur öðrum kjölturökkum ekkert eftir hvað varðar hundatískuna. „Hún á fullt af grimmum göllum og fær mikið gefins,“ sagði Erpur. Þetta er margt mjög fyndið, hún á til dæmis ADIDOG íþróttagalla, sem er einhver stæling á adidas-merkinu. Ég hef ekki keypt neitt á hana sjálfur nema mexíkanahatt sem hún vill ekki vera með.“

Erpur stundar nú nám í Margmiðlunarskólanum, en hann sagðist vera að skrifa og semja á fullu samhliða náminu. „Ég er alltaf að gera eitthvað, svo kemur bara í ljós í hvaða birtingarformi þetta verður seinna, hvort það verður tónlist eða eitthvað allt annað.“ Hann segist ekki verða var við að honum og Míu sé veitt sérstök eftirtekt á förnum vegi. „Það eru helst stelpur sem eru líka með litla hunda sem stoppa okkur og vilja spjalla. Ég veit samt um nokkra stráka sem eiga chihuahua,“ sagði Erpur. „Þó það verði að viðurkennast að þeir eru fæstir á sama stað og ég hvað varðar kynhneigð,“ bætti hann við. - sun



**ERPUR OG MÍA** Erpur hefur heitið því að gefa Míu aldrei áfengi, en fyrsta chihuahua-hundinn sem Erpur kynntist fyllti hann þar til hundurinn stóð á haus. FRETTABLAÐIÐ/TEITUR


Komin í verslanir
DVD viðburður ársins!
HUGH JACKMAN
HALLE BERRY
THE LAST STAND
2-DISC SPECIAL EDITION
2.499*
* Pepsi Max og Lays snakkpoki fylgja með, á meðan birgðir endast.
Glæsileg 2-diska útgáfa með þremur mismunandi endum og fullt af aukaefni!
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**

ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR


## *Vitlausar og horaðar*

Ný og sjóðandi heit tíska ku nú vera orðin ríkjandi meðal ungra kvenna í Bandaríkjunum. Svo stór er bólan orðin að spjallþáttadrottningin Oprah sá ástæðu til að fjalla um æðið í sjónvarpsþætti fyrir skömmu til að greina út á hvað málið gengur.

**TÍSKAN** er einföld og aðgengileg, sem út af fyrir sig er kostur. Konur spila sig vitlausar til að virðast fyrir vikið kynþokkafyllri í augum karlmanna. Því það ku vera sexí að vera stjúpid. Í sjálfu sér er fagnaðarefni að nú sé komið trend sem allar konur geta tekið þátt í, ólíkt því þegar minipilsin, lífshættulegir háir hælar, lítil brjóst eða stór brjóst eða aðrir óhagstæðir dyntir voru ríkjandi.

**EINHVERJIR** hafa að vísu talið ástæðu til að hafa áhyggjur af því að þessi tíska sé niðrandi fyrir konur. En nýja æðið gerir ekki síður lítið úr karlpeningnum – sérstaklega ef þeir elta tískuna og vilja konur sem þykjast vita og skilja minna en þær raunverulega gera. Á sama tíma eru svo einhver tískuhús að boða þá stefnu að tískufyrirsætur eigi að líta út eins og venjulegar konur. Og vilja ekki sjá annað en konur sem vega 55 kíló.

**SENNILEGA** eru það bara hörðustu tískulöggur sem leggja það á sig að skipta út makanum til að fá sér nýjan og vitlausari. Mæta svo stoltir á sýningar og opnanir með nýju fylgihlutina, konur sem sitja gapandi af þokka samkvæmt ströngustu reglum tískunnar. Og kannski munu einhverjir ólánsamir menn líta tilbaka eftir nokkur ár, súrir og svekktir þegar þeir átta sig á því að heimskuhjal er leiðinlegt til lengdar – eða skyldu einhverjir verða fyrir vonbrigðum þegar konurnar, sem þeir kvæntust í góðri trú um að væru æðislega vitlausar, nenna þessu ekki lengur og fara að svara fyrir sig?

**HEIMSKUTRENDIÐ** er allsráðandi hjá Kananum ef marka má Oprah. Tískan virðist að vísu ekki bara höfða til ungra kvenna, æðstu menn þar hafa tileinkað sér æðið. Kannski er það draumsýn að normal fólk verði einhvern tímann sérlega móðins. En það væri hins vegar tvímælalaust breyting til batnaðar ef það yrði bara álitið normal að konur séu vaxnar eins og konur og hagi sér eins og konur, eins byltingarkennt og það kann nú að hljóma.


MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**



www.volkswagen.is






Volkswagen kann þá list að sameina ósamrýmanlega kosti. Volkswagen Polo er gott dæmi, nettur og lipur en á sama tíma sterkur og traustur. Þannig nýtist hann fullkomlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður, í borgarumferðinni og á vegum úti, hvað sem á dynur. **Vetrardekk fylgja öllum nýjum Polo-bílum í október.**

**Kostar aðeins 15.535 kr. á mánuði**

M.v. 30% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar til 84 mánaða. Verð frá 1.490.000 kr.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is